skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Útfarir

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
19. október 2011
244. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

Semja í San Francisco
Gamalt efni með pönksveitinni Q4U gefið út á vínyl vestanhafs.
fólk 34

Skrítnir fuglar
Hjálmar Árnason er formaður nýstofnaðs félagsskapar, Fuglar á Suðurnesjum.
tímamót 16

Frábært tímabil
Sara Björk Gunnarsdóttir hefur átt mikilli velgengni að fagna á árinu.
sport 30

veðrið í dag



HÆGUR VINDUR á landinu í dag og þurrt að mestu en gengur í suðaustanátt með vætu suðvestan til síðdegis. Hægt hlýnandi veður.
VEÐUR 4

Biðlisti í fangelsi styttist með aukinni samfélagsþjónustu

Fækka má um 100 á biðlista eftir afplánun með nýjum lögum um fullnustu refsinga. 368 eru á listanum. Unnið er að því að efla samfélagsþjónustu í stað fangelsisrefsingar. Rafrænt eftirlit mun stytta fangelsisvist.

FANGELSISMÁL Alls bíða 368 eftir afplánun refsivistar, samkvæmt upplýsingum sem fram komu á fundi allsherjar- og menntamálanefnd með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra í gær. Ráðherra segir að með því að fara eftir lögum sem Alþingi samþykkti um fullnustu refsingu sé hægt að fækka um 100 á biðlistanum.

Alþingi samþykkti í september að víkka út heimildir til samfélagsþjónustu í stað refsivistar. Áður var hægt að beita þeim úrræðum gagnvart þeim sem höfðu hlotið sex mánaða dóm eða minna, en nú miðast það við eins árs dóm.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir að lagabreytingin sé meiri háttar skref í fangelsismálum landsins. Með aukinni samfélagsþjónustu og rafrænu eftirliti til fullnustu refsingar sé Ísland komið framarlega í málaflokknum, miðað við nágrannalöndin.

Þegar er unnið að því hjá Fangelsismálastofnun að taka á móti þeim sem munu gegna samfélagsþjónustu. Rafrænt eftirlit gæti tekið meiri tíma og verið kostnaðarsamara, að sögn Pálsdóttur.

Ögmundur sagði á fundi allsherjar- og menntamálanefndar í gær að hann vildi skoða frekari möguleika á annars konar refsingum en fangelsisvist. „Ég er þeirrar skoðunar að í fangelsi eigi aðeins að sitja þeir sem eru samfélaginu hættulegir.“

Ögmundur segir tilkostnaðinn við samfélagsþjónustu einhvern, en ekkert í líkingu við kostnaðarsama sólarhringsgæslu með fullu fæði. „Þá er þetta miklu manneskjulegri og uppbyggilegri leið.“

Páll segir að efling þessa úrræðis sé samfélagslega mikilvæg. Eftir standi að tvö ónýt fangelsi séu enn notuð og úr því verði að bæta.

Ráðherra upplýsti á nefndarfundinum að kostnaður við uppbyggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði kæmi fram í annarri umræðu fjárlaga. Frumhönnun fangelsisins liggi fyrir.

kolbeinn@frettabladid.is

Kattholt, kirkjan og Rauði krossinn

Samfélagsþjónusta hefur verið notuð sem úrræði síðan 1996. Endurkomutíðni, það er þeir sem dæmdir eru aftur til refsingar eftir afplánun, er aðeins um 16 prósent þegar kemur að samfélagsþjónustu, en 24 prósent almennt hjá föngum.

Sem dæmi um verkefni sem falla undir samfélagsþjónustu má nefna hjálparstarf kirkjunnar, Kattholt, íþróttafélög og Rauða kross Íslands.

HVERGI ÓHULTIR Nýstofnuð neðanjarðarhreyfing sendi vændiskaupendum skýr skilaboð í Iðnó í gær; falist þeir eftir slíkri þjónustu gætu þeir lent í neti Stóru systur og nöfn þeirra í kjölfarið verið opinberuð lögreglu og jafnvel almenningi. Konurnar krefjast úrbóta í mansals- og vændismálum á Íslandi. **Sjá síðu 6**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ný íslensk snjóbrettalína:

Nikita veldi í örum vexti

VIÐSKIPTI Nikita hefur hannað og látið framleiða eigin snjóbrettalínu sem kemur á markað í Evrópu, Asíu og Ameríku með haustinu 2012. Mikilvægum áfanga er náð segir Aðalheiður Birgisdóttir, einn eigenda og stofnenda fyrirtækisins.

AÐALHEIÐUR BIRGISDÓTTIR

„Við erum ekki lengur nýja fyrirtækið frá Íslandi heldur höfum við fest okkur í sessi, “ segir Aðalheiður, sem segir mikilvægt að koma kúnnunum stöðugt á óvart. Nikita er nú með starfsemi í fjórum löndum og selur vörur í 1.500 verslunum um allan heim.

- rve / sjá Allt í miðju blaðsins

Dvergar í væntanlegri kvikmynd eftir sögu Tolkiens ferðast á íslenskum hestum:

Íslenski hesturinn í Hobbitanum

FÓLK Íslenskir hestar munu leika stórt hlutverk í kvikmyndinni Hobbitanum í leikstjórn Peters Jackson. Tökur á myndinni fara fram á Nýja-Sjálandi um þessar mundir. Hestarnir eru reiðskjótar dverganna í myndinni.

„Útlit íslenska hestsins, sem safnar þykkum vetrarfeldi yfir vetrarmánuðina, var eitt af því sem vakti áhuga kvikmyndagerðarmannanna,“ segir Cali Madincea hjá New Line Cinema sem framleiðir myndina. „Annar mikilvægur þáttur við íslenska hestinn er þrek hans og styrkur enda getur hann borið fullorðið fólk sem vegur allt að 120 kílóum,“ segir hann og bætir við að

> Annar mikilvægur þáttur við íslenska hestinn er þrek hans og styrkur.
>
> **CALI MADINCEA**
> KVIKMYNDAFRAMLEIÐANDI

töltið hafi einnig heillað. „Þessi mjúka gangtegund skilar þeim hratt áfram, sem hjálpar leikurunum í fullum herklæðum að halda í við Gandálf sem ríður á stórum hesti.“

Áætlað er að fyrri hluti kvikmyndarinnar verði frumsýndur í desember á næsta ári.

- sg / sjá Allt í miðju blaðsins

ÍSLENSKUR HESTUR Útlit, styrkur og gangtegund íslenska hestsins heillaði kvikmyndagerðarmenn Hobbitans.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SPURNING DAGSINS

Tinna, voru náttúruöflin komin í hlutverk hrekkjusvínanna?

„Já. það vantaði ekki hrekkina í Gamla bíó þetta kvöld.“

Tinna Hrafnsdóttir leikur í sýningunni Hrekkjusvínum, en eldingu laust niður í Gamla bíó og truflaði sýninguna á föstudag.

Mennirnir sem rændu úrsmiðinn Frank Michelsen voru enn ófundnir í gærkvöldi:

Býður eina milljón í fundarlaun

LÖGREGLUMÁL Þrír menn sem rændu verslun úrsmiðsins Franks Michelsen á Laugavegi á mánudag voru enn ófundnir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

Frank hefur heitið einni milljón króna til handa hverjum þeim sem getur gefið upplýsingar sem leiða til þess að málið upplýsist og ránsfengurinn, fjöldi fokdýrra armbandsúra, skili sér.

Lögreglan sendi fjölmiðlum í gær myndir af manni sem talinn er geta verið einn ræningjanna. Myndin var tekin í námunda við ránsstaðinn en nokkru fyrir ránið. Maðurinn á myndinni ber sams konar bakpoka og ræningjarnir munu hafa sett ránsfenginn í.

Ránið á mánudagsmorgun var þaulskipulagt. Mennirnir huldu andlit sín og notuðust við þrjá stolna bíla. Ránið tók ekki nema um eina mínútu. - sh

VEISTU HVER ÞETTA ER? Lögregla leitar þessa manns og telur að hann geti verið einn ræningjanna þriggja.

Fertugur maður í Danmörku:

Grunaður um 28 kynferðisbrot

DANMÖRK Fertugur maður er í haldi lögreglu grunaður um kynferðisbrot gegn níu börnum, þar á meðal eigin dóttur. Maðurinn á yfir höfði sér 28 ákærur.

Brot mannsins eru talin ná yfir 23 ára tímabil, frá árinu 1987 til ársins 2010. Hann bjó á nokkrum stöðum í Danmörku á þessum tíma og er grunaður um að hafa brotið gegn börnum á öllum stöðunum.

Maðurinn hefur verið í gæsluvarðhaldi frá því í október í fyrra, en réttað verður yfir honum í lok mánaðarins. - þeb

PERLAN Hitaveitutankarnir sex sem Perlan er byggð á verða áfram í eigu Orkuveitunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Hæsta boð kynnt fljótlega:

Sex kauptilboð bárust í Perluna

VIÐSKIPTI Sex kauptilboð höfðu borist í Perluna þegar tilboðsfrestur rann út klukkan sex í gær. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Að því er segir í tilkynningunni eru tilboðin ólík að gerð og uppbyggingu. Þau verða metin á næstu dögum með tilliti til fyrirvara og skilmála sem í þeim kunna að vera.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, sagði í samtali við Vísi í gærkvöldi að tilkynnt yrði um besta tilboðið í vikulok eða snemma í næstu viku. - sh

Samþykkt borgarstjórnar:

Höfði opnaður almenningi

MENNING Höfði við Borgartún verður hafður almenningi til sýnis með reglubundnum hætti. Borgarstjórn samþykkti þetta samhljóða í gær, en tillagan var sett fram af borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins.

Í samþykkt borgarráðs segir að útbúið verði efni, miðað við þarfir ferðamanna, með upplýsingum um sögu hússins þar sem hlutverki þess í fundi leiðtoga Bandaríkjanna og Sovétríkjanna 1986 verði meðal annars gerð góð skil. Sérstök áhersla verður lögð á að vernda húsið og láta það halda svipmóti sínu og virðuleika þrátt fyrir aukna notkun. - sv

Hráki í gervigrasinu sýkir sár íþróttafólks

Gervigrasið í íþróttahúsinu Boganum á Akureyri hefur ekki verið sótthreinsað eða þrifið nægilega vel árum saman. Börn og fullorðnir fá sýkingar í sár eftir byltur í grasinu. Ástæðan fyrir sýkingunni er að iðkendur hrækja í grasið.

HOLLUSTUVERND Mörg dæmi eru um að íþróttaiðkendur hafi fengið sýkingar í sár eftir að hafa dottið í gervigrasið í íþróttahúsinu Boganum á Akureyri. Ástæðan liggur í því að gervigrasið hefur ekki verið sótthreinsað eða þrifið frá því að húsið var opnað fyrir átta árum. Nú hefur verið brugðist við vandanum í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Sigfús Ólafur Helgason, formaður íþróttafélagsins Þórs og umsjónarmaður í Boganum, benti á þetta vandamál í viðtali við N4 Sjónvarp á mánudagskvöld.

„Jú, þetta er rétt. Það er staðreynd að grasið hefur ekkert verið þrifið. Fyrstu árin var húsið ekki upphitað, og þá bar ekki á neinu, en nú eru kjöraðstæður fyrir allskonar óáran til að lifa í grasinu. Það er ekki að undra þegar hráki, blóð og sviti blandast saman í grasinu yfir langan tíma,“ segir Sigfús.

Töluvert hefur borið á sýkingum í sárum sem iðkendur íþrótta í húsinu fá eftir byltur á gervigrasinu. Sigfús segir það athugunarleysi að grípa ekki inn í strax. „Menn gátu sagt sér þetta sjálfir. Það þarf auðvitað að þrífa þessi hús eins og önnur íþróttamannvirki. Þetta kemur inn á borð hjá okkur eftir prufur sem heilbrigðiseftirlitið gerir,“ segir Sigfús, sem bendir á að uppfylla þurfi kröfur um heilbrigði og hollustuhætti í íþróttahúsum þar sem er gervigras eins og í öðrum íþróttamannvirkjum.

Sigfús segir að sýkingavaldar í grasinu séu ekkert skemmtiefni og verði raktir til umgengni við húsið. „Menn hrækja í grasið eins og ekkert sé sjálfsagðara og þangað er upprunans að leita.“

ÍÞRÓTTAHÚSIÐ BOGINN Auk þess sem sýkingarhætta er vandamál er mikið svifryk í húsinu, sem einnig verður rakið til þess að grasið hefur ekki verið þrifið. MYND/SÆVAR GEIR SIGURJÓNSSON

86 þúsund iðkendur og gestir á ári

Íþróttahúsið Boginn, sem stendur við Skarðshlíð á Akureyri, var tekið í notkun árið 2003 en þar fara fram kappleikir, mót og æfingar í knattspyrnu, frjálsum íþróttum og golfi allan ársins hring. Knattspyrnuleikir í húsinu eru um 260 á hverju ári. Iðkendur og aðrir gestir eru um 86 þúsund á ári, segir á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Sigfús telur að vandinn sem kominn er upp í Boganum sé ekkert einsdæmi. Á landinu séu mörg íþróttahús af svipaðri gerð og aðstæður og umgengni þar sé í engu frábrugðin því sem er á Akureyri.

Alfreð Schiöth, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, segir að ekki séu til reglugerðir um þrif í fjölnota íþróttahúsum og á gervigrasi. Hins vegar séu íþróttahúsin á ábyrgð eigenda sinna; í nær öllum tilvikum sveitarfélaganna.

Spurður um hve oft þurfi að þrífa gervigras, og þá sérstaklega með tilliti til sýkingahættu, segir Alfreð erfitt sé að meta slíkt. Hins vegar mætti nota það sem þumalputtareglu að stór hreinsun væri gerð einu sinni til tvisvar á ári. „Síðan kæmu til minni þrif eftir þörfum, enda notkun þessara húsa mismunandi.“

svavar@frettabladid.is

Fjórir menn réðust á einn:

Í lífshættu eftir hrottalega árás

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók í gær og fyrradag fjóra menn sem grunaðir eru um að hafa gengið svo í skrokk á manni að hann var í lífshættu eftir misþyrmingarnar.

Árásin átti sér stað á sunnudagskvöld í iðnaðarhúsnæði í austurborginni, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Ekki var ljóst um tildrög hennar að öðru leyti en því að eitthvert ósætti mun hafa verið.

Maðurinn sem fyrir árásinni varð var fluttur á spítala og lagður inn á gjörgæslu með innvortis blæðingar.

Árásarmennirnir eru milli tvítugs og þrítugs og fórnarlambið á sama reki. Þeir fyrrnefndu hafa allir komið við sögu lögreglu áður. - jss

Baugsmál í Héraðsdómi:

Stefán segist bera ábyrgðina

DÓMSMÁL Stefán Hilmarsson, sem var endurskoðandi fyrir fjárfestingarfélagið Gaum og Baug þegar félögin voru stofnuð, segist hafa séð um skattskýrslugerð fyrir Jón Ásgeir Jóhannesson persónulega allt fram til ársins 2003. Stefán sagði fyrir dómi í gær að Jón Ásgeir hefði ekki sjálfur skipt sér af persónulegu skattframtali sínu, en látið í té nauðsynlegar upplýsingar.

Í málinu, sem nú er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, eru Jón Ásgeir og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baugs, meðal annars sakaðir um að hafa ekki talið fram til skatts tekjur sem þeir höfðu í formi hlunninda. Stefán og Anna Þórðardóttir endurskoðandi, sem sá um skattframtal fyrir Tryggva, sögðust bera ábyrgð á því að líftryggingariðgjöld hefðu ekki verið talin fram sem hlunnindi. - jhh

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina

Á þaki heimsins

Sýnd í Odda 101, 20. okt. kl. 18:00

Hádegisfyrirlestur Ingjalds Hannibalssonar

Viðskipti Íslands og Kína - fjárfestingar Kína erlendis

Lögberg 102, 21. okt. kl. 13:20

Nánar á viðburðaskrá www.hi.is

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

Innanríkisráðherra segir að Ríkislögreglustjóri hafi ekki brotið lög við innkaup:

Viðbrögð frá Ríkisendurskoðun í dag

STJÓRNSÝSLA Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, segir ríkislögreglustjóra hafa farið að lögum í innkaupum sínum. Þessa niðurstöðu kunngerði ráðherra í gær, eftir að ráðuneyti hans hafði fjallað um ábendingar Ríkisendurskoðunar um innkaup löggæslustofnana. Í þeim ábendingum taldi ríkisendurskoðandi meðal annars að ríkislögreglustjóri hefði átt að bjóða út kaup fyrir 12,6 milljónir króna og leita verðtilboða fyrir um sjö milljónir króna.

Innanríkisráðuneytið kallaði eftir greinargerð frá Ríkislögreglustjóra í framhaldi af ábendingum Ríkisendurskoðunar.

Að sögn Sveins Arasonar ríkisendurskoðanda kallaði ráðuneytið ekki eftir gögnum frá Ríkisendurskoðun umfram þær ábendingar sem stofnunin birti varðandi innkaupin. Sveinn sagði í samtali við Fréttablaðið síðdegis í gær að bréf innanríkisráðherra og athugasemdir frá embætti ríkislögreglustjóra hefðu ekki borist stofnuninni fyrr en eftir hádegi [í gær.] Í þeim gögnum kæmu fram sjónarmið og áherslur sem stofnuninni hefðu ekki áður verið kynntar. Farið yrði yfir þessi gögn og stofnunin myndi tjá sig efnislega um málið í dag.

Innanríkisráðherra hefur falið ríkislögreglustjóra í samvinnu við lögregluembættin og Ríkiskaup að leggja fram tillögur að umbótum í innkaupum á búnaði og tækjum til lögreglunnar. Enn fremur er unnið á vegum ríkislögreglustjóra að gerð reglna um aukastörf lögreglumanna í framhaldi af ábendingum ríkisendurskoðanda þar að lútandi. - jss

ÖGMUNDUR JÓNASSON Innanríkisráðherra birti niðurstöðu ráðuneytis síns í innkaupamálinu í gær.

Það er stutt yfir í **MP banka**

Borgartún 26

MP BANKI ◄ (350 metrar)

Taktu sjálfstæða ákvörðun um bankaviðskipti fyrirtækisins. Það er auðvelt að skipta yfir í MP banka – við sjáum um að flytja viðskiptin fyrir þig.

Ef fyrirtækið þitt skiptir um banka, þá viltu ekki láta einhvern annan velja hann fyrir þig. MP banki er góður valkostur þar sem yfir 90% viðskiptavina bankans eru ánægðir með þjónustuna og langflestir mæla með bankanum við vini og ættingja.

Við bjóðum minni og meðalstórum fyrirtækjum sérhæfða bankaþjónustu og hagstæð vaxtakjör. Stuttar boðleiðir tryggja hraða og persónulega þjónustu. MP banki er eini viðskiptabanki landsins sem hefur verið endur-fjármagnaður án aðkomu ríkisins.

Verið velkomin í viðskipti

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

GENGIÐ 18.10.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,69	116,25
Sterlingspund	182,12	183,00
Evra	158,46	159,34
Dönsk króna	21,279	21,403
Norsk króna	20,499	20,619
Sænsk króna	17,308	17,410
Japanskt jen	1,5086	1,5174
SDR	181,79	182,87

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,8527

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hópur kvenna í neðanjarðarhreyfingunni Stóru systur krefst úrbóta:

Fletta ofan af kaupendum vændis

SAMFÉLAGSMÁL Neðanjarðarhreyfingin Stóra systir hefur afhent lögreglu lista yfir 56 nöfn, 117 símanúmer og 29 netföng manna sem fullyrt er að hafi falast eftir vændi í gegnum auglýsingar í Fréttablaðinu og vefjunum Einkamálum og Rauða torginu.

Þetta kom fram á fundi sem hreyfingin hélt með fjölmiðlafólki í gær. Nokkrir tugir dulbúinna kvenna kynntu þar aðgerðaáætlun sína og kröfur og skilaboðin til vændiskaupenda voru skýr: „Stóra systir fylgist með þér.“

Á fundinum léku konurnar upptöku af símtali karls við konu sem hann taldi vera vændiskonu og lásu upp samtöl karla við konur sem þeir töldu að væru sumar hverjar mjög ungar að árum. Eitt þeirra var á milli stúlku sem kvaðst vera fimmtán ára og manns sem sagður var 48 ára deildarstjóri hjá opinberri stofnun.

Konurnar sögðu íslenska löggjöf á sviði vændis- og mansalsmála til fyrirmyndar en hún hefði ekki dugað til að útrýma meinsemdinni. Þær lásu upp lista yfir kröfur sínar, sem voru meðal annarra þær að vefsíðunni Einkamálum yrði lokað, að rannsókn mansals- og vændismála yrði undir sérhæfðu teymi sem fengist ekki við önnur sakamál og að stjórnvöld stæðu fyrir fræðsluherferð sem beindist að kaupendum vændis og kláms.

Hópi manna sem falast hafa eftir vændi var boðið á fundinn í Iðnó í gær undir því yfirskini að þar væri verið að opna módelskrifstofu. Ekki er vitað hvort einhver mætti.

- sh



FYLGST MEÐ Hópurinn hafði boðið hugsanlegum vændiskaupendum á fundinn. Ekki er vitað hvort þeir létu glepjast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GEISLAR Danskir flugmenn hafa margoft verið truflaðir með laser-ljósum að undanförnu. NORDICPHOTOS/AFP

Laser-plága í Danmörku:

Flugöryggi oft stefnt í hættu

DANMÖRK Mikið hefur verið um það undanfarið að danskir flugmenn séu truflaðir með sterkum laser-ljósum af jörðu niðri. Samkvæmt frétt danska ríkisútvarpsins DR voru 22 slík atvik tilkynnt í síðasta mánuði.

„Laser-ljós eru vaxandi vandamál í flugöryggi,“ sagði Thorbjørn Ancker, talsmaður samgönguyfirvalda í Danmörku, við DR. „Það er hætta á að slík truflun geti leitt til flugslyss.“

Flugmálayfirvöld hafa hafið átak með lögreglu til að uppræta vandamálið og er meðal annars mælst til þess að refsivert verði að hafa slík ljós undir höndum.

- þj

LEIÐRÉTT

1.730 íslenskir ríkisborgarar fluttu úr landi á þriðja fjórðungi ársins en ekki 690 eins og sagði í upphafi fréttar í blaðinu í gær. Fjöldi brottfluttra Íslendinga umfram aðflutta var hins vegar 690.

Arion innheimtir ekki lengur fyrir Kaupþing

Ágreiningur um virði eigna leiddi til þess að 80% af virðisaukningu 40 stærstu lána Arion hafa runnið til gamla Kaupþings. Samið um lokauppgjör í sumar. Nafnverð lánanna er 850 milljarðar króna. Mörg lán voru færð til Arion á núlli.

VIÐSKIPTI Arion banki hefur gert upp skuldabréf við gamla Kaupþing sem í fólst að 80 prósent af virðisaukningu margra af stærstu eignum bankans runnu til þrotabús Kaupþings. Samkomulag um uppgjörið var undirritað í sumar. Það þýðir að Arion banki mun ekki þurfa að gefa frá sér þorra þeirrar virðisaukningar sem verður á virði eigna bankans framar. Þetta staðfestir Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka.

Þegar samið var um að kröfuhafar Kaupþings eignuðust 87 prósent í Arion banka var ágreiningur um virði margra þeirra lána sem færð voru yfir til nýja bankans eftir bankahrun. Kröfuhafarnir vildu meina að þau hefðu verið færð yfir langt undir raunvirði. Því samdist um að Kaupþing myndi fá 80 prósent af aukinni innheimtu 40 stærstu lánanna sem flutt voru yfir í Arion banka þar til að sú innheimta myndi skila þrotabúinu 38,3 milljörðum króna. Arion banki fékk síðan 20 prósent af allri viðbótarinnheimtu. Á meðal þeirra lána sem tilheyrðu þessu samkomulagi var meðal annars um 55 milljarða króna lán til 1998 ehf., sem átti verslunarrisann Haga. Arion hefur nú selt hluta af þeirri eign.

Nafnverð þessara 40 lána sem voru afmörkuð með þessum hætti var 850 milljarðar króna. Bókfært verð þeirra var um 225 milljarðar króna um síðustu áramót. Lánin voru því færð yfir í Arion banka með gríðarlega miklum afföllum og mörg þeirra voru meira að segja metin á núlli. Frá því að samkomulagið var gert hefur virði umræddra lána aukist um 22,5 milljarða króna. Rúmlega 18 milljarðar króna af þeirri virðisaukningu hafa runnið til gamla Kaupþings en um 4,5 milljarðar króna hafa orðið eftir inni í Arion banka.

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, segir samkomulagið hafa einfaldað allt hjá bankanum. „Með því er búið að eyða ákveðinni óvissu úr efnahagsreikningnum, sem gerir okkur mun auðveldara að fjalla um hann gagnvart mögulegum lánveitendum og fjárfestum. Við gerð samkomulagsins fluttust líka ákveðnar eignir á milli Arion og Kaupþings. Allri óvissu er nú eytt, þannig að gamli bankinn getur ekki lengur gert tilkall til stórs hluta okkar erfiðis.“

Eignirnar sem færast á milli eru bæði innlendar og erlendar. Meðal annars fara eignarhaldsfélög, sem eru í raun gjaldþrota en eiga gjaldeyrisskiptasamninga sem óvissa ríkir um uppgjör á, frá Arion yfir til gamla bankans. Þá var reynt að straumlínulaga kúnnahópa beggja bankanna þannig að hver viðskiptavinur væri með öll sín mál hjá öðrum hvorum, ekki báðum. Þannig er mun auðveldara að framkvæma uppgjör við viðkomandi aðila.

thordur@frettabladid.is

ÓVISSU EYTT Höskuldur Ólafsson segir gamla Kaupþing ekki lengur geta gert tilkall til stórs hluta erfiðis Arion banka.

> Allri óvissu er nú eytt, þannig að gamli bankinn getur ekki lengur gert tilkall til stórs hluta okkar erfiðis.
>
> **HÖSKULDUR ÓLAFSSON**
> BANKASTJÓRI ARION BANKA

Norðurál í startholunum:

Gerðardómi frestað á ný

IÐNAÐUR **Gerðardómi í deilum Norðuráls og HS orku hefur verið frestað fram í miðjan næsta mánuð. Deilan snýst um verð á orku frá fyrirtækinu, en fyrirtækin hafa tekist á fyrir gerðardómi í Svíþjóð.**

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir að fyrirtækið sé klárt í uppbyggingu álvers í Helguvík að gerðardómi föllnum. Nokkuð hefur verið rætt um ágæti jarðvarmaorku til álversframleiðslu, í ljósi ákvörðunar Alcoa um að hætta við álver á Bakka. Ragnar segir álver Norðuráls á Grundartanga að stærstum hluta rekið á jarðvarma og sé sönnun þess að slíkt gangi, í góðri samvinnu allra aðila.

- kóp

RAGNAR GUÐMUNDSSON

Vogar á Vatnsleysuströnd:

Bæjarstjóra sagt upp störfum

VOGAR Eirnýju Valsdóttur, bæjarstjóra Voga á Vatnsleysuströnd, hefur verið sagt upp störfum og Anna Hulda Friðriksdóttir skrifstofustjóri hefur tekið við störfum um tímasakir. Þetta segir í tilkynningu frá bæjarfélaginu.

Umskipti urðu í bæjarstjórn Voga á dögunum þegar meirihluti E-lista og H-lista sprakk vegna ágreinings um línulagnir gegnum sveitarfélagið. E-listi hóf samstarf við L-lista í framhaldinu.

Auglýst verður eftir nýjum bæjarstjóra innan skamms, en í tilkynningunni eru Eirnýju þökkuð vel unnin störf fyrir Voga.

- þj

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

SUNNANÁTT OG SKÚRIR Það gengur í suðaustanátt síðdegis um suðvestanvert landið síðdegis í dag og má búast við vætu þar í kvöld. Það hlýnar smám saman í veðri en má búast við vægu frosti norðaustan til og inn til landsins.



HEIMURINN

Alicante	25°
Basel	11°
Berlín	11°
Billund	10°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	25°
London	11°
Mallorca	24°
New York	18°
Orlando	27°
Ósló	9°
París	14°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

E&Co.

Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar. Opið alla daga frá 10 til 19. Geysir Skólavörðustíg 16, sími 555 6310 og Geysir Haukadal, sími 555 6311. **Greitt fyrir dýrari sokkana. Á meðan birgðir endast.*

KJÖRKASSINN

Telur þú rétt að ráðast í gerð vegganga undir Vaðlaheiði?

Já 34%

Nei 66%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ert þú ánægð(ur) með ákvörðun Alcoa um að hætta við álver á Bakka?

Segðu skoðun þína á visir.is. VÍSIR

Forseti Íslands setti harkalega ofan í við Jóhönnu Sigurðardóttur í bréfi í fyrra:

Óskiljanleg afskipti forsætisráðherra

STJÓRNÝSLA Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sakaði Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í fyrra um rakalausa tilraun til íhlutunar í málefni sín. Þessi orð lét hann falla í bréfi sem birt var í gær samkvæmt niðurstöðu úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Bréfið var svar við bréfi frá Jóhönnu, þar sem hún óskaði eftir viðhorfum forsetans til ábendinga sem komu fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þess efnis að forsetaembættið ætti að setja sér siðareglur.

Forsetinn segir í bréfi sínu að bréf forsætisráðherra eigi sér engin fordæmi og séu ekki í samræmi við stjórnskipan lýðveldisins, enda heyri forsetinn ekki undir forsætisráðuneytið og það hafi ekki boðvald yfir honum.

Þá segir hann óskiljanlegt hvers vegna ráðuneytið hafi afskipti af málum með þessum hætti. „Vera kann að þessi afskipti eigi rætur í þeirri tilhneigingu forystumanna ríkisstjórna sem áberandi hefur verið á undanförnum árum og áratugum og mjög hefur verið til umfjöllunar frá hruni bankanna, að fara út fyrir eðlileg valdmörk sín," segir enn fremur.

Forsetaembættið hefur ekki sett sér siðareglur. - sh

ÓÁNÆGÐUR „Með kærum kveðjum, Ólafur Ragnar Grímsson," er handskrifað undir harðort bréfið.

Stórfelld líkamsárás fyrir dóm:

Höfuðkúpubrot eftir hnefahögg

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið ákærður fyrir að kýla annan mann í andlitið fyrir framan veitingastaðinn Monte Carlo í Reykjavík aðfaranótt 2. janúar 2011.

Sá sem sleginn var féll aftur fyrir sig og skall með hnakkann í jörðina. Hlaut hann þreifieymsli yfir höfði, skurð hægra megin á aftanverðu höfði, innanbastsblæðingu hægra megin á heila og höfuðkúpubrot. Fórnarlambið krefur árásarmanninn um rúmlega 7,7 milljónir króna í skaða- og miskabætur. - jss

Brottvísunarmál vekur athygli:

Svíar fresta því að vísa 91 árs konu úr landi

SVÍÞJÓÐ Yfirvöld í Svíþjóð frestuðu því á síðustu stundu í gær að senda 91 árs gamla úkraínska konu úr landi. Ákvörðunin var tekin eftir að Mannréttindadómstóll Evrópu ákvað að taka mál konunnar fyrir.

Mál konunnar hefur vakið athygli í Svíþjóð. Henni var neitað um landvistarleyfi í landinu, þar sem hún á afkomendur, og átti að vísa henni aftur til Úkraínu þar sem hún á enga ættingja lengur. Konan er með Alzheimer, er sjónskert og hjartveik. Vegna ástands hennar var ákvörðuninni um brottvísun mótmælt harðlega. Hún fær nú að dvelja í Svíþjóð þar til dómstóllinn hefur úrskurðað í málinu. - þeb

Nýr framkvæmdastjóri:

Sigríður ráðin til Seðlabanka

STJÓRNSÝSLA Sigríður Benediktsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika hjá Seðlabanka Íslands, sem er nýtt svið innan bankans.

SIGRÍÐUR BENEDIKTSDÓTTIR

Sigríður hefur frá árinu 2007 starfað sem kennari og aðstoðarmaður deildarforseta við hagfræðideild Yale-háskóla í Bandaríkjunum en Sigríður lauk doktorsprófi frá sama skóla árið 2005. Samhliða kennslu hefur hún stundað rannsóknir á sviði fjármálahagfræði. Þá var Sigríður einn þriggja nefndarmanna í rannsóknarnefnd Alþingis. - mþl

Nær 500 fangar látnir í skiptum fyrir einn

Ísraelar létu 477 palestínska fanga lausa í gær í skiptum fyrir ísraelska hermanninn Gilad Shalit. Meira en 500 í viðbót verður sleppt innan tveggja mánaða. Shalit sýnir merki vannæringar eftir fimm ára fangavist á Gasasvæðinu.

ÍSRAEL Jafnt ísraelsk stjórnvöld sem leiðtogar Hamas hrósuðu sigri í gær þegar nærri 500 palestínskir fangar voru látnir lausir í skiptum fyrir ísraelska hermanninn Gilad Shalit.

Shalit virtist fölur og veikburða eftir að hafa verið í haldi Palestínumanna á Gasasvæðinu í meira en fimm ár. Að lokinni læknisskoðun fullyrti ísraelski herinn að hann sýndi merki vannæringar og langvarandi skorts á sólarljósi.

Noam Shalit, faðir hans, sagði hann þurfa á endurhæfingu að halda en vonast er til að hann nái sér og geti lifað eðlilegu lífi.

Shalit var fyrst fluttur yfir til Egyptalands frá Gasasvæðinu þar sem ísraelski herinn tók við honum. Eftir að hann var kominn til Ísraels hitti hann þarlenda ráðamenn sem færðu hann til fjölskyldu sinnar.

Benjamín Netanjahú forsætisráðherra sagðist hafa leyst af hendi það verkefni, sem hann taldi einna mikilvægast þegar hann tók við embætti fyrir tveimur og hálfu ári, sem var að fá Shalit lausan úr haldi Palestínumanna.

Palestínsku föngunum var ekki síður vel fagnað, bæði af ættingjum sínum og ráðamönnum Palestínumanna. Almenningur hélt út á götur bæði á Gasasvæðinu og Vesturbakkanum að fagna frelsi þeirra.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar í Ramallah á Vesturbakkanum, ávarpaði fangana og sagði fórn þeirra og baráttu ekki hafa verið til einskis: „Þið munuð sjá árangur fórna ykkar í sjálfstæðu Palestínuríki."

Palestínska fréttastofan Ma'an hafði eftir Abu Marzouq, einum af leiðtogum Hamas-samtakanna, að í samningaviðræðunum hefðu Ísraelar meðal annars fallist á að aflétta einangrun Gasasvæðisins, sem var hert verulega eftir að Shalit var hnepptur í gíslingu sumarið 2006. gudsteinn@frettabladid.is

LAUS ÚR PRÍSUND Ehud Barak varnarmálaráðherra og Benjamín Netanjahú forsætisráðherra ásamt hermanninum nýfrjálsa, Gilad Shalit, og föður hans, Noam Shalit. NORDICPHOTOS/AFP

Fimm ár í gíslingu Palestínumanna

Gilad Shalit var 19 ára gamall 25. júní árið 2006 þegar hópur herskárra Palestínumanna gerði árás á eftirlitsstöð ísraelska hersins skammt frá landamærum Gasasvæðisins. Tveir ísraelskir hermenn létu lífið en Shalit var tekinn höndum og fluttur yfir til Gasa, þar sem hann var í gíslingu allt til dagsins í gær.

Palestínumenn sögðust frá upphafi vilja láta Shalit lausan gegn því að Ísraelar slepptu palestínskum föngum í staðinn. Ísraelar neituðu fyrst að semja og gerðu næstu vikurnar fjölmargar árásir á Gasasvæðið. Óbeinar samningaviðræður hófust nokkru síðar fyrir milligöngu Egypta.

Hinn 11. október síðastliðinn tilkynntu bæði Hamas-samtökin, sem fara með stjórnina á Gasasvæðinu, og ísraelsk stjórnvöld að samkomulag hefði tekist. Í því fólst að 477 palestínskir fangar yrðu látnir lausir um leið og Shalit yrði látinn laus, en Ísraelar myndu sleppa 550 föngum í viðbót úr haldi innan tveggja mánaða.

Ísraelar halda engu að síður eftir fjölmörgum föngum, sem þeir telja hættulegasta. Hamas fékk ekki framgengt þeirri kröfu sinni að þessum föngum yrði líka sleppt. Ísraelar féllust hins vegar á að láta miklu fleiri fanga lausa en þeir höfðu áður gefið kost á.

Stjórnvöld sökuð um að hafa staðið í vegi fyrir Alcoa á Bakka:

Áform Alcoa sýtt og fagnað

ALÞINGI Stjórnarandstæðingar brugðust ókvæða við ummælum nokkurra stjórnarþingmanna á Alþingi í gær þess efnis að fagna bæri ákvörðun Alcoa um að falla frá álveri á Bakka. Ríkisstjórnin var sökuð um að hafa staðið í vegi fyrir uppbyggingu álversins og var hún rukkuð um efndir varðandi atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum.

Þeir Magnús Orri Schram og Mörður Árnason, þingmenn Samfylkingarinnar, sögðu að tíðindin mörkuðu þau tímamót að falast yrði eftir hæstu verði fyrir orkuauðlindir þjóðarinnar. Flokksbróðir þeirra, Sigmundur Ernir Rúnarsson, sagði að nýta ætti tækifærið til að efla fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu; ekki veitti af.

Bjarni Benediktsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki, sögðust harma málið og átöldu stjórnarliða fyrir að fagna niðurstöðunni. Bjarni sagði tjöldin vera fallin, aldrei hefði verið stuðningur hjá ríkisstjórninni við málið.

Birkir Jón Jónsson og Höskuldur Þórhallsson, þingmenn Framsóknarflokksins, sökuðu stjórnvöld um að hafa komið í veg fyrir að verkefnið yrði að veruleika. Höskuldur sagði Landsvirkjun aldrei hafa verið stjórnað jafn kröftuglega af stjórnvöldum og í dag. Orkan nyrðra hefði verið verðlögð margfalt dýrari en áður hefði viðgengist. - kóp

OF HÁTT VERÐ Höskuldur Þórhallsson sagði Landsvirkjun stjórnað af stjórnvöldum og orkan í Þingeyjarsýslum hefði verið verðlögð allt of hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Volkswagen Golf er til afhendingar strax

Volkswagen Golf Trendline - 122 hestöfl

Sjö þrepa sjálfskipting í Golf er ein af þeim tækninýjungum sem færa honum forskot á aðra bíla. Í Golf tvinnast saman hágæðahönnun, framúrskarandi aksturseiginleikar og nýstárleg tækni.

Volkswagen býður upp á fjölbreytt úrval vel búinna bíla á hagstæðu verði, sem eru fáanlegir í ýmsum útgáfum – allt frá bílum með sparneytnum dísil- og bensínvélum upp í kraftmikla GTI sportbíla. Komdu við hjá okkur og kynntu þér úrvalið og reynsluaktu einum slíkum.

Golf Trendline sjálfskiptur kostar aðeins frá

3.650.000 kr.

Aukabúnaður á mynd 18" álfelgur.

Das Auto.

HEKLA

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

Myndsímtöl á 0 kr. í dag!
Ef þú ert með GSM hjá Símanum hringir þú myndsímtöl innan kerfis Símans fyrir 0 kr. í dag. Magnaður miðvikudagur!
Síminn
Þú greiðir f. símanr. og aðra notkun skv. verðskrá á siminn.is

FJÖLMENNI Á MÁLÞINGI Í HÍ Fullt var út úr dyrum í Hátíðarsal HÍ þegar Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Dr. Marie Fortune og fleiri fyrirlesarar fluttu erindi um kynferðisbrot innan íslensku þjóðkirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Biskup mætti ekki á málþing um kirkjuna

Karl Sigurbjörnsson biskup kom ekki á málþing um kynferðislegt ofbeldi innan kirkjunnar sem haldið var í gær. Húsfyllir var á málþinginu, þar sem fjallað var um þöggun, ofbeldi og viðbrögð kirkjunnar við máli Guðrúnar Ebbu.

ÞJÓÐKIRKJAN Karl Sigurbjörnsson biskup mætti ekki á málþing sem haldið var í Háskóla Íslands í gær um kynferðislegt ofbeldi innan íslensku þjóðkirkjunnar.

Einn upplýsingafulltrúa Biskupsstofu, Árni Svanur Daníelsson, sagði biskup ekki vilja gefa kost á sér í viðtal. Hann gat ekki svarað fyrir það hvers vegna Karl mætti ekki á málþingið. Ekki var hægt að fá samband við biskup beint þegar Fréttablaðið talaði við Biskupsstofu, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í gær og undanfarna daga.

Þó að Karl hafi ekki verið viðstaddur málþingið hlýddu tugir presta og annarra fulltrúa kirkjunnar í salnum á erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur, dr. Marie Fortune, séra Sigfinns Þorleifssonar sjúkrahúsprests og fleiri fyrirlesara. Meðal viðstaddra voru Árni Svanur, Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður fagráðs þjóðkirkjunnar, Kristín Þórunn Tómasdóttir, Örn Bárður Jónsson, Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup, Pétur Hafstein, forseti kirkjuþings, og Sigríður Guðmarsdóttir.

Guðrún Ebba Ólafsdóttir hélt erindi á málþinginu þar sem hún ræddi um reynslu sína við ritun bókarinnar, það erfiða ferli sem hún hefur farið í gegnum eftir áralanga misnotkun af hendi föður síns og þá uppgötvun að hún þyrfti ekki að fyrirgefa föður sínum til að vinna úr sínum eigin sársauka.

Guðrún Ebba vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið að málþinginu loknu að öðru leyti en því að hún sagðist vera afar ánægð með daginn.

„Ég er í skýjunum," segir Guðrún Ebba.

Í dag heldur dr. Fortune námskeið á vegum kirkjunnar sem ber yfirskriftina „Kynferðisleg misnotkun og rétt viðbrögð í samhengi kirkju og þjóðfélaga". Námskeiðið hefst klukkan 8.30 í Háskóla Íslands. Stjórnandi námskeiðsins er Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður fagráðs kirkjunnar. Samkvæmt auglýstri dagskrá mun Karl Sigurbjörnsson biskup fara með bæn í byrjun námskeiðsins klukkan níu.

sunna@frettabladid.is

Biskup ákærður fyrir þöggun

ROBERT FINN

Dr. Fortune minntist á málþinginu á kaþólskan biskup í Kansas sem var ákærður síðastliðinn föstudag fyrir að hylma yfir presti í sókn sinni sem var með hundruð barnaklámsmynda á tölvu sinni. Biskupinn, Robert Finn, er sakaður um að hafa brugðist skyldu sinni gagnvart börnum.

Finn og samstarfsmenn hans innan kaþólsku kirkjunnar hafa lýst sig saklausa. Saksóknari á svæðinu segir í samtali við AP-fréttastofuna að biskupinn og aðrir undir hans stjórn hafi haft lagalega skyldu til að greina frá málinu. Myndirnar uppgötvuðust á tölvu prestsins í desember í fyrra en starfsmenn kirkjunnar biðu þar til í maí með að láta þær í hendur lögreglu. Verði Finn dæmdur, á hann yfir höfði sér allt að eins árs fangelsi og sekt að allt að þúsund Bandaríkjadölum, líkt og aðrir starfsmenn kirkjunnar sem vissu af myndunum.

Framtíðin er skýr

...stækkunarlampar, útiljós, breytiklær, flúrljós, ljósaperur, dyrabjöllur, vírar, kaplar, rafhlöður, spennubreytar, borðviftur, fjöltengi, framlengingarsnúrur, símavörur, raflagnaefni, verkfæri og minni heimilistæki.

Glóey – gerir lífið bjartara
Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is

HVAR LIGGJA MÖRKIN Í SKATTHEIMTU?
Áhrif á fólk og fyrirtæki

Föstudaginn 21.október efna Deloitte, Samtök fjárfesta, NASDAQ OMX Iceland (Kauphöllin) og Samtök atvinnulífsins til morgunverðarfundar um skattamál.

Frummælendur eru:
Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta
Páll Harðarson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland
Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, lögfræðingur hjá Arion banka
Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte
Fundarstjóri er **Benedikt Jóhannesson**, framkvæmdastjóri Talnakönnunar.

Fundurinn fer fram á Hótel Nordica (sal H-I á 2.hæð) kl. 8.30-10.00 og er öllum opinn.
Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á vef SA (www.sa.is)

Samtök fjárfesta · Deloitte. · NASDAQ OMX · SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

AFSLÁTTARDAGAR

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!

ROYAL OG CLASSIC
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

AFSLÁTTARDAGAR

Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir bankastjóri Arion banka?*
2. *Hvað heitir bandarískí presturinn sem heldur námskeið fyrir starfsfólk Þjóðkirkjunnar í dag?*
3. *Hvað kalla framsóknarmenn nýjar tillögur sínar í atvinnu- og efnahagsmálum?*

SVÖR:
1. Höskuldur H. Ólafsson 2. Dr. Marie M. Fortune 3. Plan B.

Sveinn H. Guðmarsson ræðir áhrif viðskiptaþvingana í aðdraganda Íraksstríðs:

Hagur íraskra barna versnaði

MENNING Síðasti fyrirlestur Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Forlagsins í tilefni af útkomu bókarinnar Ríkisfang: Ekkert eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur, verður í dag.

Sveinn H. Guðmarsson, fréttamaður á RÚV og fyrrverandi starfsmaður UNICEF í Jemen, mun ræða um aðdraganda innrásarinnar í Írak í mars 2003 og velta upp afleiðingum stríðsins, áhrifum þess á líf fólks í landinu og setja innrásina í sögulegt samhengi.

Sveinn ætlar að leggja áherslu á viðskiptaþvinganirnar, sem stóðu

SVEINN GUÐMARSSON

yfir á árunum 1991 til 2003, og skoða hvaða áhrif það hafði á hag barna í landinu.

„Þó að innrásin og hernámið í Írak hafi vissulega ekki haft jákvæð áhrif á hag fólks í landinu virðast börn hafa farið miklu verr út úr tímabili viðskiptaþvinganna. Þá hrundi þjóðarframleiðslan og allur innflutningur á nær öllu sem nota mátti til hernaðar var bannaður," segir Sveinn. „Og það er vægast sagt mjög sláandi að sjá hvernig barnadauði fór nær upp úr öllu valdi."

Sveinn útskýrir að á þessum rúmu 20 árum sem liðið hafa frá innrásinni í Kúvæt og fyrsta Íraksstríðinu standi Írak aftar öðrum þjóðum í Mið-Austurlöndum, til að mynda hvað varðar heilsu barna. „Áður en allt þetta hófst var Írak í hópi þróuðustu ríkja Mið-Austurlanda," segir hann.

Fundurinn verður í Odda 101 frá klukkan 12.25 til 13.20. - sv

Mælingar sýna uppsveiflu:

Leyfa rækjuveiði í djúpinu

SJÁVARÚTVEGUR Hafrannsóknastofnunin mælir með því að rækjuveiðar verði leyfðar á ný í Ísafjarðardjúpi. Ekki hefur verið veidd rækja þar frá árinu 2003.

Í Skjálfanda er talið að stofninn sé á uppleið þótt ekki sé tímabært að hefja þar veiðar. Í Arnarfirði er stofninn hins vegar á niðurleið og því leggur stofnunin til að ekki verði veitt þar.

Á öðrum svæðum voru litlar breytingar á stærð rækjustofna. Því er aðeins mælt með veiðum í Ísafjarðardjúpi. - þeb

Ekki ráðinn leikhússtjóri:

María ósátt við að hætta

MENNING Sigrún Björk Jakobsdóttir, stjórnarformaður Leikfélags Akureyrar, LA, telur að uppsögn Maríu Sigurðardóttur leikhússtjóra hafi verið gerð í fullri sátt við hana. María sendi frá sér yfirlýsingu til fjölmiðla í fyrradag þar sem fram kemur meðal annars að hún sé ósátt við að fá ekki að ljúka leikárinu. Þá segir hún að fjárhagsvandræðum leikfélagsins hafi verið haldið leyndum fyrir stjórn og leikhússtjóra, þó að útlit sé fyrir að þar sé um að kenna þekkingarskorti og reynsluleysi fremur en ásetningi.

MARÍA SIGURÐARDÓTTIR

SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR

Stjórn LA undirbýr nú ráðningu verkefnastjóra sem sinna á þeim verkefnum sem nauðsynleg eru í daglegum rekstri og verður sú staða auglýst á næstu dögum. Gangi viðræður við Akureyrarbæ sem skyldi verður staða leikhússtjóra auglýst um áramót. - sv

Algjört minnisleysi í dómsal

Saksóknari krefst átján mánaða fangelsis yfir tveimur mönnum sem ákærðir hafa verið fyrir vopnað rán og fangelsisvistar yfir konu sem ákærð er fyrir aðild að ráninu. Sakborningar mundu ekkert í dómsal í gær.

DÓMSMÁL Ákæruvaldið krefst átján mánaða fangelsis yfir tveimur síbrotamönnum, sem ákærðir eru fyrir vopnað rán. Mennirnir tilheyra svokölluðu Árnesgengi, en meðlimir þess voru ákærðir í sjötíu liðum eftir að hafa farið ránshendi um landið árið 2006. Þá er krafist sex til níu mánaða fangelsis yfir konu sem ákærð er fyrir hlutdeild í ráninu. Fólkið er ákært fyrir að færa mann nauðugan, með því að ógna honum með hnífum, á heimili hans og ræna þar tækjum og munum að verðmæti um tvær milljónir króna.

Aðalmeðferð málsins fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Annar mannanna mætti fyrir dóm svo og konan. Hinn mætti ekki. Fram kom að báðir mennirnir höfðu játað sök, en konan neitað.

Algert minnisleysi sakborninga var áberandi í dómsal í gær. Maðurinn mundi atburðarásina „rosalega óljóst". Tímabilið „var allt í þoku". Sakborningurinn kvaðst þó muna óljóst eftir fluguhnýtingarsetti, en það var meðal muna á þýfislistanum. Þá var hann „alveg viss um að það voru engir hnífar þarna," og mundi alls ekki eftir hlutdeild konunnar. Hann kvaðst hins vegar hafa heyrt því fleygt að sá rændi hefði átt í ástarsambandi við konu, komið hefði upp ósætti og hún hreinsað allt út frá honum.

Konan ákærða átti við svipað minnisleysi að stríða og maðurinn fyrir dóminum. „Ég man alveg ótrúlega lítið," sagði hún en kvaðst þó muna að þremenningarnir ákærðu hefðu farið heim til fórnarlambsins. Spurð um ferð hennar og annars mannanna í hraðbanka, þar sem þau tóku út peninga á kort fórnarlambsins eftir hið meinta rán kvaðst hún „halda" að hann hefði tekið út þennan pening, sjálf hefði hún ekki verið með neitt kort. Í dóminum kom hins vegar fram, að konan hafði lýst atburðarás ítarlega í skýrslutöku hjá lögreglu.

Fórnarlambið mætti í réttarsal sem vitni. Hann kvaðst hafa verið rændur, vísaði annars í lögregluskýrslur, mundi lítið eftir þýfislistanum, kvaðst ekki viss um ógnun með hníf og sagðist ekki hafa verið í sambandi við stúlku á þessum tíma. jss@frettabladid.is

AÐALMEÐFERÐ Tvö hinna ákærðu (lengst til hægri og til vinstri) á leiðinni í aðalmeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Úr dómsalnum

Lifir í núinu
„Ég reyni að skilja fortíðina eftir og er ekkert að lifa í einhverju máli frá 2009," svaraði fórnarlambið spurningu saksóknara um tiltekin atriði málsins.

Fjarnám
„Ég var með flensu alla önnina og náði ekki að klára þetta. Ég er að hugsa um að fara í fjarnám," svaraði annar sakborninga spurningu um stöðu sína nú.

Slæm frammistaða
„Voðalega hafið þið eitthvað staðið ykkur illa við að rannsaka málið. Er eitthvað óljóst?"
svaraði fórnarlambið spurningu ákæruvaldsins um atvikalýsingu í vopnaða ráninu.

Óljóst minni
„Mig rámar í að vera með eitthvað lítið drasl milli handanna," svaraði sá ákærði spurningu saksóknara um muni sem voru á þýfislistanum.

170.000.000
+1.630.000.000

1.800.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
1.800 MILLJÓNIR

Fyrsti vinningur stefnir í 170 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.630 milljónir.
Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 19. OKTÓBER 2011

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	46
H.	22	27	29	39	40	42

Fíton/SÍA

HJARTA MANNSINS EFTIR JÓN KALMAN STEFÁNSSON KEMUR ÚT Í DAG

HAMINGJA & ÖRVÆNTING

Í gamalli arabískri læknisbók segir að hjarta mannsins skiptist í tvö hólf, annað heitir hamingja, hitt örvænting. **Hjarta mannsins** er sjálfstætt framhald bókanna **Himnaríki og helvíti** og **Harmur englanna** sem fara nú sigurför um Evrópu. Fyrst var það hafið, svo snjórinn. Nú er það ástin.

Jón Kalman Stefánsson hlaut nýlega hin virtu norrænu **P.O. Enquist-verðlaun.** Hann hefur þrisvar verið tilnefndur til **Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs** og hlaut **Íslensku bókmenntaverðlaunin 2005** fyrir **Sumarljós, og svo kemur nóttin.**

BJARTUR

„Snilldarverk. Ég ætla bara að segja einsog er.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, UM HARM ENGLANNA

Sumir eru þegar farnir að tala um Nóbelinn.“
ADRESSEAVISEN, NOREGI

„Meistaralega skrifuð skáldsaga.“
FRANKFURTER ALLGEMEINE ZEITUNG, UM HARM ENGLANNA

„**Himnaríki og helvíti** var meiriháttar bókmenntaleg uppgötvun. **Harmur englanna** gefur henni ekkert eftir ...“
LA QUINZAINE LITTÉRAIRE, FRAKKLANDI

DYNAMO REYKJAVÍK

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ákvörðun Alcoa er áfall fyrir áform um atvinnusköpun.

Spark í afturendann

Ákvörðun Alcoa um að blása af álver á Bakka við Húsavík er áfall fyrir áform um að efla fjárfestingu í landinu og fjölga störfum.

Nú geta allar skýringarnar, sem nefndar hafa verið á þessum málalokum aðrar en hugmyndafræðileg andúð Vinstri grænna á álverum, verið réttar. Álver eru ekki endilega eftirsóknarverðustu viðskiptavinir orkufyrirtækja. Hugsanlega var Alcoa bara ekki reiðubúið að greiða það verð sem Landsvirkjun vildi fá fyrir orkuna. Og það getur meira en verið að Landsvirkjun hafi ekki treyst sér til að afhenda alla þá orku sem menn töldu sig þurfa.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Niðurstaðan er engu að síður slæm fyrir orðspor Íslands sem fjárfestingarkosts fyrir alþjóðleg iðnfyrirtæki. Alcoa er stórt og áberandi fyrirtæki, verkefnið hefur verið lengi á teikniborðinu og alþjóðlegir fjárfestar um allan heim hugsa sitt þegar það er blásið af. Ekki sízt þegar það bætist við allt hitt klúðrið í samskiptum við erlenda fjárfesta undanfarin misseri.

Þeim mun meiri ástæða er til að ríkisstjórnin geri sitt til að laða aðra alþjóðlega fjárfesta að landinu. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra bendir á að fimm önnur fyrirtæki séu í viðræðum við Landsvirkjun um að kaupa orku á Norðurlandi eystra. Það er fínt, en þær viðræður þurfa þá að fara að skila árangri. Orkan er til, sömuleiðis vinnufúsar hendur og heilabú. Ef samningar við orkufyrirtæki ganga hægt, hvað getur ríkisstjórnin þá gert til að greiða fyrir? Hvernig getur hún búið erlendum fjárfestum hagstætt viðskiptaumhverfi, burtséð frá orkuverðinu?

Svo vaknar að sjálfsögðu sú spurning hvað gerist með hitt álverið sem byrjað er að reisa í Helguvík á vegum Norðuráls. Stjórnvöld vísa ábyrgð á því verkefni gjarnan frá sér á orkufyrirtækin. Og vissulega þurfa orkufyrirtækin og Norðurál að komast að samkomulagi um orkuverð. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar geta samt gert sitt til að greiða fyrir því að verkefnið verði að veruleika. Þeir geta til dæmis beitt sér fyrir því að rammaáætlun um orkunýtingu og verndun verði afgreidd þannig að Landsvirkjun fái að virkja í neðri hluta Þjórsár. Og þeir geta hætt að hnýta í álver sem lausn í atvinnumálum.

Það væri annað áfall fyrir Ísland sem fjárfestingarkost á alþjóðlegum markaði ef Helguvíkurverkefnið sigldi líka í strand, ekki sízt í ljósi þess að framkvæmdir voru hafnar í trausti þess að fyrirheit stjórnvalda stæðust. Þess vegna þarf ríkisstjórnin að leggja eitthvað á sig til að fyrirbyggja að það fari þannig.

Almennt og yfirleitt þarf ríkisstjórnin að taka sig saman í andlitinu, hætta að tala niður erlenda fjárfestingu og alþjóðlega fjárfesta, losa um hömlur á fjárfestingu og bæta skatta- og rekstrarumhverfið.

Ákvörðun Alcoa er vonandi spark í hæstvirtan afturenda ríkisstjórnarinnar í þessu efni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Ertu að glíma við verki frá stoðkerfi?

Námskeið fyrir þá sem glíma við einkenni frá stoðkerfi svo sem bakverki, eftirstöðvar slysa eða gigt..

Nýtt námskeið hefst 31. okt.

Kennt er mán. mið og föst. kl. 16.30

- Þjálfun þrisvar í viku undir handleiðslu sjúkraþjálfara
- Mat og ráðgjöf sjúkraþjálfara
- Fyrirlestrar og fræðsla

Skráðu þig núna í síma. 5601010 eða á heilsuborg@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Í vonanna birtu

Framsóknarflokkurinn hefur kynnt umfangsmiklar tillögur um sókn í atvinnumálum. Er það vel, stjórnarandstaða hefur í gegnum tíðina, hver svo sem hana hefur skipað, gert of lítið af því að koma með eigin tillögur um úrbætur. Athygli vekur að Framsókn skartar nú nýrri útgáfu af hinu gamla merki flokksins. Upp úr kornaxinu, einkennismerki flokksins, gægist íslenski fáninn og sólin rís upp þar fyrir ofan. Yfir geislum sólarinnar getur að líta nýtt slagorð; Ísland í vonanna birtu.

Sótt í þjóðernisarfinn

Glöggt má sjá að í hinu nýja myndmáli flokksins kveður við þjóðernissinnaðan tón. Merkið minnir óneitanlega á merki Lýðveldishátíðarinnar 1944, sem var reyndar byggt á merki Alþingishátíðarinnar 1930. Endurreistu lýðveldi, líkt og það hét þá, var fagnað á Þingvöllum í glampa nýrrar sólar, þótt reyndar hafi rignt í raunheimum. Kannski þetta þýði að kveða muni við þjóðernissinnaðri tón hjá Framsókn en verið hefur, þó sumum hafi reyndar þótt hann ærinn fyrir.

Plan B – aftur og nýbúinn

Heiti áætlunar Framsóknar er einnig kunnuglegt. Flokkurinn keyrir stefnu sína undir heitinu Plan B. Það hefur hann reyndar áður gert. Sigmundur Davíð og Höskuldur Þórhallsson skunduðu á fund forsætisráðherra í Stjórnarráðshúsinu í október 2009, með loforð frá þingmönnum norska Miðflokksins um stuðning við 1.000 milljarða króna lán handa Íslendingum, var það einnig nefnt Plan B. Vonandi er meiri innistæða fyrir hinu nýja Plani B en því gamla.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Nýjar áherslur og nám kennara

Menntamál

Jón Ágúst Þorsteinsson
framkvæmdastjóri Marorku

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir
forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannauðs hjá SI

Á Tækni- og hugverkaþingi 7. október sl. komu fram áhyggjur af stöðu og þróun menntamála hér á landi.

Á undanförnum áratug höfum við menntað of fáa einstaklinga í tækni- og raunvísindum. Í dag er staðan því þannig að tækni- og hugverkafyrirtæki fá ekki tæknimenntað fólk til starfa. Greiðasta leið þessara fyrirtækja til að vaxa er að stofna dótturfyrirtæki erlendis og ráða þarlenda sérfræðinga.

Fyrir framþróun og vöxt samfélagsins er þetta óásættanlegt ekki síst í ljósi þess að:

- Atvinnuleysi á Íslandi var 6,7% í ágúst.
- Stór hópur ungs fólks hefur eða er að mennta sig í greinum sem erfitt er að fá störf við á Íslandi.
- Yfir 30% Íslendinga á starfsaldri hafa eingöngu grunnskólanám að baki sem er töluvert hærra hlutfall en í Skandinavíu og Norður-Evrópu.

Til viðbótar þessu alvarlega vandamáli varðandi menntun hér heima, eða skorti á henni, skilar unga fólkið sem hefur lokið framhaldsmenntun erlendis sér ekki endilega heim auk þess sem stór hluti þeirra sem flytja utan um þessar mundir er ungt, vel menntað fólk.

Fyrsta skrefið af mörgum til úrbóta er að auka bæði gæði og magn raungreina- og stærðfræðikennslu í grunn- og framhaldsskólum og auka áherslu á nýsköpun. Forsendan er að menntun kennara sé í takti við þessar áherslur. Margoft hefur verið bent á að þeir sem fara í kennaranám velji sig frá stærðfræði og raungreinum á sinni skólagöngu og þar af leiðandi séu fáir kennarar á grunn- og framhaldsskólastigi sem hafa áhuga á þessum fræðum. Nú þegar verið er að lengja kennaranámið er tækifæri til að bæta úr þessu með því að auka sérhæfingu. Því ætti framlenging kennaranámsins mestmegnis að innihalda kennslu í raungreinum.

Sú staðreynd blasir einnig við að nýjar námskrár á grunn- og framhaldsskólastigi endurspegla ekki mikilvægi þessara greina þrátt fyrir mikla umræðu í þá átt og úr því þarf að bæta.

Við Íslendingar getum byggt upp gott, sterkt og öflugt samfélag ef við greinum vandann, tökum réttar ákvarðanir og skipuleggjum okkur vel á komandi mánuðum og árum. Við þurfum umfram allt að búa til mynd af því samfélagi sem við viljum skila til komandi kynslóða. Birtingarmyndin er öflug atvinnustefna sem fylgt er eftir með metnaðarfullri mennta- og velferðarstefnu til að minnsta kosti 20-30 ára. Þannig getum við skapað stöðugleika og velsæld á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Höfum við ekkert lært?

Bankasýsla ríkisins

Jón Steinsson
hagfræðingur

Á Íslandi hefur lítil sem engin virðing verið borin fyrir menntun eða reynslu í fjármálum eða viðskiptum þegar kemur að úthlutun lykilstarfa hjá ríkinu. Þetta leiddi til þess að þegar óveðurssky hrönnuðust upp á árunum 2006-2008 voru einstaklingar með mjög takmarkaða menntun, þekkingu eða skilning á fjármálum í lykilstöðum. Við þekkjum afleiðingarnar. Og maður hefði haldið að það gerði það að verkum að viðhorf hefðu breyst.

Nú er hins vegar Páll Magnússon ráðinn til þess að stýra Bankasýslu ríkisins þrátt fyrir að hafa enga menntun né sérþekkingu á sviði banka- og fjármálastarfsemi þótt lög um Bankasýslu kveði á um að forstjóri stofnunarinnar skuli hafa þá eiginleika. Páll var tekinn fram yfir þrjá aðra umsækjendur – sem allir hafa víðtæka reynslu af banka- og fjármálastarfsemi.

Stjórn Bankasýslunnar rökstyður ráðninguna með vísun í að valdir umsækjendur hafi verið látnir taka persónuleikaprófið OPQ32, huglægt getupróf, raunhæft verkefni, stærðfræðipróf og ítarleg viðtöl og að Páll hafi staðið sig best eða næstbest á sumum af þessum prófum en verr í öðrum. Í fyrstu veit maður ekki hvort maður á að hlæja eða gráta. En síðan byrjar maður fljótlega að gráta. Þetta er leikhús fáránleikans. Ferli af þessu tagi veitir stjórninni nánast ótakmarkað frelsi til þess að velja hvern sem henni þóknast. Hún þarf einungis að ákveða eftir á að þeir mælikvarðar sem viðkomandi umsækjandi stóð sig vel á vegi þyngra en hinir.

Stjórn Bankasýslunnar heldur því einnig fram að Páll hafi uppfyllt lágmarksskilyrði um menntun og sérþekkingu á banka- og fjármálum. Ef þau komast upp með þann skilning hafa þau nánast fullkomlega gengisfellt þetta ákvæði laga.

Reynum að setja þetta í samhengi. Nú fyrir nokkrum dögum var nýr dómari skipaður við Hæstarétt. Hvernig fyndist mönnum ef Páll Magnússon hefði verið skipaður í þá stöðu með svipuðum rökstuðningi? Ha, er það allt annað mál? Einungis ef menn bera litla sem enga virðingu fyrir menntun, reynslu og sérþekkingu í banka- og fjármálum en mun meiri virðingu fyrir menntun, reynslu og sérþekkingu í lögfræði. Einhverra hluta vegna virðist það vera landlægt á Íslandi. Páll Magnússon er jafn óhæfur til þess að vera forstjóri Bankasýslunnar og hann er óhæfur til þess að vera dómari við Hæstarétt. Og mitt mat er að meiri hætta skapist fyrir samfélagið við það að hafa hann forstjóra Bankasýslunnar en dómara við Hæstarétt (þar sem hann hefði þó meðdómara með sér).

Bankasýslan fer með eignarhlut ríkisins í Landsbankanum og fjölda annarra banka og sparisjóða. Hún á að sjá til þess að stjórnendur þessara banka fari eftir eigendastefnu ríkisins – þ.e. vaka yfir stjórnendum bankanna og gæta hagsmuna ríkisins. Hefur reynsla okkar síðustu ár ekki kennt okkur hversu auðvelt það er að afvegaleiða reynslu- og skilningsrýra eftirlitsaðila þegar bankar eru annars vegar? Og hefur reynsla okkar ekki einnig kennt okkur að slíkt getur verið okkur ansi dýrt? Hvernig má þá vera að flestir yppi öxlum við þessa ráðningu?

Bankasýslan á einnig að „undirbúa og vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum“. Nánast öll sín fullorðinsár hefur Páll starfað í umboði fyrir Framsóknarflokkinn. Hann er eins hápólitískur og hugsast getur. Það sem meira er, skuggalega margir vinir og vandamenn formanna og varaformanna Framsóknarflokksins hafa einhverra hluta vegna auðgast verulega af viðskiptum sem tengdust sölu eða úthlutun á ríkis- og þjóðareignum. Getur verið að við séum að leika okkur með eld með því að ráða Pál Magnússon til þess að „vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins“ í Landsbankanum?

Atvinnuöryggi listamanna

Atvinnumál

Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir
teiknari

Í apríl á þessu ári uppgötvaði ég að ég hef ekki rétt á 100% atvinnuleysisbótum. Þá fékk ég að vita að þrátt fyrir að hafa verið í fullu starfi sem sjálfstætt starfandi teiknari í þrjú ár hefði ég verið skilgreind sem hlutastarfsmaður í eigin rekstri og að ég ætti einungis rétt á 25% atvinnuleysisbótum.

Ég er með lítinn rekstur og er ekki með hátt reiknað endurgjald. Ég borga skatt í hverjum mánuði og tryggingargjald sem á að gefa rétt á atvinnuleysisbótum. Ég tek að mér alls konar verkefni innan hins skapandi geira, þar má nefna kennslu, uppsetningar og myndskreytingar í bækur. Eins og aðrir sjálfstætt starfandi listamenn er ég skilgreind af Vinnumálastofnun sem meðlimur í hinum svokallaða C viðmiðunarhópi.

C viðmiðunarhópurinn er ætlaður öllum þeim sem starfa innan skapandi geirans; dansarar, leikarar, höfundar, myndlistarmenn og fleiri. Hugtakið viðmiðunarhópur mætti útskýra sem þau laun sem ríkið telur að umræddur einstaklingur hafi í mánaðarlaun. Samkvæmt ríkinu eru þeir sem settir eru í C viðmiðunarhópinn með mánaðarlaun á bilinu 340 þúsund til 450 þúsund. Því fer fjarri að ég nái þeim mánaðartekjum á mánuði, og reyndar þekki ég fáa sjálfstætt starfandi listamenn sem vinna fyrir þessum „meðal“ mánaðarlaunum C viðmiðunarhóps. Því má bæta við að listamannalaun frá ríkinu eru 266.737 kr. á mánuði.

Það er ótækt að Vinnumálastofnun skilgreini viðmiðunarlaun heillar stéttar svo hátt að fæstir ná þessu viðmiði (og jafnvel ekki þeir sem fá borguð listalaun frá ríkinu). Í einni heimsókn minni til Vinnumálastofnunar benti indæll starfsmaður mér á að súpan sem ég væri nú lent í væri alfarið sjálfsköpuð þar sem ég gæti unnið hvar sem er á betri launum en sem sjálfstætt starfandi teiknari, eins og til dæmis sem ófaglærður starfsmaður á leikskóla.

Það er á hreinu að það þarf að bæta atvinnuöryggi sjálfstætt starfandi listamanna og allra sjálfstætt starfandi einyrkja og verktaka. Ég vona að fjármálaráðuneytið taki á þessu máli og komi úrbótum af stað því það er löngu orðið tímabært.

LYFJA
– Lifið heil

+15% afsláttur
Af öllum stærðum af
Nicotinell Fruit
Gildir út október

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSK AUGLÝSINGASTOFA / LYF 59588 09/11

Málþing um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá lýðveldisins

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Háskólinn á Akureyri

HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGADEILD

Nýlega lauk stjórnlagaráð við gerð tillagna að nýrri stjórnarskrá. Hafa þær verið afhentar Alþingi. Tillögurnar gera ráð fyrir umfangsmiklum breytingum á núverandi stjórnarskrá. **Af því tilefni hafa lagadeildir Háskólanna á Akureyri, á Bifröst, í Reykjavík og Háskóla Íslands** ákveðið að standa sameiginlega að fjórum málstofum um tillögur stjórnlagaráðs. **Málstofurnar verða haldnar föstudagana 21. október, 4. nóvember, 11. nóvember og 18. nóvember nk.**

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Föstudaginn 21. október, kl. 12.00-13.45

Tillögur stjórnlagaráðs um kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan

Frummælandi: **Ágúst Þór Árnason**
Pallborð: Birgir Guðmundsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Íris Lind Sæmundsdóttir

Ágúst Þór Árnason

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Föstudaginn 4. nóvember, 12.00-13.45

Hlutverk forseta Íslands í tillögum stjórnlagaráðs

Frummælandi: **Björg Thorarensen**
Pallborð: Ágúst Þór Árnason, Eiríkur Bergmann Einarsson og Sigurður Líndal

Björg Thorarensen

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Föstudagurinn 11. nóvember, kl. 12.00-13.45

Stendur ný stjórnarskrá vörð um lýðræðið?

Frummælendur: **Bryndís Hlöðversdóttir** og **Jón Ólafsson**
Pallborð: Katrín Fjeldsted og Kristinn Már Ársælsson

Bryndís Hlöðversdóttir

Jón Ólafsson

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Föstudaginn 18. nóvember, kl. 12.00-13.45

Þróun mannréttinda í tillögum stjórnlagaráðs

Frummælandi: **Oddný Mjöll Arnardóttir**
Pallborð: Katrín Oddsdóttir, Björg Thorarensen og Margrét Steinarsdóttir

Oddný Mjöll Arnardóttir

Nánari upplýsingar fást á vefsíðum háskólanna: unak.is, hi.is, bifrost.is og ru.is.

Um skaðlega umræðu um skipanir í embætti

Stjórnsýsla

Ómar H. Kristmundsson
prófessor

Enn einu sinni hefur farið af stað opinber umræða um skipanir í lykilembætti hjá ríkinu. Eins og oft áður hefur umræðan einkennst af mikilli tortryggni. Þessi umræða er skaðleg.

Umræðan getur skaðað þann umsækjanda sem fær starfið. Sá aðili sem sækir um og fær starfið virðist í þessari umræðu vera kominn í þá einkennilegu stöðu að vera orðinn opinber persóna sem þarf að sæta óvæginni gagnrýni um að hann sé ekki hæfasti einstaklingurinn. Viðkomandi þarf að sætta sig við að vegið sé harkalega að mannorði hans og orðspor hans í starfi verði í framtíðinni tengt hinni umdeildu ráðningu. Allt þetta af þeirri ástæða að hann sækir um opinbert starf.

Umræðan getur skaðað aðra umsækjendur. Þeir sem ekki fengu embættið en vilja nýta rétt sinn til að fá skýringar á því hvernig staðið var að valinu eiga einnig á hættu að nafn þeirra verði dregið inn í opinbera umræðu. Þetta á sérstaklega við ef umsækjendur tjá sig um niðurstöðuna eða leggja fram kvörtun til Umboðsmanns Alþingis. Af þeirri ástæðu er hætta á að umsækjendur treysti sér ekki í slíkt ferli þó þeir telji að á þeim hafi verið brotið.

Umræðan getur skaðað þá sérfræðinga sem koma að ráðningarferlinu. Við skipanir í æðstu embætti hjá ríkinu á undanförnum misserum hefur í flestum tilfellum verið leitað til sérfræðinga, t.d. á sviði mannauðsstjórnunar. Sú umræða að „ófaglega“ sé staðið að ráðningum getur augljóslega skaðað þá sérfræðinga sem að málinu koma og þeirra viðskiptavild í framtíðinni.

Umræðan getur dregið úr möguleikum hins opinbera að fá hæfa umsækjendur þegar lykilstörf eru auglýst. Við núverandi aðstæður má fastlega gera ráð fyrir að fólk hugsi sig tvisvar um þegar það sækir um embætti hjá ríkinu.

Umræðan getur skaðað ímynd og traust til hins opinbera. Það umrót sem umdeildar ráðningar hafa í för með sér getur haft neikvæð áhrif bæði á ímynd hins opinbera og ýtt undir ranghugmyndir um að þar starfi ekki hæft fólk heldur þeir sem hafi fengið störf sín með klíkuskap og að menntun og reynsla vegi minna en tengsl við áhrifaaðila í samfélaginu.

En hvað er þá til ráða?

Sú tortryggni sem ríkir í kringum skipanir í æðstu embætti getur skýrst af eftirfarandi. Annars vegar af þeirri arfleifð sem stjórnmálamenn 20. aldar hafa skilið eftir og byggir á þeim skilningi að embætti séu eign stjórnmálaflokka og að það sé hluti af pólitískum völdum að úthluta slíkum almannagæðum til útvalinna. Hins vegar af því mikla vantrausti sem nú ríkir í samfélaginu, sérstaklega eftir hrun.

Af fyrri ástæðunni hefur leitt að ekki hefur skapast nægur pólitískur vilji til að móta hér á landi starfsmannakerfi eins og víðast hvar á Vesturlöndum. Slík kerfi hafa m.a. að markmiði að tryggja að jafnræði ríki við ráðningar og ávallt sé hæfasti umsækjandinn ráðinn í starfið.

Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að færa ráðningarferlið og jafnvel ákvörðun um ráðningu frá ráðherra. Þetta dregur úr tortryggni og tekur „kaleikinn“ frá ráðherra. Breytingar í þessa veru hafa orðið á sl. misserum. Þannig voru gerðar breytingar á lögum um dómstóla árið 2010 sem kveða á um að dómnefnd fjalli um hæfni umsækjenda um embætti bæði héraðsdómara og hæstaréttardómara. Í nýjum lögum um Stjórnaráð Íslands er kveðið á um að við skipun í embætti ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra skuli ráðherra skipa þriggja manna ráðgefandi nefnd til að meta hæfni umsækjenda um embættið.

Til að slíkar nefndir komi að tilætluðum árangri skiptir miklu hvernig þær eru skipaðir og hvernig þeim er ætlað að starfa. Nauðsynlegt er því að sett séu í lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ákvæði um starfsemi þeirra. Gildissvið þeirra nái til skipana í öll embætti, þ.e.a.s. ákvæði gildi einnig um skipanir forstöðumanna ríkisstofnana og annarra stofnana eða fyrirtækja sem eru í eigu ríkisins. Hæfnisnefndir taki við ráðningarhlutverki stjórna ríkisstofnana eða ríkisfyrirtækja. Um leið og búið er að lögbinda hvernig standa skuli að ráðningarferlinu og það sé þannig gert skýrara og gegnsærra er mikilvægt að jafnframt verði fellt út gildi ákvæði sömu laga um að heimilt sé að birta lista yfir nöfn og starfsheiti umsækjenda um laus embætti.

> Að undanförnu hafa verið tekin mikilvæg skref í átt að því að bæta fyrirkomulag opinberra ráðninga. Nú þarf hins vegar að stíga skrefið til fulls.

Að undanförnu hafa verið tekin mikilvæg skref í átt að því að bæta fyrirkomulag opinberra ráðninga. Nú þarf hins vegar að stíga skrefið til fulls. Það verður gert með því að skilyrða að við skipanir í öll embætti ríkisins séu umsóknir metnar af faglegum hæfnisnefndum. Í lög verði sett ákvæði um skipan og starfshætti þeirra.

Nýtt háskólasjúkrahús rísi í Fossvogi

Nýr Landspítali

Einar Hjaltested
sérfræðilæknir á Landspítala

Örn Þór Halldórsson
arkitekt FAÍ

Sitt sýnist hverjum um nýtt sjúkrahús, sem ætlunin er að reisa við Hringbraut. Hingað til hafa helstu óánægjuraddir borist frá íbúum Þingholtanna auk áhugamanna um skipulagsmál, en verkefnið sætir nú æ meiri andstöðu meðal heilbrigðisstarfsfólks, þó minna hafi farið fyrir henni opinberlega.

Þeim sem til þekkja kemur þessi gagnrýni ekki á óvart, því margsinnis hefur verið bent á það óhagræði sem felst í því að byggja við hinar lágreistu og ósamstæðu byggingar við Hringbraut, auk þess sem strangar takmarkanir eru á hæð nýbygginga, sem mun sjálfkrafa koma niður á öllu innra skipulagi þeirra. Hefur þetta m.a. í för með sér að enn skal nátengdri starfsemi komið fyrir í aðskildum byggingum, tengdum löngum neðanjarðargöngum.

Árið 2001 gerðu danskir ráðgjafar viðamikla úttekt á framtíðarskipulagi Landspítalans. Var í framhaldinu mælt með því að sameinað sjúkrahús risi í Fossvoginum enda var Borgarspítalinn talinn hentugri til stækkunar, þó sjálfsagt væri að reka hluta starfseminnar áfram á Hringbraut. Fjarlægðin frá Háskóla Íslands var ekki talin skipta máli.

Þó að lóðin hafi minnkað frá því að sú niðurstaða lá fyrir rúmar hún enn sameinað sjúkrahús og rúmlega það, auk þess sem hún liggur einstaklega vel við miðju allra útkalla Stór-Reykjavíkursvæðisins og helstu meginsamgönguæðum, ólíkt Hringbrautinni, en nokkrar mínútur geta skipt sköpum þegar líf sjúklings hangir á bláþræði. Tiltölulega auðvelt er að bæta við nýjum samgöngutengingum inn á lóðina auk þess sem deiliskipulag frá 1973, sem heimilar nægjanlegt byggingarmagn innan lóðarinnar, er enn formlega í gildi.

Uppbygging bráðaþjónustu undanfarin ár hefur átt sér stað í Fossvoginum og talsverð starfsemi verið færð þangað frá Hringbraut. Húsnæðið hefur nýlega verið endurinnréttað og stækkað og aðstaðan því batnað til muna og vantar ekki mikið upp á að stærstur hluti bráðaþjónustunnar sé samankominn þar. Með útsjónarsemi og minna byggingarmagni er sennilega hægt að ná fram stórum hluta þeirrar rekstrarhagræðingar sem sameining spítalanna á að hafa í för með sér.

Meðfylgjandi tillögur sýna glöggt hvaða uppbyggingarmöguleikar eru enn fyrir hendi við Borgarspítalann, en kostir svæðisins felast í hve auðvelt er að bæta við núverandi húsnæði í mörgum smærri áföngum með óteljandi möguleikum á innanhússtengingum á allt að átta hæðum, sem skilar sér í meira hagræði og auknu öryggi sjúklinga.

Miklir fjármunir hafa komið við sögu undirbúnings fyrirhugaðs Háskólasjúkrahúss og hefur verið lagt í mikla hugmyndavinnu, sem ber að virða. Sá mikli kostnaður er þó einungis brot af þeim upphæðum sem sparast ef rétt er haldið á spöðunum við uppbyggingu sameinaðs sjúkrahúss allra landsmanna. Að okkar mati er verið að ráðast í óheyrilega dýra framkvæmd undir fölsku nafni hagræðingar og uppbyggingar heilbrigðisvísinda. Við teljum að í raun sé þessu öfugt farið og verkefnið muni að lokum soga til sín gífurlegt fjármagn beint út úr heilbrigðis- og menntakerfinu.

Núverandi yfirvöld ættu að endurskoða þessa misráðnu ákvörðun fyrrverandi heilbrigðisráðherra og skoða aðra kosti en Hringbrautina. Það er ekki of seint.

Fíton/SÍA

Dýraspítalinn í Garðabæ
er í viðskiptum hjá okkur

Hanna, Jakobína og félagar á Dýraspítalanum í Garðabæ taka á móti yfir þúsund dýrum í hverjum mánuði, stórum sem smáum. Þau eru sérfræðingar á sínu sviði og sinna fjölbreyttum þörfum viðskiptavinanna. Það gerum við líka.

Þess vegna er Dýraspítalinn í Garðabæ í viðskiptum hjá okkur.

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

FRYSTIKISTUR

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ

ALLAR STÆRÐIR – ALLAR GERÐIR

Whirlpool frysti-kistur	Lítrar nettó	Hæð í sm	Breidd í sm	Dýpt í sm	Körfur	Ljós	Frystig. 24 klst.	Orkufl.	FRÁBÆR TILBOÐ
AFG610MB	103	85	53	58	1	Nei	7,5 kg	B	**Kr. 49.995** VERÐ ÁÐUR 64.995
AFG6142B	138	88,5	57	67	1	Nei	11 kg	B	**Kr. 59.995** VERÐ ÁÐUR 69.995
WH1000	103	86	52,7	56,9	1	Nei	7,5 kg	A	**Kr. 62.995** VERÐ ÁÐUR 69.995
AFG6262B	258	89	95	66	1	Já	18 kg	B	**Kr. 69.995** VERÐ ÁÐUR 84.995
WH2000	212	86,5	80,6	64,8	1	Nei	14 kg	A	**Kr. 74.995** VERÐ ÁÐUR 79.995
AFG6323B	320	89	112	66	1	Nei	24 kg	B	**Kr. 79.995** VERÐ ÁÐUR 94.995
WH2500	258	88,1	95	64,2	1	Já	17 kg	A	**Kr. 84.995** VERÐ ÁÐUR 94.995
WH3200	320	88,1	112	64,2	3	Já	18 kg	A	**Kr. 97.995** VERÐ ÁÐUR 104.995
WH4000	400	88,1	134,5	64,2	5	Já	23 kg	A	**Kr. 114.995** VERÐ ÁÐUR 124.995
WH5000	503	88,1	162	64,2	5	Já	23 kg	A	**Kr. 124.995** VERÐ ÁÐUR 134.995

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

tímamót

timamot@frettabladid.is

61 **GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR** tengiliður og fyrrverandi alþingismaður er 61 árs í dag.

„Ég er mjög stolt yfir því að hafa tilheyrt hópum og hreyfingum sem fengið hafa breytingum áorkað til hins betra.”

Merkisatburðir

1898 Hús Barnaskóla Reykjavíkur er vígt. Síðar er það nefnt Miðbæjarskólinn.

1918 Þjóðaratkvæðisgreiðsla fer fram um sambandslagasamninginn. Rúmlega 90 prósent þeirra sem greiða atkvæði segja já.

1918 Spænska veikin berst til landsins með tveimur skipum, frá Kaupmannahöfn og New York.

1969 Stytta af Ólafi Thors forsætisráðherra er afhjúpuð fyrir framan Ráðherrabústaðinn við Tjörnina í Reykjavík.

1994 Nýtt skip, Guðbjörg, kemur til Ísafjarðar. Skipið er það fullkomnasta í íslenska flotanum og kostar um 1,5 milljarða króna.

2005 Réttarhöld yfir Saddam Hussein hefjast.

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju vegna fráfalls eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Hafsteins Sölvasonar

Garðatorgi 7, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeilda Landspítalans v/Hringbraut og Karitas hjúkrunarþjónustu.

Kolbrún Haraldsdóttir

Knútur Sölvi Hafsteinsson — **Eygló Eiðsdóttir**
Ágúst Hafsteinsson — **Jónína Björk Birgisdóttir**
Örn Hafsteinsson — **Íris Baldursdóttir**
Hafdís Hafsteinsdóttir — **Sturla Ragnarsson**

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Jóhannsson

kaupmaður
frá Patreksfirði, Mánatúni 6,

lést á líknardeild LSH, Landakoti, sunnudaginn 16. október. Útför hans fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 26. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktar- og líknarfélög.

Lilja Huld Sævars
Hólmfríður Díana Magnúsdóttir
Jóhann Magnússon
Gunnlaugur Magnússon — **Arna Þorsteinsdóttir**
Svava K. Egilson — **Kjartan St. Egilson**
Ína K. Árnadóttir — **Dagur Brynjólfsson**
barnabörn og barnabarnabarn

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ágústa Sigríður Erlendsdóttir

Garðvangi, áður til heimilis að Birkiteigi 3, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi laugardaginn 15. október. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 26. október kl. 14.00.

Erlendur Karlsson — **Elísabet Andrésdóttir**
Vilborg Tryggvadóttir MacNealy — **Christopher MacNealy**
Sigmar Scheving — **Linda Helgadóttir**
Davíð Scheving — **Harpa Frímannsdóttir**
Andrés Már Erlendsson
Linda Malín Erlendsdóttir
Sandra Ösp MacNealy
Andri Scheving
Birgitta Kristín Scheving
Lovísa Scheving
Lilja Scheving
Birgir Scheving

ÞETTA GERÐIST: 19. OKTÓBER 1971

Starfsmenn tilkynna veikindi

Á þessum degi árið 1971 féllu útsendingar Ríkissjónvarpsins alfarið niður þegar nær allir starfsmenn sjónvarps, um 80 manns, tilkynntu veikindi. Aðeins fjórir starfsmenn mættu til starfa: framkvæmdastjóri, yfirverkfræðingur, skrifstofustjóri og húsvörður sjónvarpsins.

Framkvæmdastjórinn, Pétur Guðfinnsson, sagði í viðtali við Morgunblaðið að í engu tilfelli hefði verið um alvarleg veikindi að ræða en blaðið sagðist hafa heimildir fyrir því að fjarveran stafaði af óánægju starfsmanna með launakjör sín eftir samninga opinberra starfsmanna í desember árinu áður. Þá hafði starfsfólk mótmælt kjörfum sínum og í kjölfarið var komið á launanefnd sjónvarpsins.

Pétur sagði að honum þætti verra að bregðast áhorfendum heldur en að missa af auglýsingatekjum.

Að kvöldi sama dags sendi útvarpsstjóri starfsmönnum sjónvarps skeyti þar sem óskað var eftir læknisvottorði til staðfestingar á veikindum.

ÝMISLEGT Á DÖFINNI „Í samstarfi við Reykjanesbæ ætlum við jafnvel að koma upp fuglaskoðunarhúsum, þar sem fuglanördar geta verið með sjónauka og fylgst með fuglum,“ segir Hjálmar Árnason, formaður nýstofnaðs félags fuglaáhugamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FUGLAR Á SUÐURNESJUM: NÝSTOFNAÐ FÉLAG FUGLAÁHUGAMANNA

Skrítnir fuglar skoða fugla

Örlög og saga geirfuglsins er umfjöllunarefni fyrirlesturs Kristins Hauks Skarphéðinssonar fuglafræðings sem fram fer í Keili á Ásbrú annað kvöld. Fuglar á Suðurnesjum, nýstofnaður félagsskapur fuglaáhugamanna, stendur að fræðslufundinum, en Hjálmar Árnason er formaður félagsins.

„Fuglar á Suðurnesjum geta haft tvöfalda merkingu. Annars eru það auðvitað fuglarnir sem ætlunin er að skoða og svo eru það oft skrítnir fuglar sem hafa þetta áhugamál, þannig að þetta á líka við um félagsmenn sjálfa,“ segir Hjálmar.

Eðlilegt þótti að sögn Hjálmars að starfsemi félagsins hæfist á því að fjalla um sjálfan geirfuglinn. „Sá síðasti er sem kunnugt er talinn hafa verið drepinn í Eldey en nú telja menn sig hafa einhverjar nýjar heimildir sem gætu jafnvel hrakið þá skoðun. Þetta er meðal þess sem mun koma fram í erindi Kristins Hauks og við getum orðað það svo að ég hafi heyrt kjaftasögur um að síðasti geirfuglinn hafi jafnvel verið drepinn í öðru landi.“

Hjálmar segist finna vaxandi áhuga almennings á fuglaskoðun. „Suðurnesin eru talin vera ein helsta fuglaparadísin hérlendis því farfuglarnir sem koma hingað eiga flestir leið um Suðurnesin og mikið er um flækingsfugla, til að mynda í fjörunni milli Garðs og Sandgerðis, sem er frábær fyrir fuglaáhugamenn. Í samstarfi við Reykjanesbæ ætlum við jafnvel að koma upp fuglaskoðunarhúsum, þar sem fuglanördar geta verið með sjónauka og fylgst með fuglum.“

Ætlunin er að halda fræðslufundi einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og þegar komið er fram á vorið munu félagsskapurinn leggja upp í fuglaskoðunarferðir.

Hjálmar segir heimasíðu vera í smíðum en þangað til sé hægt að senda fyrirspurnir um fundi á hjalmar@keilir.is. Fyrirlesturinn annað kvöld hefst klukkan 20 og aðgangur er ókeypis.

juliam@frettabladid.is

†

Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,

Lovísa Loftsdóttir

frá Bólstað í Steingrímsfirði,
til heimilis að Grýtubakka 6, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 16. október. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 21. október kl. 11.00.

Einar Andrés Einarsson
Edda Björgmundsdóttir
Bragi Björgmundsson
og fjölskyldur.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Helgi Gústafsson

leigubifreiðarstjóri
Álftahólum 8, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum sunnudaginn 16. október.

Erna Guðnadóttir
Gústaf Helgason
Hrönn Helgadóttir
Ásdís Helgadóttir — **Stefán Bryde**
og barnabörn

ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

ADIDAS URAHA 3
Hlaupaskór með adiPRENE-dempun undir hæl. Slitsterkur adiWEAR sóli. Dömu- og herrastærðir.

13.990

KLÚBBTILBOÐ VIKUNNAR
GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!

CLUB INTERSPORT

13.990
(fullt verð 16.990)

ADIDAS EXERTA 4 W
Hlaupaskór með adiPRENE-dempun undir hæl og tábergi. Slitsterkur adiWEAR sóli. Dömustærðir.

Skráðu þig í klúbbinn inná www.intersport.is

2.990

ADIDAS RUNNING BEANIE
Hlaupahúfa úr hlýju CLIMAWARM-efni.

3.490

ADIDAS RUNNING GLOVES
Hlaupahanskar úr CLIMACOOL-efni með góðri öndun.

5.990

ADIDAS RESPONSE S/S TEE
Hlaupa- og æfingabolur úr léttu og teygjanlegu CLIMALITE-efni með góðri öndun. Dömustærðir: Bleikur, svartur. Herrastærðir: Blár, svartur.

8.990

ADIDAS RESPONSE TIGHT
Hlaupabuxur úr teygjanlegu CLIMACOOL-efni með góðri öndun. Dömu- og herrastærðir.

9.990

ADIDAS RESPONSE WIND JACKET
Hlaupajakki úr léttu CLIMACOOL-efni með góðri öndun. Dömu- og herrastærðir.

INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 19. – 25. OKTÓBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO - www.expo.is

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma okkar,

Sigríður Pálína Erlingsdóttir

frönskukennari, frá Bjargi við Sundlaugaveg,

lést á Landakotsspítala miðvikudaginn 12. október. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 21. október, klukkan 13.00.

Páll Erland
Eyrún Ólafsdóttir
Axel Pálsson
Íris Pálsdóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Stella Ester Þorbergsdóttir Singer

Inwood, New York,

lést mánudaginn 19. september á Saint John's Episcopal Hospital N.Y. Minningarathöfn fer fram í Our Lady of Good Counsel Parish í Inwood N.Y. miðvikudaginn 19. október.

Andrea K. Kantor
Raymond W. Singer
Kenneth T. Singer
Donna M. Karo
Sheldon Kantor
Phyllis E. Singer
Catherine M. Singer
Ruben Karo
barnabörn, barnabarnabörn, systkin og aðrir aðstandendur.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona, amma og langamma,

Svala Konráðsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þriðjudaginn 11. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 21. október kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar fyrir hlýja og kærleiksríka umönnun.

Reynir Jóhannsson
Margrét Jóhannsdóttir
Víðir Jóhannsson
Konráð Jóhannsson
Erna Konráðsdóttir
Mjöll Konráðsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Valgerður Ólafsdóttir
Kristján Guðmundsson
Laila Ingvarsdóttir
Anna María Þórarinsdóttir
Sveinbjörn Jónsson
Hoybye Christensen

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Haukur Svavar Ástvaldsson

Skeiðarvogi 20, síðast til heimilis á hjúkrunarheimilinu Mörk,

lést 12. október. Útförin mun fara fram fimmtudaginn 20. október kl. 13 frá Langholtskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort hjá hjúkrunarheimilinu Mörk.

Hulda Guðmundsdóttir
Guðrún Guðmunda Hauksdóttir
Albert Svanur Heimisson
Hulda María Albertsdóttir
Ingibjörg Helena Albertsdóttir
Kristbjörg Sóley Hauksdóttir
Sigurey Svava Sóleyjardóttir
Alexandra Ósk Sóleyjardóttir

Lions fékk Samfélagslampann

Forseti Íslands afhenti Lionshreyfingunni Samfélagslampa Blindrafélagsins á laugardag. Samfélagslampinn var veittur fyrir mikilvægan stuðning á undanförnum árum við leiðsöguhunda- og talgervilsverkefni Blindrafélagsins. Verkefnin leiða til aukins sjálfstæðis og bættra lífsskilyrða fjölmargra blindra og sjónskertra einstaklinga.

Fyrr á árinu afhenti Lionshreyfingin Blindrafélaginu afrakstur Rauðu fjaðrarinnar til talgervilsverkefnisins, um 20 milljónir króna. Árni V. Friðriksson, fjölumdæmisstjóri Lions á Íslandi, segir viðurkenningu Blindrafélagsins mikinn heiður og hvatningu til frekari dáða.

Samfélagslampi Blindrafélagsins er einstakur gripur, handsmíðaður af Sigmari Ó. Maríussyni gullsmíðameistara. Hann er upphleypt lágmynd úr silfri sem sýnir lampann úr merki Blindrafélagsins. Lampinn er festur á slípaða steinflís úr skagfirsku blágrýti, en steinflísin stendur á járnpinnum á blágrýtisfæti. Á fætinum er silfurskjöldur með áletrun um verkið og tilefni þess.

Ísland er sjálfstætt fjölumdæmi innan Alþjóðasambands Lionsklúbba og Lionsfélagar hér á landi eru um 2.400. Í Lions vinna saman konur og karlar, ungir og aldnir, við að láta gott af sér leiða á sviði mannúðar- og menningarmála, og leggja þeim lið sem minna mega sín. Íslenskir Lionsklúbbar taka þátt í alþjóðastarfi Lions sem er fjölmennasta þjónustuhreyfing heims, með fleiri en 1,3 milljónir félaga í um 45 þúsund klúbbum í yfir 200 löndum. Upplýsingar um Lions á Íslandi má finna á www.lions.is.

MEÐ SAMFÉLAGSLAMPANN Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins, Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins, og Kristinn Hannesson, fyrrverandi fjölumdæmisstjóri Lions.

Nýr myndavefur

Ný íslensk vefsíða, Veggmyndir.is, hefur litið dagsins ljós. Um er að ræða algjöra nýjung hér á landi því nú er hægt að velja úr hundruðum ljósmynda eftir marga af færustu ljósmyndurum Norðurlandanna og fá þær prentaðar í þeirri stærð og áferð sem hentar hverjum og einum.

NordicPhotos hefur einnig opnað sams konar vef á ensku, www.pickyourimage.com, og fljótlega mun einnig verða opnaður vefur í Svíþjóð.

Á skrá hjá NordicPhotos eru ljósmyndir frá yfir 500 fagljósmyndurum sem og myndir úr fjölda annarra myndasafna á Norðurlöndunum. Nú þegar eru hátt í 1.000 myndir komnar inn á Veggmyndir.is og í hverri viku bætast við fleiri, allar sérvaldar úr safni NordicPhotos. Veggmyndir eru í samstarfi við Merkingu ehf. um frágang myndanna. **- fsb**

VEGGMYNDIR Nýi vefurinn býður upp á glæsilegt úrval mynda af öllum toga. MYND/NORDICPHOTOS

†

Útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Margrétar Jakobsdóttur Líndal

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 8. október, fer fram frá Áskirkju föstudaginn 21. október kl. 13.

Kristinn Gíslason
Jakob Líndal Kristinsson
Halldóra Kristinsdóttir
Gísli Kristinsson
Jónína Vala Kristinsdóttir
barnabörn og langömmubörn
Kristín Gísladóttir
Þorkell Traustason
Bjarney Sigvaldadóttir
Gylfi Kristinsson

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

Þórir Ó. Halldórsson

pípulagningamaður
Huldulandi 22, Reykjavík,

er látinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 25. október klukkan 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Félags nýrnasjúkra.

Hannes Þórisson
Rannveig Þórisdóttir
Hrafnhildur, Jóhann, Þórir
Ásdís Halldórsdóttir
Ingibjörg Hannesdóttir
Karen Sóley Jóhannsdóttir
Eiður F. Jóhannsson
Hreinn Bjarnason

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar og tengdamóður

Hönnu Guðnýjar Bachmann

Logafold 56, áður til heimilis að Háteigsvegi 26.

Halla Jónsdóttir
Inga Jónsdóttir
Gunnar Egill Finnbogason
Ottó Guðmundsson
og fjölskyldur

†

Útför föður okkar,

Erlings E. Halldórssonar

rithöfundar

sem lést 10. október, verður frá kapellunni í Fossvogi klukkan 13 fimmtudaginn 20. október.

Kristján Erlingsson
Vigdís Erlingsdóttir

†

Elskulegur bróðir okkar

Jón Ólafsson

Ólafsvegi 2, Ólafsfirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Hornbrekku Ólafsfirði miðvikudaginn 12. október. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju 22. október kl. 14.

Kristín Ólafsdóttir
Sæmundur Ólafsson
Guðmundur Ólafsson

„Hvaða tækifæri eru í norðurljósunum? - Hlutverk gagnrýnna rannsókna í ferðaþjónustu“ er yfirskrift örráðstefnu sem verður haldin í Hátíðarsal Háskóla Íslands 27 október kl. 17-18. Í kjölfar hrunsins hefur ferðaþjónusta á Íslandi fengið mikla athygli. „Margir eru stórhuga og hyggja á mikla fjárfestingu, en oft vill brenna við að fé sé varið að óathuguðu máli,“ segir í tilkynningu. Fræðafólk í íslensku háskólasamfélagi tekur til máls.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Amerísk gæðavara

Eirberg

Betra loft
betri líðan

Airfree lofthreinsitækið

- Eyðir frjókornum og svifryki
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og gæludýraflösu
- Er hljóðlaust og sjálfhreinsandi

Hæð aðeins 27 cm

Opið virka daga kl. 9 -18 og á **laugardögum** kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

friendtex

ÚTSALA

BRJÁLUÐ TILBOÐ!!!
ALLAR BUXUR 2 FYRIR 1

VELUR 3 FLÍKUR OG GREIÐIR KR. 5.000.-
EÐA VELUR 3 ENN FLOTTARI OG GREIÐIR KR. 10.000.-
ÞESSU ER EKKI HÆGT AÐ SLEPPA
KOMDU ÞAÐ ER ÞESS VIRÐI!

Opnunartími:
miðvikud.-föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugardag 11.00-14.00

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Fyrirtækið Nikita hefur hannað og látið framleiða eigin snjóbrettalínu sem kemur á markað 2012.

Nikita færir út kvíarnar

Nikita hefur hannað og látið framleiða eigin snjóbrettalínu sem kemur á markað í Evrópu, Asíu og Ameríku með haustinu 2012. Mikilvægum áfanga náð segir Aðalheiður Birgisdóttir einn eigenda og stofnenda fyrirtækisins.

„Alveg frá því við stofnuðum Nikita árið 2000 hefur staðið til að framleiða snjóbretti samhliða útvistar- og lífsstílsfatnaði því þar liggja okkar rætur. Hins vegar er þetta erfiður bransi og samkeppnin hörð. Við ákváðum því að bíða þar til réttar aðstæður sköpuðust. Svo loksins gafst tækifærið á þessu ári og við gripum það,“ segir Aðalheiður, betur þekkt sem Heiða.

FRAMHALD | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vertu viss um að D-vítamínið þitt skili sér fljótt út í líkamann og nýtist sem best!

DLUX1000 er byltingarkennt D-vítamín í munnúðaformi

Tryggir hámarksnýtingu !

3 mánaða skammtur

Af hverju D Lux 1000?

- DLUX 1000 er olíublandað og tryggir því betri nýtingu.
- Vítamínið fer beint út í blóðrás í stað þess að fara í gegnum meltingarveginn sem tryggir hraðari upptöku.

BetterYou

- Skammtakerfi sem skammtar 1000IU í hverjum úða.
- Í hverju glasi eru 100 úðar um 3ja mánaða skammtur.
- Hentar grænmetisætum

BetterYou
Eins og náttúran hafði í hyggju
DLUX 1000

D vítamín til daglegra nota
Hentar öllum aldri
Náttúrulegt piparmyntubragð

magnaða sólarvítamínið

Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fjarðarkaup, Krónunni, Nóatúni, Vöruvali Vestmanneyjum og Lifandi Markaður

Innflutningsaðili: Gengur vel ehf.

Málþing á vegum Þórbergsseturs, Háskólaseturs Hornafjarðar og Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum verður haldið í Þórbergssetri dagana 22.–23. október næstkomandi. Markmið er að vekja athygli á því hvernig hægt er að gera bókmenntaarfinn og nútímabókmenntir að aflvaka nýrra tækifæra í ferðaþjónustu.

YFIRHAFNARDAGAR!
15% AFSLÁTTUR
Síðustu dagar/gildir til 22. október

BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

NÝKOMNAR Í ÚRVALI
ÚLPUR OG KÁPUR
VALDAR DÚN - OG VATTKÁPUR
50% afsl.

TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16
www.topphusid.is
NÆG BÍLASTÆÐI

Hobbitinn og dvergarnir á íslenskum hestum

Íslenskir hestar eru notaðir við tökur á stórmyndinni Hobbitanum sem tekin er upp á Nýja-Sjálandi um þessar mundir. Þeir eru reiðskjótar dverganna þrettán. Aðeins um 100 íslenskir hestar eru til í landinu.

Eigendur íslenskra hesta ættu að bíða spenntir eftir kvikmyndinni Hobbitanum sem kemur í kvikmyndahús í desember á næsta ári, enda munu hinir knáu klárar koma talsvert við sögu í myndinni. Þeir verða reiðskjótar dverganna á leiðinni frá Hobbitatúni til Myrkviðar. Þrettán íslenskir hestar eru notaðir við tökurnar.

„Útlit íslenska hestsins, sem safnar þykkum vetrarfeldi um vetrarmánuðina, var eitt af því sem vakti áhuga kvikmyndagerðarmannanna," segir Cali Madincea hjá New Line Cinema sem framleiðir myndina. „Annar mikilvægur þáttur við íslenska hestinn er þrek hans og styrkur enda getur hann borið fullorðið fólk allt að 120 kílóum," segir hann og bætir við að töltið hafi einnig heillað. „Þessi mjúka gangtegund skilar þeim hratt áfram, sem hjálpar leikurunum í fullum herklæðum að halda í við Gandálf sem ríður á stórum hesti." Ekki er öllum gefið að halda hesti á tölti og því var eigandi íslenskra hesta á Nýja-Sjálandi fenginn á tökustað til að kenna leikurunum handtökin.

Tökurnar á kvikmyndinni Hobbitanum í leikstjórn Peters Jackson hófust í mars á þessu ári og er áætlað að þeim ljúki í desember. Myndin byggir á sögu J.R.R. Tolkien frá árinu 1937 og segir frá hobbitanum Bilbó Bagga sem heldur í leiðangur með vitkanum Gandálfi, dvergnum Þorni Eikinskjalda og tólf dvergum til viðbótar til Fjallsins eina þar sem þeir ætla sér að endurheimta fjársjóð úr höndum dreka að nafni Smeyginn. Sagan er forleikur að þríleik Peters Jackson um Hringadróttinssögu sem naut ómældra vinsælda um heim allan og var einnig að stórum hluta tekinn upp á Nýja-Sjálandi.

Ætlunin var að notaðir yrðu fleiri íslenskir hestarnir við tökurnar en þar sem íslenskir hestar eru æði sjaldgæfir á Nýja-Sjálandi tókst aðeins smala saman þrettán sem hæfðu hlutverkinu.

Aðeins fimmtán ár eru síðan fyrsti íslenski hesturinn var fluttur til Nýja-Sjálands. Nú er að finna þar í kringum hundrað slíka hesta en til samanburðar má nefna að á á Íslandi eru hestarnir um áttatíu þúsund talsins.

Útlit íslenska hestsins auk geðslags, styrks og ganglags varð til þess að hann varð fyrir valinu sem reiðskjóti dverganna í sögunni um Bilbó Bagga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslenski hesturinn er ekki í slæmum félagsskap í myndinni. Helstu stjörnur myndarinnar eru Martin Freeman sem leikur Bilbó og Richard Armitage sem leikur Þorin. Þá koma einnig fram nokkrar persónur sem fólk þekkir vel úr Hringadróttinssögu. Þar má nefna leikara á borð við Ian McKellen, Andy Serkis, Hugo Weaving, Cate Blanchett, Christopher Lee, Ian Holm, Elijah Wood og Orlando Bloom.

Myndirnar um Hobbitann verða tvær, The Hobbit: An Unexpected Journey og The Hobbit: There and Back Again. Þær eru teknar upp samtímis og sýndar annars vegar 14. desember 2012 hins vegar og 13. desember 2013. *solveig@frettabladid.is*

Peter Jackson er leikstjóri stórmyndarinnar The Hobbit. Fyrri myndin af tveimur verður frumsýnd í desember á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

Vandaðir þýskir herraskór úr leðri og með skinnfóðri.
Teg: 23001/221. Stærðir: 40 - 47
Verð: 17.885.-

Misty skor Laugavegi 178
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

FITNESS BURRITO
395 KCAL
1.190 kr

Culiacan MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

HEIMILI

Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

Framhald af forsíðu

Snjóbrettalínan frá Nikita verður fyrst og fremst stíluð inn á „stelpur á öllum aldri" eins og annað sem fyrirtækið framleiðir. „Brettin taka mið af líkamsbyggingu kvenna, eru styttri og mjórri en tíðkast og í sömu litum og fatalínur Nikita. Tvær gerðir verða í boði, annars vegar „parkstreet"-bretti til notkunar innanbæjar og hins vegar „freestyle"-bretti sem henta við allar aðstæður," upplýsir Heiða og getur þess að snjóbrettaskór og -bindingar verði framleidd er fram líða stundir.

Í fyrra framleiddi fyrirtækið snjóbretti í samstarfi við K2, einn stærsta og virtasta snjóbrettaframleiðanda heims. Brettin voru hönnuð undir merkjum beggja fyrirtækja og náðu góðri sölu sem Heiða segir hafa haft áhrif á að fyrirtækið lagði í eigin framleiðslu.

„Viðtökurnar bentu sterklega til að mikil eftirspurn væri eftir snjóbrettum fyrir stelpur. Skrefið sem við tókum með brettunum þótti okkur líka vera til marks um vöxt fyrirtækisins sem er nú með starfsemi í fjórum löndum og selur vörur í 1.500 verslunum um allan heim. Við erum ekki lengur nýja fyrirtækið frá Íslandi heldur höfum fest okkur í sessi. Þar af leiðandi er mikilvægt að halda kúnnunum spenntum með því að koma reglulega á óvart. Brettin eru liður í því og verður vonandi vel tekið enda til vitnis um þá gríðarlegu vinnu sem liggur að baki öllu sem frá Nikita kemur."

roald@frettabladid.is

„Brettin eru til vitnis um þá gríðarlegu vinnu sem liggur að baki öllu sem frá Nikita kemur," segir Heiða um snjóbrettalínu sem Nikita hefur hannað. Austurríska fyrirtækið Elan framleiðir, en það er eitt það virtasta á sínu sviði.

ÚTFARIR

MIÐVIKUDAGUR **19. OKTÓBER 2011**

Kynningarblað
Siðir, nærgætni, kistur, steinar, krossar, lugtir, englar, þjónusta.

Hafa hlýju, auðmýkt og virðingu að leiðarljósi

Útfararþjónustan ehf. hefur verið í eigu Rúnars Geirmundssonar og fjölskyldu hans frá stofnun hennar. Hann segir mikilvægast að taka tillit til aðstæðna hverju sinni og nálgast verkefnið með auðmýkt.

Það er nauðsynlegt að hafa samband við útfararþjónustu sem fyrst eftir að andlát ber að," segir Rúnar Geirmundsson, eigandi Útfararþjónustunnar við Fjarðarás. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna af dánarstað og í líkhús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna. Útfararstjórinn heimsækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfarar. Í því felst í flestum tilfellum að velja prest og hafa samband við hann og síðan að tímasetja athafnirnar inn í forrit sem við notum og er beintengt við kirkjugarðana. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut en um það hafa aðstandendur auðvitað frjálsar hendur að mestu leyti."

Rúnar stofnaði Útfararþjónustuna á vormánuðum árið 1990 og hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Sigurður og Elís, þar ásamt föður sínum. Skrifstofa Útfararþjónustunnar er að Fjarðarási 25 í Reykjavík. Þar tekur útfararstjóri á móti aðstandendum og veitir þeim allar upplýsingar er varða undirbúning útfarar. Útfararstjóri kemur einnig heim til aðstandenda sé þess óskað.

Á Viðarhöfða í Reykjavík er aðstaða Útfararþjónustunnar fyrir líkbíla og kistur og þar er fullkomin aðstaða fyrir alla starfsemi útfararþjónustu. Að auki hefur Útfararþjónustan aðgang að aðstöðu í líkhúsinu við Fossvogskapellu.

Rúnar segir það ráðast mest af orðspori hvaða útfararþjónustu fólk velji og að bestu meðmæli sem hægt sé að fá sé að fólk leiti til þeirra aftur og aftur. „Satt best að segja byggist þetta dálítið mikið á persónulegum kunningsskap og ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út. Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólki við þessar aðstæður þjónustu sem kostar peninga en þetta hefur lærst í gegnum árin og við tökum mjög mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni."

Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur og síðan í eigin fyrirtæki. Hann segist hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk aðhyllist eða hvort það aðhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og það þurfum við alltaf að hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hlýja, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf."

„Ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út," segir Rúnar Geirmundsson útfararstjóri, sem rekur Útfararþjónustuna ehf. ásamt sonum sínum Sigurði og Elí.

MYND/GVA

Á VERKSVIÐI ÚTFARARSTJÓRA ER:

- að sækja hinn látna á dánarstað og flytja í líkhús
- að heimsækja aðstandendur og fara með þeim yfir þá þætti sem athuga þarf fyrir athöfn
- að aðstoða aðstandendur við að komast í samband við prest
- að skrá hinn látna og tímasetningar athafna í bókunarkerfi kirkjugarða
- að aðstoða við val á tónlistarfólki og prentun á sálmaskrá
- að aðstoða við kaup á blómum á kistu og krönsum sé þess óskað
- að sjá um að ganga frá hinum látna í kistu fyrir kistulagningu
- að hafa umsjón með kistulagningu
- að hafa umsjón með útför og akstri í kirkjugarð að henni lokinni
- að útvega kross og merkingu á leiði
- að taka saman sem innheimtuaðili reikninga frá tónlistarfólki, blómabúðum, kirkjuvörðum og prentun
- að senda aðstandendum reikning með samantekt allra sem að útför koma

Þær kistur sem við bjóðum, eru framleiddar í Danmörku og hafa staðist allar væntingar um fagleg vinnubrögð og góðan frágang.

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Fjarðarási 25 • 110 Reykjavík • Sími 567 9110 • 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Fjölskyldufyrirtæki í 21 ár



Rúnar Geirmundsson *Sigurður Rúnarsson* *Elís Rúnarsson* *Þorbergur Þórðarson*

Markmið okkar hefur ávallt verið að veita bestu faglegu þjónustu varðandi undirbúning og framkvæmd útfarar.

Gott að hjálpa til á erfiðum stundum

Athöfn útfararþjónusta leggur rækt við vönduð vinnnubrögð og persónulega þjónustu. Fyrirtækið sýnir aðstandendum trúnað um allt sem varðar útfarir ástvina eða ættingja.

Við erum rótgróið fyrirtæki sem leggur rækt við vönduð vinnnubrögð og persónuleg samskipti. Þegar við fórum út í þetta ákváðum við að opna heimilið okkar til þess að taka við aðstandendum. Nokkurs konar „funeral home“. Eins bjóðumst við til að fara heim til aðstandenda að ræða undirbúning útfara. Því hefur verið mjög vel tekið þar sem það er léttir fyrir marga að vera heima fyrir á viðkvæmum stundum,“ segir Inger Steinsson, útfararstjóri hjá Athöfn útfararþjónustu við Strandgötu 43 í Hafnarfirði.

„Þetta getur auðvitað verið viðkvæmt og sárt en líka mjög gefandi og þakklátt starf,“ segir Inger, hér ásamt dóttur sinni Inger Rós. MYND/GVA

Athöfn er alhliða útfararþjónusta sem sýnir aðstandendum trúnað í öllu sem varðar útför ástvinar eða ættingja þeirra. Útfararþjónustan þjónustar líka þá sem óska eftir borgaralegri útför og fólk í öllum trúfélögum. Þótt útfararþjónustan sé í Hafnarfirði þjónar hún öllu stór höfuðborgarsvæðinu. „Og í raun landsbyggðinni ef þjónustu okkar er sérstaklega óskað,“ tekur Inger fram.

Inger og eiginmaður hennar Ólafur Örn eru búin að vera starfandi við útfararþjónustu í yfir 15 ár. Þá var Inger fyrsta konan sem sinnti starfi útfararstjóra og var ekki alltaf auðvelt í fyrstu. „Þessi grein var búin að vera mikið karlaveldi. Seinna gekk dóttir okkar Inger Rós til liðs við okkur og þar með erum við orðnar tvær konur hjá Athöfn. Ég er ekki frá því að það komi sér vel, maðurinn minn hefur alla vega haft orð á því að við konur tökum öðruvísi á viðkvæmum málum en karlar. Hann fól okkur stundum alfarið umsjón mála þar sem sorgin var mikil.“

Inger tekur fram að þótt starf útfarastjóra geti tekið á telji hún sig afar lánsama að geta hjálpað aðstandendum á viðkvæmustu stundum í lífinu. „Þetta getur verið viðkvæmt og sárt en líka mjög gefandi og þakklátt starf.“

Lýsingin fjölskyldufyrirtæki á vel við Athöfn því barnabörn Ingerar og Ólafs eru farin að hjálpa til. „Þau elstu hafa verið að aðstoða okkur eftir því sem með þarf, sem er gott og notalegt. Og allir sinna starfinu af heilum huga og hjarta.“

Hægt er að hafa samband við Athöfn hvenær sem er sólahringsins í síma 551-7080.

Réttrúnaðargyðingar hafna líkbrennslu og leggja sitt fólk til hinstu hvílu eins fljótt og auðið er. NORDICPHOTOS/AFP

Ólíkir útfararsiðir

Útfarir eru af ýmsum toga og geta verið breytilegar meðal annars eftir trú, siðum og tíma.

Múslimar og gyðingar eiga það sameiginlegt að leggja sitt fólk til hinstu hvílu eins fljótt og auðið er en ekki fimm eða tíu dögum eftir andlát eins og tíðkast meðal kristinna.

Þegar múslimi andast er líkaminn þveginn og vafinn inn í hvítt klæði. Hinn látni er lagður á hægri hlið og andlitið látið snúa til Mekka í Sádi-Arabíu, þar sem borgin gegnir heilögu hlutverki meðal múslima.

Gyðingar, einkum rétttrúnaðargyðingar hafna líkbrennslu og eru hinir látnu grafnir í einföldum viðarkistum sem eiga að flýta fyrir niðurbroti líkamsleifa. Jarðarförin er yfirleitt látlaus og blóm og kransar tíðkast ekki. Síðar má þó leggja blóm á leiði hins látna.

Hindúar kjósa yfirleitt líkbrennslu, þar sem þeir trúa því að eldurinn losi sálina úr fjötrum líkamans. Eingöngu karlar eru viðstaddir útförina. Prestur fer með bænir á meðan nánasti aðstandandi hins látna, oft elsti sonurinn kveikir í bálkestinum. Að brennslu lokinni er ösku og líkamsleifum hins láta dreift á fljót, helst heilagt fljót.

Búddistar annaðhvort grafa eða brenna hinn látna og getur það farið eftir trúarafbrigði, siðum og aðstæðum. Taílenskir búddistar fara aðra hvora leiðina, sjö dögum frá andláti og eru sorgarklæðin svört eða hvít en aðrir litir þykja ekki við hæfi.

Helstu heimildir: visindavefur.hi.is og wikipedia.org.



Arnór L. Pálsson framkvæmdastjóri
Ísleifur Jónsson útfararstjóri
Frímann Andrésson útfararþjónusta
Svafar Magnússon útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST

Hugrún Jónsdóttir útfararþjónusta
Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta
Þorsteinn Elísson útfararþjónusta
Ellert Ingason útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen, ivarorn@365.is s. 512 5429.
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Samskiptin mikilvæg

Hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf. er áhersla lögð á traust og umhyggju. Fyrirtækið byggir á áratugareynslu starfsfólks en að mörgu þarf að huga þegar andlát ber að höndum.

„Yfirleitt er haft samband við okkur frá dánarstað og við beðin um að flytja hinn látna í líkhús. Tveir menn eru hjá okkur á útkallsvakt, alla daga ársins utan hefðbundins vinnutíma. Síðan hefst skipulagning útfararinnar og við sjáum um hana í samvinnu við aðstandendur,“ útskýrir Arnór L. Pálsson, framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna.

Að mörgu þarf að huga við andlát. Útfararstofan hefur samband við þann prest sem aðstandendur óska eftir, ákveða þarf stað og stund fyrir kistulagningu og útför en útför getur farið fram í hvaða kirkju sem er á höfuðborgarsvæðinu. Kistulagning fer venjulega fram í Fossvogskapellu eða bænhúsi við Fossvogskirkju, tveimur til sex dögum eftir dauðsfall. Kistulagt er alla virka daga frá 9 til 16 og útfarartímar eru klukkan 11, 13 og 15, mánudaga til föstudaga.

„Eins þarf að huga að sálmaskrá og vali á tónlistarfólki, organista og kirkjuskreytingum og hversu margir munu bera kistuna,“ bætir Arnór við. Ákvarðanirnar eru margar sem taka þarf, oft á erfiðum stundum. Arnór segir starfsfólk útfararþjónustunnar ávallt leggja sig fram við að veita bestu mögulegu þjónustu sem völ er á með áherslu á traust og umhyggju.

Arnór L. Pálsson, framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna, segir starfið erfitt á stundum en einnig gefandi. MYND/ANTON

Nauðsynlegt sé að geta gefið af sér.

„Það útskrifar enginn skóli útfararþjónustufólk, starfið lærist með reynslunni og mannleg samskipti þurfa að vera góð. Við búum að mikilli reynslu en hér hefur sami starfsmannahópur unnið árum saman,“ segir Arnór. „Sorgin er alltaf erfið og við hittum fólk á þeirra viðkvæmustu stundum. Þá er nauðsynlegt að starfsfólk geti gefið af sér. Starfið er erfitt en mjög gefandi.“

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, er stærsta útfararþjónusta landsins, stofnuð 1994 en áður höfðu Kirkjugarðar Reykjavíkur rekið útfararþjónustu frá árinu 1948. Viðtalsherbergi og skrifstofur eru til húsa að Vesturhlíð 2 í Fossvogi og þar er einnig aðstaða til gerðar sálmaskráa og skiltagerð. Lagerpláss og bílageymsla stofunnar er í Auðbrekku 1 í Kópavogi en fyrirtækið rekur fjóra Cadillac-líkbíla og Renault flutningabíl. Samvinna er við Útfararþjónustu Hafnarfjarðar og Fjöl-Smíð kistuverkstæði, um kistukaup.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.utfor.is

Leiðandi hönd í gegnum ferlið

Útfararþjónusta Hafnarfjarðar veitir afar persónulega þjónustu þar sem hjónin Hálfdán Hálfdánarson og Ólöf Helgadóttir ásamt útfararstjóranum Frímanni Andréssyni taka á móti fólki, jafnt úr Hafnarfirði sem og annars staðar af höfuðborgarsvæðinu.

Frímann Andrésson og Hálfdán Hálfdánarson hjá Útfararþjónustu Hafnarfjarðar hafa langa reynslu af því að umgangast fólk á viðkvæmum stundum í lífi þess. MYND/ANTON

Starfsfólk Útfararþjónustu Hafnarfjarðar vinnur náið saman fyrir aðstandendur látinna í húsnæði að Stapahrauni 5. Á skrifstofu Útfararþjónustunnar er tekið á móti aðstandendum en í sama húsnæði er líkkistuvinnustofa FjölSmíð sem Hálfdán stofnaði árið 1995. Þar er meðal annars hægt að fá kistur sem framleiddar eru frá grunni á verkstæðinu eða fengnar frá útlöndum. Partur af starfseminni er saumastofa á efri hæðinni þar sem Ólöf, eiginkona Hálfdáns, saumar meðal annars fóður í kisturnar, rúmföt og líkföt.

„Aðstaða okkar í Hafnarfirði er góð til þess að taka á móti aðstandendum en einnig komum við heim til fólks sé þess óskað," segir Frímann. „Við förum í gegnum og aðstoðum við allt skipulag og sami starfsmaðurinn fylgir fólki í gegnum allt ferlið og því sem þarf að huga að fyrir kistulagningu og útför. Þótt við höfum mest verið í því að aðstoða Hafnfirðinga er þjónustan opin öllum landsmönnum."

Að mörgu er að huga fyrir aðstandendur þegar náinn ættingi fellur frá. Hálfdán segir útfararþjónustu þeirra geta aðstoðað fólk sem þarf að halda kostnaði niðri við að finna hagkvæmustu leiðina og þá sé einnig hægt að fara algerlega í hina áttina, þar sem verðflokkarnir séu hærri.

„Það er flestum mjög erfitt að ganga í gegnum það að kveðja náinn ættingja eða vin og við höfum langa reynslu af umsjón útfara og því að umgangast fólk á viðkvæmum stundum í lífi þess. Við fylgjum fólki allan tímann og aðstoðum við það sem þarf að sinna," segir Frímann og útskýrir í hverju sú aðstoð felst.

„Andlát verða helst á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða í heimahúsum. Þá sjáum við um að flytja hinn látna í líkhús og þá tekur meðal annars við ákvörðun um val kistu. FjölSmíð, líkkistuvinnustofa Hálfdáns, framleiðir meðal annars kistur frá grunni, af öllum gerðum og eins eru í boði kistur sem koma frá útlöndum, meðal annars úr eik, birki og furu. Einnig erum við með ýmsar tegundir af duftkerum en það hefur verið mikil aukning í bálförum síðustu árin. Allar kistur og duftker sem við höfum er hægt að skoða á heimasíðu okkar uth.is."

FjölSmíð, líkkistuvinnustofa Hálfdáns, framleiðir meðal annars kistur frá grunni.

Útfararþjónusta Hafnarfjarðar selur meðal annars kistur frá danska framleiðandanum Tommerup en í tilefni af 100 ára afmæli Tommerup árið 2010 er svokölluð demantslína komin í framleiðslu, hönnuð af Jakob Jensen. Er því nú hægt að fá kistu sem hefur útlit eins og demantur.

Auk kistunnar eru líkföt og rúmföt, svo sem sæng, koddi og blæja, valin og ákveðið hvernig búa skuli um hinn látna í samráði við aðstandendur. „Við sjáum um að útvega það sem fólk vill en ofan á kistuna fara ýmist fallegar blómaskreytingar eða að kistan er sveipuð íslenska fánanum. Líkmenn þurfa að vera 6-8. Við útvegum kross og skilti á leiði, sjáum um milligöngu varðandi tónlistarflutning og prentun á sálmaskrá," segir Hálfdán, en það munar miklu fyrir aðstandendur að hafa leiðandi hönd í gegnum ferlið.

„Við sjáum einnig um samskipti við starfsmenn kirkjugarðanna og í raun að allt sé tilbúið fyrir útfardaginn sem og kistulagninguna," segir Hálfdán, en starfsmenn Útfararþjónustunnar taka á móti aðstandendum við kistulagninguna, eru þeim innan handar og sjá til þess að allt sé tilbúið.

Að morgni útfarardags er kistan flutt í kirkjuna og þegar aðstandendur koma til kirkju er farið yfir með líkmönnum hvernig þeir bera sig að í kirkju og kirkjugarði.

„Líklega munar mestu með okkar þjónustu að við aðstoðum við hvert smáatriði. Fólk þarf því ekki að fara á marga staði, sem léttir undir og gerir viðkynnin persónulegri," segir Frímann að lokum.

ÚTFARARÞJÓNUSTA HAFNARFJARÐAR

Stapahraun 5 - 220 Hfj.
uth.is - uth@simnet.is - Sími: 565-9775

FJÖLSMÍÐ LÍKKISTUVINNUSTOFA
Stofnað 1995

ÚTFARARÞJÓNUSTA HAFNARFJARÐAR

FRÍMANN ANDRÉSSON
ÚTFARARSTJÓRI

HÁLFDÁN HÁLFDÁNARSON
ÚTFARARSTJÓRI

Stjörnur sem enn skína skært

Fjöldi fólks hvaðanæva að úr heiminum leggur árlega leið sína að gröfum frægra listamanna, stjórnmálaleiðtoga og hugsuða. Dæmi eru um að hinir látnu laði að fleiri ferðamenn en vinsæl söfn, söguleg mannvirki og önnur kennileiti.

Því fer fjarri að Notre Dame, Eiffelturninn og Louvre-safnið séu eina aðdráttarafl Parísar. Gröf Jims Morrison (1943-1971) hefur um langt skeið verið einn vinsælasti viðkomustaður þeirra sem leggja leið sína til borgarinnar. Þar var tónlistarmaðurinn lagður til hinstu hvílu fyrir fjörutíu árum í Père Lachaise-kirkjugarðinum innan um aðra listamenn á borð við Frédéric Chopin og Mariu Callas, hugsuði, stjórnmálaleiðtoga og stríðshetjur.

Sjaldan er þó lognmolla í kringum hvíldarreitinn, þar sem lögreglan hefur oft þurft að hafa töluverð afskipti að næturlagi af Morrison-aðdáendum sem vilja heiðra átrúnaðargoðið með áfengi og sígarettum. Malibu er gjarnan tekið fram, en drykkurinn ku hafa verið í uppáhaldi hjá tónlistarmanninum.

Graceland í Memphis, óðalssetur Elvis Presley (1935-1977), er sjálfsagt ein þekktasta bygging í Bandaríkjunum á eftir Hvíta húsinu. Árlega heimsækja kringum 600.000 ferðamenn heimili rokkkóngsins sáluga þar sem hann bjó til hinsta dags. Hægt er að fara í skoðunarferð um Graceland og sjá gröf Presleys og móður hans Gladys. Þangað voru líkamlegar leifar þeirra fluttar úr íburðarmiklu grafhýsi í Forest Hills-kirkjugarðinum í Memphis vegna skemmdarverka af völdum aðgangsharðra aðdáenda.

Vinsældir leikkonunnar Marilyn Monroe (1926-1962) eru slíkar að árlega flykkjast þúsundir manna að gröf hennar í Westwood Memorial Park í Los Angeles. Ekki láta þó allir nægja stutta heimsókn því marga dreymir hreinlega um varanlega búsetu í námunda við gröf Monroe. Kom það bersýnilega í ljós fyrir nokkrum árum þegar grafhvelfingin þar við hliðina var boðin upp á eBay og seldist að lokum eftir mikil læti fyrir litlar 4,6 milljónir dala. Þess má geta að í Westwood Memorial Park er jafnframt að finna grafir margra af skærustu stjörnum bandarískrar dægurmenningar, svo sem leikaranna Deans Martin og Donnu Reed.

Sjaldan hefur andlát nokkurrar manneskju hlotið jafn mikla athygli og andlát Díönu Spencer (1961-1997). Heimsbyggðin syrgði Díönu, sem lést í bílslysi 31. ágúst 1997, og í marga mánuði á eftir þöktu blóm strætin utan við Buckinghamhöll til minningar um prinsessuna. Díana var grafin í Althorp, landareign Spencer-fjölskyldunnar, í Northamptonshire á Englandi. Gröfin er á lítilli eyju í miðju vatnins Round Oval. Ferðamenn geta frá júlí til september skoðað þar safn helgað henni en blátt bann er lagt við heimsóknum út í eyjuna.

Michael Jackson (1958-2009) var borinn til grafar hinn 3. september 2009 í Forest Lawn-kirkjugarðinum í Glendale í Los Angeles. Enn sem komið er er þó ekki hægt að heimsækja leiði poppkóngsins þar sem hann hvílir í kjallara byggingar í kirkjugarðinum. Ættingjar Jacksons létu flytja hann þangað af ótta við hugsanleg skemmdarverk á leiðinu. Um sinn verða gallharðir aðdáendur því að láta sér nægja heimsókn til Forest Lawn, þar sem víst er að andblær poppkóngsins fallna ríkir.

Fjöldi fólks safnaðist saman við leiði **Jims Morrison** í Pére Lachaise-kirkjugarðinum í París í júlí til að minnast þess að 40 ár voru liðin frá dauða hans. NORDICPHOTOS/AFP

Joe DiMaggio sá um útför fyrrverandi eiginkonu sinnar **Marilyn Monroe**. Hann lét senda sex rauðar rósir til hennar þrisvar í viku í meira en 20 ár eftir fráfall hennar.

Í Graceland er hægt að skoða leiði **Elvis Presley**, en það er iðullega blómum skreytt og þar logar eilífur logi.

Díana er grafin á eyju í litlu vatni á landareign Spencer-fjölskyldunnar. Skammt frá er safn helgað prinsessunni sem er opið almenningi.

Leysa praktísk mál á erfiðum tímum

Hjá Útfararstofu Íslands starfa útfararstjórar með áralanga reynslu. Þar er höfuðáhersla lögð á trausta og persónulega þjónustu.

Útfararstofa Íslands liðsinnir aðstandendum látinna frá því ástvinur deyr og þar til greftrun á sér stað; hvort sem það er í kistu eða duftkeri. „Við reynum að létta praktísku málunum af aðstandendum á erfiðum tímum," segir eigandinn og útfararstjórinn Sverrir Einarsson, sem stofnaði stofuna árið 1996 ásamt Sverri Olsen, en hún er staðsett í Suðurhlíð 35. Sjálfur hefur hann starfað í faginu í bráðum þrjátíu ár en hvað kom til? „Ég hafði unnið sem sumarstrákur í kirkjugörðunum en var síðan tekinn inn í afleysingar. Eitt leiddi af öðru og ég hef unnið við þetta síðan," segir Sverrir.

En í hverju felst þjónustan? „Þegar aðstandandi deyr er fyrsta skrefið að hringja í prest eða útfararstofu. Þegar hringt er í mig tek ég niður allar grunnupplýsingar og hef samband við prest ef þess er óskað. Síðan óska ég yfirleitt efir fundi með fólki og kemur það ýmist til mín eða ég til þess. Þegar búið er að finna út hvaða tími hentar fyrir kistulagningu og útför sjáum við um að bóka kirkju, kalla til kór, organista og tónlistarfólk sem óskað er eftir að komi fram. Þá aðstoðum við fólk við val á kistu og förum yfir hvort það vilji koma með eigin fatnað á hinn láta eða hina látnu eða óski eftir líkklæðum. Við sækjum hinn látna, göngum frá í kistu og snyrtum ef þarf. Þá sjáum við um að útvega blómaskreytingar sé þess óskað, prentum sálmaskrá og útvegum grafreitinn ef hann er ekki þegar til. Við undirbúum kistulagningu og tökum á móti fólki og það sama gerum við í jarðaförinni sjálfri. Við sjáum svo um að aka í kirkjugarðinn að athöfn lokinni eða í Fossvog ef um bálför eða ræða. Sé um bálför að ræða er kerið sett niður síðar með nánustu ættingjum."

Sverrir segir bálförum hafa fjölgað mikið en kann hann skýringu á því? „Yngri kynslóðir eru opnari fyrir þeim og umfjöllunin er jákvæðari en áður. Það er meiri umræða um lífið og dauðann og allar upplýsingar eru mun aðgengilegri en áður."

Útfararstjórarnir Hermann Jónasson, Kristín Ingólfsdóttir og Sverrir Einarsson segja orðspor og gott viðmót skipta fólk máli við val á útfararþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

En hvað verður til þess að fólk velur eina útfararstofu umfram aðra. „Ég held að það sé nú fyrst og fremst orðsporið og svo er þetta svolítið maður þekkir mann lögmálið. Ég hugsa til dæmis að verðmunurinn sé ekki mikill. Það er fyrst og fremst gott viðmót sem fólk sækist eftir."

Sverrir segir starfið gefandi þó það reyni vissulega á. „Ef um svipleg fráföll er að ræða eða fráfall barns eða ungrar manneskju lætur það mann ekki ósnortinn. Þá er gott að vinna með góðu fólki auk þess sem við erum í samskiptum við fjölda presta sem er alltaf hægt að leita til." Með Sverri starfa útfararstjórarnir Kristín Ingólfsdóttir og Hermann Jónasson. Hefðbundinn opnunartími er frá 8-17 en þó er hægt að hafa samband allan sólarhringinn. Sjá nánar á utforin@utforin.is.

Engill dauðans. Oftast er sláttumaðurinn þó ekki fagur engill, heldur fremur óhugnanleg persóna eða beinagrind.

Slyngur sláttumaður

Hvaðan eru hugmyndirnar um dauðann sem beinagrind með ljá í hendi upprunnar?

Á Íslandi er dauðinn gjarnan persónugerður sem maðurinn með ljáinn, og í sálminum „Um dauðans óvissan tíma“ líkir Hallgrímur Pétursson dauðanum við slyngan sláttumann. Á ensku heitir hann Grim Reaper eða Scythe-man og á þýsku Sensemann.

Hugmynd okkar á Vesturlöndum um dauðann sem mann með ljá, sigð eða hníf í hendi má sennilega rekja til Opinberunar Jóhannesar í Nýja testamentinu.

Ekki er með öllu ljóst hvaða sláttuverkfæri er átt við í gríska frumtextanum en í hugarheimi fólks hefur dauðinn trúlega haft það í hendi sem mönnum var skiljanlegast á hverjum stað: Sigð er notuð við kornskurð en ljár á gras. Ekki er sláttumaðurinn fagur engill, heldur oftast fremur óhugnanleg persóna eða beinagrind. Í myndlist miðalda er hann gjarnan með ljá í hendi, sem líklega hefur þótt ógnvænlegra en hokinn maður með sigð. Þýsku og flæmsku málararnir Dürer og Bruegel á 16. öld hafa hann auk þess á skinhoruðum hesti. www.visindavefurinn.is



Grand
ERFIDRYKKJUR

Samvera í notalegu umhverfi

Á Grand Hótel Reykjavík færðu faglega og persónulega þjónustu.

· Fjölbreytilegt úrval sala sem henta vel til erfidrykkju
· Fyrirmyndaraðstaða fyrir allt að 400 manna erfidrykkjur
· Veitingar eru allar búnar til á staðnum, ávallt úr fersku og hágæða hráefni
· Dekkuð borð með rósum og kertum
· Sérstakt borð til heiðurs hinum látna með gestabók, ljósmynd, blómum og kertum
· Fagleg þjónusta og hlýlegt viðmót
· Frábært aðgengi að hótelinu ásamt nægum bílastæðum

Hlýlegt og gott viðmót á Grand

Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38
105 Reykjavík
Sími: 514 8019
E-mail: erfidrykkjur@grand.is

Grand HÓTEL REYKJAVÍK



Erfidrykkjur af alúð

Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og hlýju.
Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.

Sími: 525 9930
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson BLU HÓTEL SAGA, REYKJAVÍK

PIPARTBWA • SÍA

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Erfidrykkja á Hótel Borg

brauðtertur
brauðréttir
flatbrauð
pönnukökur
snittur
tertur

Salir af öllum stærðum sem henta fyrir allt að 500 manns.

Starfsfólk Silfurs veitir allar nánari upplýsingar um salakynni og veitingar.

Sími: 578 2008 Rafpóstur: info@silfur.is

HÓTEL BORG

Starfsmenn Útfararþjónustu Kirkjugarða Akureyrar, þau Matthías Þorbergsson og Bergljót Sigurðardóttir, standa hér í kapellu útfararþjónustunnar. MYND/HEIÐA.IS

Þjónusta Norðurland

Útfararþjónusta Kirkjugarða Akureyrar býður persónulega þjónustu og leiðir aðstandendur látinna í gegnum útförina af kunnáttu og tillitssemi.

Þegar aðstandendur leita til okkar byrjum við á að fá þá til okkar í viðtal og spjall. Þá förum við í gegnum alla þætti sem þarf að huga að. Síðan hefur fólk val um það hvaða þjónustu það vill fá okkur til að sjá um og hvað það vill gera sjálft," segir Þórhalla Halldórsdóttir, útfararstjóri hjá Útfararþjónustu Kirkjugarða Akureyrar. Hún segir að mikil áhersla sé lögð á persónulega þjónustu enda fylgi sama manneskjan fólkinu eftir í öllu ferlinu.

„Við gerum nánast allt það sem fólk óskar eftir," segir Þórhalla. „Við sendum auglýsingar, pöntum blóm, útbúum sálmaskrá, útvegum tónlistarfólk og búum hinn látna í kistu." Þá getur útfararstofan einnig aðstoðað við skipulagningu erfidrykkju, pantað sal og veitingar.

Útfararþjónusta Kirkjugarða Akureyrar hefur yfir góðri aðstöðu að ráða, bæði líkhúsi og kapellu. Þá á þjónustan tvo góða líkbíla. Þórhalla bendir á að útfararþjónustan hafi nóg af kistum og krossum á lager auk þess sem hún þjónusti allt Norðurland og geti sent kistur og krossa hvert á land sem er.

Þórhalla segir fólk hafa ákveðnar skoðanir á hvernig útfarirnar eigi að fara fram og hvers konar krossa og kistur það kýs. Ávallt sé reynt að koma til móts við óskir aðstandenda.

Íslenskar steintegundir vinsælar

Steinsmiðjan Mosaik hefur starfað frá árinu 1952 og fagnar því 60 ára starfsafmæli á næsta ári.

Fyrstu árin framleiddum við einkum steinsteypt handrið, terrazzo-gólf, gifslista og rósettur en fyrir um það bil 45 árum hófum við framleiðslu á legsteinum sem eru nú aðalsöluvaran okkar," segir Sonja Waltersdóttir Ferrua.

„Það er að mörgu að huga þegar kaup á legsteinum eru annars vegar, bæði varðandi steintegundir, leturgerðir og fylgihluti. Mosaik er með mjög mikið úrval af legsteinum bæði úr íslenskum og erlendum steintegundum. Marmari og granít eru innfluttar steintegundir og svo erum við með gabbró, líparít og blágrýti, öðru nafni stuðlaberg, af þeim íslensku. Við bjóðum við upp á margar leturgerðir í sandblásnum stöfum og tvær gerðir af koparstöfum."

Sonja segir að legsteinar úr graníti séu vinsælastir hjá Mosaik en á hæla þess komi íslenska blágrýtið. „Það eru margir sem vilja aðeins fá íslenska steintegund þegar þeir velja legstein. Bæði granít og blágrýti eru mjög veðurþolnar steintegundir og henta vel íslenskri veðráttu. Þá erum við með með mjög mikið úrval af fylgihlutum fyrir legsteina; luktir á leiðin, blómavasa, fugla og englastyttur."

Sonja segir að Mosaik leggi mikið upp úr góðri þjónustu og vönduðum vinnubrögðum við framleiðslu og uppsetningu legsteina. Við tökum einnig að okkur að lagfæra og hreinsa eldri legsteina og mála ofan í stafina þegar málningin er farin að láta á sjá. Sömuleiðis hefur fólk samband við okkur til að láta rétta skakka steina eða gera endurbætur á gömlum steinum.

Sonja Waltersdóttir Ferrua við hluta af því úrvali af legsteinum sem Mosaik hefur upp á að bjóða. MYND/GVA

TILBOÐSDAGAR

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land á legsteinum
sem pantaðir eru frá 20. okt. – 30. nóv.

MOSAIK • Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík
sími 587 1960 • www.mosaik.is

GÓÐ TILBOÐ

Mosaik er oft með tilboð í gangi og nú ætlar fyrirtækið að bjóða upp á fríar uppsetningar á höfuðborgarsvæðinu og fríar sendingar út á land af þeim legsteinum sem pantaðir eru hjá því frá 20. október til 30. nóvember.
www.mosaik.is

Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa tæplega 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

18-49 ára	Höfuðbsv.	Landið allt	12-80 ára	Höfuðbsv.	Landið allt
Fréttablaðið	69,9%	57,7%	Fréttablaðið	73,1%	60,1%
Morgunblaðið	26,3%	24,4%	Morgunblaðið	33,4%	31,5%
DV	9,5%	9,4%	DV	11,4%	10,9%
Fréttatíminn	44,4%	32,3%	Fréttatíminn	50,7%	36,9%
Finnur.is	25,3%	19,6%	Finnur.is	33,8%	26,1%
Monitor	24,5%	22,4%	Monitor	24,4%	23,5%
Viðskiptablaðið	7,1%	6,8%	Viðskiptablaðið	9,8%	8,7%

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Júlí til september 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...

Graníthúsið sendir legsteina frítt út á land.

„Við ákváðum strax fyrir ári, þegar við settum meiri áherslu á legsteinasölu, að bjóða upp á eins gott verð og mögulegt væri," segir Guðni. MYND/VILHELM

Flestir steinarnir eru úr graníti og unnir í Kína. Einnig er hægt að fá steina úr marmara og íslensku grjóti.

Frábær þjónusta og betra verð

Graníthúsið í Hafnarfirði kom með ferskan blæ inn á legsteinamarkaðinn á síðastliðnu ári. Úrval legsteina var aukið og verðið er afar hagstætt. Þá hefur þjónustan við landsbyggðina verið bætt til muna auk þess sem Graníthúsið sendir legsteina frítt út á land.

Graníthúsið hefur á undanförnu ári lagt aukna áherslu á framleiðslu og framboð á legsteinum. Fyrirtækið flutti nýlega þann hluta þjónustunnar í stærra húsnæði við Helluhraun 12 og býður góða vöru á mjög samkeppnishæfu verði.

Senda frítt út á land

„Þegar við fórum af auknum krafti út í legsteinasölu urðum við fljótt varir við að fólk kvartaði mjög undan því hve dýrt væri að fá legsteina senda út á land. Kostnaðurinn væri allt að 40 þúsund krónur allt eftir staðsetningu. Við tókum þá ákvörðun að reyna að koma því þannig við að allir sætu við sama borð," segir Guðni Sigurðsson, starfsmaður Graníthússins. Í framhaldi af því var samið við flutningafélög og þar sem ætlunin var að senda töluvert magn af steinum náðust góðir samningar. „Þannig náðum við að lækka verðið all verulega og ákváðum að bjóða fólki að senda legsteina frítt út á land," upplýsir Guðni og segir þessa þjónustu hafa mælst afar vel fyrir.

> **Við höfum kappkostað að ganga eins vel frá steinunum og hægt er á leiðunum. Við viljum gera þetta eins og við værum að vinna að leiði eigin ættingja.**

Hann segir langalgengast að fólk komi sjálft til að velja sér stein þrátt fyrir að það þurfi að koma langar leiðir. „Fólk gefur sér góðan tíma til að velja stein. Þetta er enda svo persónulegt val og fólk þarf að koma við steininn og fá tilfinningu fyrir honum áður en hann er valinn."

Mikið úrval legsteina

Flestir legsteinar Graníthússins koma frá Kína. „Við erum með afar færa konu sem vinnur fyrir okkur þar," segir Guðni, en Graníthúsið bæði kaupir steina sem eru seldir víðar og lætur smíða fyrir sig steina eftir eigin hönnun. „Við erum til dæmis með hönnuð núna sem vinnur að þremur steinum sem verða í boði hjá okkur á næsta ári," segir Guðni og bætir við að einnig sé sá möguleiki fyrir hendi að láta sérsmíða steina fyrir fólk sem hefur sérstakar skoðanir á útliti og stærð.

„Flestir steinarnir eru úr graníti en það er einnig hægt að fá steina úr marmara og íslensku grjóti," upplýsir Guðni. Hann segir ætlunina að auka enn meira úrvalið af íslenskum steinum í framtíðinni.

Hagstætt verð

Verðið á legsteinum Graníthússins er afar hagstætt miðað við íslenska markaðinn. „Við ákváðum strax fyrir ári þegar við settum meiri áherslu á legsteinasölu, að bjóða upp á eins gott verð og mögulegt væri," segir Guðni. Hann áréttar að fyrirtækið sé í öðrum rekstri líka, framleiði borðplötur og sinni steinsmíði, og legsteinarnir falli vel að þeim rekstri. „Þannig fáum við góða nýtingu úr tækjunum okkar og með því móti getum við boðið þetta góða verð."

Framúrskarandi þjónusta og umgengni

„Við höfum kappkostað að ganga eins vel frá steinunum og hægt er á leiðunum. Við viljum gera þetta eins og við værum að vinna að leiði eigin ættingja," segir Guðni, en fallegur frágangur er hafður að leiðarljósi hjá starfsmönnum Graníthússins. „Meirihluti fólks hringir í okkur eftir að við höfum sett upp steinana og þakkar fyrir fráganginn. Það gefur okkur mikið," segir Guðni og bætir við að forsvarsmenn kirkjugarðanna hafi einnig hrósað þeim fyrir hvernig gengið sé um garðana og leiðin.

Yfirleitt líður eitt til tvö ár frá jarðarför og þar til legsteinn er settur á leiði. „Það er hægt að gera það fljótlega eftir jarðarförina en það þýðir að huga þarf betur að frágangi síðar meir, þar sem jarðvegurinn breytist og sekkur," lýsir Guðni. Hann áréttar að Graníthúsið bjóði upp á þá þjónustu að koma síðar til að laga legsteininn ef hann fer að síga eða halla. „Það er einnig stefna okkar að auka þjónustu okkar í viðhaldi á legsteinum og leiðum," segir hann.

Guðni bendir á að Graníthúsið bjóði einnig upp á ýmsa aukahluti sem fylgi legsteinum. „Fyrir jólin ætla ég til dæmis að bjóða koparlugtir til sölu sem við munum setja frítt á steinana. Það er fallegt í þessum dimma mánuði að lýsa upp myrkrið," segir hann.

Nánari upplýsingar um legsteina og þjónustu Graníthússins er að finna á vefsíðunni www.granithusid.is

Endurskinsmerki eru nauðsynleg þessa daga enda svartamyrkur kvölds og morgna. Ökumaður sér barn í dökkum fötum án endurskinsmerkja í 26 metra fjarlægð en barn í ljósum fötum án endurskinsmerkja í 38 metra fjarlægð. Barn með endurskinsmerki sést hins vegar í 136 metra fjarlægð. Heimild: www.us.is

Margir fyllast sjálfsagt fortíðarþrá við að sjá þennan Lamborghini enda þykir hann minna eilítið á tímavélina úr kvikmyndabálkinum Back to the Future.

Nýjasti Bentleyinn vakti athygli fyrir fágað útlit.

Brot af því besta

Íburður var allsráðandi á bílasýningunni Saudi Auto Luxury sem var haldin í Sádi-Arabíu fyrir skemmstu.

Meðal þess sem bar fyrir augu sýningargesta var þessi glæsilegi rauði Mustang GT-350.

Audi R8 GT þykir ekki einungis vera glæsilegur útlits heldur lipur í akstri.

Lamborghini var sýndur í nokkrum litum, þar á meðal þessari gulu útfærslu.

ÍSLENDINGAR
ELSKA
JÓLAHLAÐBORÐ

NÚ NÁLGAST TÍMI JÓLAHLAÐBORÐANNA.

Borðin svigna undan gómsætum kræsingum á veitingahúsum landsins og fólk nýtur fjölbreyttra rétta um leið og það leyfir jólaandanum að koma yfir sig. Íslendingar hreinlega elska jólahlaðborð.

Sérblað um jólahlaðborð fylgir helgarblaði Fréttablaðsins laugardaginn 22. október.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:

BENEDIKT FREYR JÓNSSON
S: 512 5411, GSM: 823 5055
benediktj@365.is

Rafstilling ehf

Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

Geymslu-
og dekkjahillur

í bílskúrinn,
geymsluna,
heimilið
og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00

JEPPARAFGEYMAR

Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

TÍSKA

Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

B.STURLUSON

Tilboð á söluðum vörubíla- og vagnadekkjum frá Boss

Sóluð Boss vetrardekk með N41 munstri, 315 80 R22.5, tilboðsverð 56.873,- með VSK Sóluð Boss vagnadekk með heilsársmunstri, 385 65 R22.5, tilboðsverð 59.735,- með VSK Dunlop vetrarframdekk til í 295, 315, 385 og 385 míkróskorið. Bjóðum upp á neglingu.

B. Sturluson ehf
Vagnhöfði 6, 110 Reykjavík
Sími: 577 1189
Eigum til stálfelgur undir vörubíla og vagna
http://www.trucks.is

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

P. KARLSSON ehf.

Sértilboð á húsbílum.
Hymer CC G644 árg 06
tilb. 4.990.000.

Hymer CC G684 árg 06
tilb. 5.200.000.

LMC Breezer V654G árg 09
tilb. 8.990.000.
www.pkarlsson.is/www.lmc.is

www.lmc.is

P. Karlsson ehf
Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi
Sími: 824 3900

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

Sérpöntum varahluti frá USA

Auka- og varahlutir frá USA
Fáðu tilboð hjá okkur í þá vara- og aukahluti sem þig vantar. Hröð þjónusta og einstök fagþekking. Getum pantað bæði "original" og "aftermarket" varahluti.



GMC
PONTIAC
Ford
Jeep

Opnunartími verslunar:
Virka daga frá kl. 8-18.
Lokað um helgar.

Vagnhöfði 23 - **S: 590 2000**
benni.is - verslun@benni.is

Bílahúð Benna

Sérfræðingar í bílum

Til sölu

BÍLAHÖLLIN HF
BÍLASALA
BÍLDSHÖFÐA 6
www.bilahollin.is

Honda CR-V Executive, '03/2008 Ekinn 60þús. Ssk, Leður, Dráttarkrókur, Glerþak. Glæsilegur bíll. Ásett Verð 4.290.000.- Ath. skipti ódýrari.

BMW 1 116 H/B E87, '04/2005 Ekinn 96þús. Bsk 5 gíra. Ásett Verð 1.790.000.- Ath. skipti ódýrari.

Subaru Legacy Sedan, '04/2007 EKinn 89þús. Bsk 5 gíra, Ný kúpling, Góður bíll fyrir veturinn. Ásett Verð 2.290.000.- Ath. Skipti ódýrari.

Subaru Legacy Wagon GL 4wd, '05/2000 Ekinn 162þús. Ssk, Mjög laglegt eintak. Ásett Verð 790.000.-

VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.
www.bilahollin.is

100 bílar bílasala 100bilar.is

Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is

Bílamarkaðurinn

M.BENZ M ml 320 cdi. Árgerð 2006, ekinn 96 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.221324.

BMW 1 120i h/b e87. Árgerð 2005, ekinn 81 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. tilboð 1.890.000 Rnr.220988.

MMC Pajero gls. Árgerð 2000, ekinn 180 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.650.000. tilboð 1.099.000 kr Rnr.250552.

TOYOTA Land cruiser 90 vx. Árgerð 2002, ekinn 179 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. tilboð 1.399.000 Rnr.

KIA Carnival. Árgerð 2008, ekinn 190 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.7 MANNA ÁSETT VERÐ 2.790Þ. TILBOÐSVerð 1.990.000. Rnr.216566.

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

Bíla Þrís

Dísel - sjálfskiptur !
SKODA Octavia ambiente dísel. Árgerð 2006, ekinn aðeins 96þ.km. dísel, sjálfskiptur. Einn eigandi. Verð 2.290þ. Rnr.100006. Sparneytinn og flottur - er á staðnum! Sjá fleiri myndir og aðrar uppl. á www.bilapris.is

Bílaprís
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 575 1010
Opið virka daga 10-18 og laug. 12-16
http://www.bilapris.is

HÖFÐAHÖLLIN

Tangabryggja 14-16, 110 Rvk.
S. 567 4840 www.hofdahollin.is

PEUGEOT 306 BREAK STW Árgerð 1999. Ekinn 179 Þ.KM Verð kr. 250.000.

VOLVO V70 AWD 4X4 20V NÝTT LAG 00 Árgerð 2001. Ekinn 199 Þ.KM Verð kr. 1.390.000.

Höfðahöllin
Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is

bíll.is
bestir í bílum...

VW Transporter kasten langur 4x4. Árgerð 2008, ekinn aðeins 68 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.540.000. Rnr.144388.

CADILLAC Escalade awd 22" . Árgerð 2008, ekinn 58 Þ.KM Hlaðinn Búnaði Verð 7.490.000. Skoðar ýmis skipti Rnr.144997.

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

NÝJA BÍLAHÖLLIN
567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN

BMW X3 2.0d lux disel. Árgerð 2008, ekinn 50 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Vetrar+sumardekk Verð 5.590.000. gullmoli Rnr.111778.

TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgerð 2007, ekinn 78 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.290.000. Rnr.217408.

LAND ROVER Range rover sport se disel. Árgerð 2007, ekinn 101 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.700.000. gott stgr. verð Rnr.111935.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar til sölu

Ódýr bíll !!!!!!!!
Toyota corolla station til sölu árg: '99 ek: 193.000. framhjóladrif. 1,6 vél. í TOPPstandi og mjög vel farin. 2012 skoðun, ný tímareim, ný búið að laga púst, nýir diskar og bremsuklossar að framan. verð 490.000 áhugasamir hafid samband i sima 697 7842.

METAN sparnaður

50% ódýrara eldsneyti með metan breytingu. Engin útborgun. Greiðist með rekstrarsparnaði! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - S. 5522000.



Til sölu Renault Megane árg. 2006. Sjálfskiptur og með loftkælingu, bensín, ekinn 75 þús. km. Heilsársdekk. Verð 1.390 þús. kr. Upplýsingar í síma 866 1832.

Ford Econoline 1997 til sölu. Power stroke vél. Ekinn 185.000 km. 15 sæta. Verð 1780 þúsund. Sími 892 8585.

M. Benz jeppi 320 árg. '00. Ek. 114 þ. Sjálfs., bensín. Ný dekk, vatnskassi og fl. Verð 1.390.000. Uppl. í s. 660 9802.

Renault Megane Classic '98. Sk. 2012. Ný vél 120 km og tímar. V 240 þús. S. 864 6587.

Honda shuttle ies 2000 árg. Ekinn 191 þkm. sk 12. Góður bíll. 7 manna. Verð 590þús. Uppl. í 894 9529.

250-499 þús.

Sparigrís á tilboði 290 þús!
RENAULT CLIO 1,2 árgerð '99 ek.150 þús. 5 dyra, skoðaður 2012, góður bíll sem eyðir mjög litlu! ásett verp 390 þús. Tilboð 290 þús. stgr! s. 841 8955.

4x4 sjálfskiptur
Suzuki Vitara 2.0 v6, árg. '96, 4x4, ekinn 210þús. sjálfskiptur, 5 dyra, gott eintak af bíl, Tilboðsverð 360þús. uppl. í s: 659-9696.

500-999 þús.

Grand Vitara 2,0 árgerð 2000. Ek. 119.000 km. Beinsk. m. krók. Nýsmurður, nýlegt í bremsum að framan og nýleg dekk. Verð 850.000. S-849-4959.

Bílar óskast

Óska eftir bíl 25-250þús á borðið !

Óska eftir bíl fyrir allt að 250þús. staðgreitt, fólksbíl eða smábíl. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. s. 691 9374.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hópferðabílar

M.B Sprinter '05 ekinn 465.þ 17.manna verð 4.2millj. uppl. 840 4151.

Vespur

Xling bensínvespa, lítið ekin og ný skoðuð Tilboðsverð: 110.000.- sími: 861 5718.

Fjórhjól

Can-am Renegade árg.2011 Xxc 800. Götuskráð Frábært í leik og störf. Úrval aukahluta. Verð 3390.000.- Tilboð 2990.000.- Upplýsingar í 820-1418 & 840-1757 www.ellingsen.is

Can-am 400 2011 Létt og lipurt fjórhjól. Götuskráð. Verð 1950.000.- Tilboðsverð 1650.000.- Úrval aukahluta. Upplýsingar í 820-1418 & 840-1757 www.ellingsen.is

Bátar

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

Bílaþjónusta

PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

Frumherji

Söluskoðanir Frumherja

Ertu að kaupa bíl? Taktu ekki óþarfa áhættu. Láttu frekar greina ástand bílsins með ítarlegri söluskoðun hjá Frumherja. Skoðunin kostar 9.900. Ekki þarf mikið til að söluskoðun borgi sig margfalt.

Fáðu aukna vissu í bílakaupin með söluskoðun Frumherja.

Tímapantanir í síma 570 9090

Frumherji
– örugg bifreiðaskoðun

Hjólbarðar

Til sölu Cooper Jeppadekk. Stærð 245x70x17. Notuð einn vetur, Verð 80.000 4stk. Sími 660 7878.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
PARTASALA NOTAÐIR VARAHLUTIR / NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Vy-þrif ehf.

öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Húsfélög, vönduð og ódýr þrif á stigagöngum og sameignum. S. 618 3469.

Garðyrkja

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
20 % afsláttur
af hellulögnum, trjáklippingum, trjáfellingum og þökulögnum.
Vönduð vinnubrögð.
Róbert S. 866 9767

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sannngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald-ársreikningar-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf., Sigurður 896-5758, siggi@litidmal.com

Málarar

Geta bætt við sig verkefnum. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Uppl. s. 774 5775.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist
99% RYKFRÍTT

Náttúruvæn
Loftstokkahreinsun

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

Topp Verktakar ehf

Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Tilboð þér að kostnaðarlausu
Upplýsingar í s: 820 8888
Smíðavinna - Pípulagnir - Raflagnir
Málningavinna - Múrviðgerðir - Flísalagnir
Hellulagnir - Jarðvinna - Lóðavinna
VISA
VERKKRAFTUR
VERKTAKAR

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir
• flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900.- kr.
Ókeypis vírusvörn.
Nánar á: www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Vesturvör 32a • Kópavogi

Hefurðu heyrt um 123.is ? Hýsum vefsíður fyrir fyrirtæki, fjölskyldur og félög.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:823 5669 eða 693 0348.

Spádómar

908 1888
Spásími Daddýar verð við næstu víku. 250 kr. mín.

Spásíminn 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

661 3839 - Símaspá

Tímapantanir frá kl. 13.00.

Veisluþjónusta

Matur ehf.

Villibráðaveislur, fermingar og fleira. Gerum tilboð í allar veislur, stórar sem smáar. Erum með sal fyrir allt að 300 manns. Uppl. á matur@tskoli.is eða í s. 691 5976.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

RAFVIRKJUN S. 896 6025

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Viðgerðir

Gleraugna-viðgerðir
Títan, stál, plast og fleira
Sjonarholl.is S:565-5970

Önnur þjónusta

Hrekkjavaka nálgast!

Stútfull búð af nýjum og flottum vörum fyrir Hrekkjavöku; Búningar, fylgihlutir og skraut! Yfir 400 nýjir vöruliðir. Opið virka daga 11-18, lau 11-17, sun 11-16. Verið velkomin, Partýbúðin, Faxafeni 11, (Hagkaupsplaninu), s. 534-0534

KEYPT & SELT

Til sölu

Hrekkjavakan nálgast.

Ertu klár? Hjá okkur færðu allt sem þarf: Búninga, farða, vampírutennur, litalinsur, skraut ofl. Verslaðu á hokuspokus.is og fáðu sent. Eða komdu í Hókus Pókus Laugavegi 69. S-551-7955

Til sölu

VERSLUNARTÆKNI

HLIÐ OG GIRÐINGAR
Krómgirðingar, einstefnuhlið, snúningshlið rafdrifin eða venjuleg.
Rafdrifin hlið
Mylluhlið
Krómgirðingar
Einstefnuhlið
Tvöföld rafdrifin einstefnuhlið

BELTASTAURAR
Beltastaurar og veggbelti þegar stýra þarf viðskiptavinum eða gestum á ákveðinn stað
Belti m. veggfestingu
Staurar fyrir belti
Skilti á staur
Staurar fyrir kaðla
speglar

Varanlegur búnaður
TENSATOR
Ákeyrsluvarnir - festar í gólf og á veggi
Vönduð framleiðsla
ITAB

VERSLUNARTÆKNI
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is
Sjáðu heimasíðuna www.verslun.is
20 ÁRA REYNSLA 1990-2010
Pöntunarsími: 535 1300

Fundir / Mannfagnaður

Aðalfundur 2011

Aðalfundur Þingeysks sagnagarðs 2011
verður haldinn í Þorgeirskirkju laugardaginn
29. október kl. 14.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Fasteignir

Grandavegur 47

3ja herbergja íbúð óskast
á 4. hæð eða ofar fyrir traustan kaupanda.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Línakur 3a, íbúð 202 - 210 Garðabær

Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 12:30 til 13:00
Rúmgóð og falleg 4ra herbergja, 134,9 m2 íbúð með sérinngangi á 2. hæð við Línakur 3 í Garðabæ. Fallegt útsýni. Fallegar innréttingar, parket og flísar eru á gólfum. Svalir í suður. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. **Áhvílandi lán frá Íbúðalánasjóði ca 24,3 m. V. 29,9 m.** 10123

Hallakur 2c, íbúð 201 - 210 Garðabær

Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 12:30 til 13:00
Björt og falleg 3ja herbergja, 117 m2 íbúð á 2. hæð með fallegu útsýni við Hallakur 2C í Garðabæ. Íbúðin er björt og falleg. Fallegar innréttingar, plastparket og flísar eru á gólfum. Svalir í suður. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. **Áhvílandi lán frá Íbúðalánasjóði ca 23,4 m. V. 27,5 m.** 10122



Næturljós í barnaherbergið
Saltkristalslampar í úrvali Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata) Opið mán-fös 12-18, lau 12-15 Verið velkomin! ditto.is

Optima.is
Rýmingarsala á Xerox tóner fyrir HP prentara. Margar gerðir í boði í lit og svörtu. Mikið af nýjum Xerox HP 5500/5550 hylkjum S:6939102

Ódýr heimilisraftæki
Sími 896 8568.

Til sölu snyrtilegir starfsmannaskápar á góðu verði. Sími: 861 5718.

Óskast keypt

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur
Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll),
Verið velkomin

Til bygginga



Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

Flottir dömuskór úr leðri með korksólum Tilboðsverð: 3.500.-

Misty skór Laugavegi 178 s: 5512070 Opið: 10 - 18 virka daga, lau 10-14.

Ýmislegt

Notaðir lagerbrettarekkar til sölu. Seljast ódýrt. Uppl. í síma 821 1402.

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Snyrting

NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Þjónusta

Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Smáskipanámskeið (x. pungapróf) í fjarnámi og staðarnámi byrjar 24. okt 2011
Námskeiðið stendur til 3. des. en nemendur koma í innilotu 1. - 3. des. Kjartan Örn veitir upplýsingar um námskeiðið í síma 665 1100 og skráning er á www.tskoli.is.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Minature Pincher ættbók HRFÍ
10 vikna rakki leitar að góðu framtíðar heimili. Foreldrar innfluttir frá Noregi. Allar uppl. í síma 895 2445.

Til sölu ættbókarfærðir labradorhvolpar. Frábærir heimilishundar. Einnig mjög efnilegir í veiði og á sýningar. Uppl. í s.663 9999.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Mjög rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 50 þús./mán. Að. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

100 fm 3 herb. íbúð til leigu við Laugarveg. Fullbúin húsgögnum. Leigist frá 1. des til 1. maí 2012. Leiga 130 þús. S. 566 6290 eða 773 6290

3. herb íbúð til leigu í Grafarvogi. Uppl. í s. 848 8360 eftir kl. 17.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Leigufélag auglýsir til langtímaleigu nýlega 3ja herb. íbúð í Hraunbæ, Reykjavík. Leiguverð kr. 145.000. Tryggingarfé 3 mán. Ekki leigð yngri en 30 ára. Uppl. hjá gudmundurog@live.com

Leigufélag auglýsir til langtímaleigu 4ra herb. íbúð í Fögrulíð, Hafnarfirði. Leiguverð kr. 165.000. Tryggingarfé 3 mán. Ekki leigð yngri en 30 ára. Uppl. hjá gudmundurog@live.com

Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3 herb. íbúð einnig óska ég eftir að taka á leigu iðnaðarhúsnæði ca. 100 fm. S. 845 4096.

Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að taka á leigu iðnaðarhúsnæði ca. 100 fm. S. 845 4096.

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Geymi tjaldvagna, fellihýsi og búslóðir.
Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 14 ára reynsla. Í símaskrá ja.is undir: geymsla asgeirs eirikssonar ehf. Uppl. 897 1731 klettar@heimsnet.is

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Tjaldvagna, felli, hjólhýsa og bíla geymsla á Suðurnesjum. Upphitað húsnæði, gott verð upplýsingar í síma 899 0553.

Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.copenhagenapartments.dk eða apartments.cph@gmail.com

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

Heilsárshús í Flóahreppi. Laust í vetur. www.starplus.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Vélavörð vantar

Vélavörð vantar strax á línuskipið Valdimar GK 195
Upplýsingar hjá skipstjóra í síma 869 2390 eða um borð í síma 863 2305

Veislulist ehf / Skútan óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og frágang í eldhúsi. Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 822-8253 aðeins milli 13 - 17.

Vantar þig aukapening? Flott vinna þar sem þú ert þinn eigin yfirmaður. Uppl. í s. 841 1448.

Starfsfólk óskast í söluturn í reykjavík alla virka daga. Frí annan hvern föstudag og allar helgar. Vinnutíminn er frá 11,30-20.Einungis 18+,dugleg, reyklaus og mjög heiðarlegar manneskjur koma til greina . Uppl. í síma 868-3406

Meiraprófsbílstjóri óskast í 100% starf. Þarf að vera stundvís, reglusamur og sjálfstæður í vinnu. vinnutími frá kl.06.00 til kl.16.30 virka daga. umsóknir sendist á keyrsla@keyrsla.is

Atvinna óskast

BAKARI
óskar eftir 100% starfi.
Er lærður bakari og hef starfað við það síðastliðin 15 ár.
Allt kemur til greina.
Vinsamlega hafið samband í s. 692-7999 eða með tölvupósti á netfangið sigurjonbaldurs@hotmail.com

Stýrimaður óskar eftir plássi á sjó. Vanur ýmsu. S. 868 7522.

Viðskiptatækifæri

Aukavinna - Viðskipti ?
Atvinna - Viðskipti - Aukavinna. Eitt mest vaxandi fyrirtæki 3 ár í röð www.lw-global.com/is eða 564 5959.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Konur í ævintýraleit. Það er enn sem fyrr töluvert af nýjum auglýsingum kvenna sem leita ævintýra á Rauða Torginu Stefnumót. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar hlusta á augl. kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

Ung kona
með fallega rödd vill spjalla við karlmann. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8883.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL OPNUM KLUKKAN ELLEFU

NÝUPPTEKNAR GULRÓFUR

HOLLENSKUR LAUKUR

HOLLENSKUR RAUÐLAUKUR

KJARNAFÆÐI: **2.FLOKKUR**
BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA & RAUÐAR

OS BRAUÐOSTUR
TILBOÐ
998 KR.KG
VERÐ ÁÐUR
1298 KR.KG

EMMESS ÍSBLÓM
DAIM OG JARÐARBERJA

BÓNUS FETAOSTUR 250 GR
FETI-OSTUR Í KRYDDOLÍU OG Í ÓLÍFUM OG KRYDDOLÍU

BÓNUS ÍS 2 LTR
SÚKKULAÐI- VANILLA- JARÐARBERJA

HYDROXYCUT
KOMIÐ Í BÓNUS
MEST SELDA FÆÐUBÓTAREFNIÐ Á ÍSLANDI Í DAG
7959
KR. DS
120 STK. Í DÓSINNI

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR

BÓNUS FERSK KJÚKLINGALÆRI

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR

PEPSI & PEPSI MAX 2 LTR

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

krossgáta



LÁRÉTT
2. sjúkdómur, **6.** strit, **8.** vandlega, **9.** stígandi, **11.** í röð, **12.** aldin, **14.** dvaldist, **16.** í röð, **17.** espa, **18.** kærleikur, **20. 49, 21.** vísupartur.

LÓÐRÉTT
1. borg í Portúgal, **3.** átt, **4.** sætuefni, **5.** angan, **7.** verund, **10.** sigti, **13.** frjó, **15.** hnappur, **16.** rámur, **19.** drykkur.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** asmi, **6.** at, **8.** vel, **9.** ris, **11.** lm, **12.** ölfa, **14.** varst, **16.** hi, **17.** æsa, **18.** ást, **20.** il, **21.** stef.
LÓÐRÉTT: **1.** faró, **3.** sv, **4.** melassi, **5.** ilm, **7.** tilvist, **10.** sía, **13.** fræ, **15.** tala, **16.** hás, **19.** te.

Ertu vanagefinn?

BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Vaninn er harður húsbóndi. Fáir sjá það betur en Pedro þjónn á kaffibarnum Azaharra í miðbæ Priego de Córdoba. Áður en hann opnar á morgnana getur hann sagt til um það hverjir koma og klukkan hvað. Fæstir þurfa að panta drykki því Pedro veit fyrir löngu hvað viðkomandi vill.

ÞAÐ ER ekki laust við að þetta háttalag mannanna sligi Pedro. „Allt gengur þetta blessaða þjóðfélag út á eilífar endurtekningar," sagði þessi viðræðugóði þjónn eitt sinn mæðulega. „Tannhjól snúast í eilífa hringi, fólk mætir á sama tíma til vinnu til að endurtaka sama verkið frá deginum áður, kennarar endurtaka sömu lexíuna og þegar menn eru frjálsir frá rútínunni þá koma þeir hingað til að gera það sem þeir gerðu í gær. Er nema von að rómantíkin sé á undanhaldi í þessu lífi?"

ÉG VARÐ hálf hissa á barlómi barþjónsins svo ég spurði hvort ekki mætti finna rómantík í rútínu dagsins. Hann spurði mig á móti hvort ég hefði heyrt söguna af fornleifafræðingnum sem leitaði að óskasteininum, en hana hafði ég ekki heyrt.

„HANN hafði fundið kort þar sem útlistað var hvar þennan stein væri að finna, eini vandinn var sá að þetta var fjara með óteljandi steinum sem allir voru svipaðir. Hann vissi hins vegar að óskasteinninn væri ávallt volgur og víbraði lítið eitt. Það var því ekki um annað að ræða en koma sér fyrir í fjörunni og taka upp hvern steininn á fætur öðrum og athuga hvort hann byggi yfir þessum eiginleikum. Hann mátti síst af öllu við tvíverknaði í þessu umfangsmikla verki sem beið hans svo hann vandi sig á að henda steininum langt út í sjó eftir að hafa þuklað á honum svo hann færi nú ekki að kanna sama steininn tvisvar. Í þrjú ár sat hann í fjörunni, tók upp stein, þuklaði á honum og henti svo út í sjó. Þá allt í einu tekur hann upp stein sem er volgur og víbrar. Hvað heldur þú að hann hafi þá gert?" Það gat ég náttúrlega ekki vitað.

„NÚ, ÞAÐ sama og hann hafði gert í þessi þrjú ár; hann þuklaði á honum og henti svo út í sjó."

ÉG KOMST ekki hjá því að spyrja mig hversu margir óskasteinar ætli hafi farið framhjá mér í þessu blessaða færibandalífi?

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Já, það er rétt!

Tíminn er dýrmætur

Sjálfboðaliðar Rauða krossins

vinna óeigingjarnt hjálparstarf í þágu samfélagsins. Að vera sjálfboðaliði Rauða krossins er mjög gefandi og skemmtilegt og það er alltaf pláss fyrir gott fólk. Þú getur látið gott af þér leiða með því að:

- ✓ gerast sjálfboðaliði
- ✓ gerast félagi
- ✓ gerast MANNVINUR
- ✓ styrkja starfið með fjárstuðningi
- ✓ gefa föt

Meðal sjálfboðaliðaverkefna okkar eru:

- Athvörf Rauða krossins
- Félagsvinir
- Tombólubörn
- Hjálparsími Rauða krossins 1717
- Fata-söfnun Rauða krossins
- Heimsóknavinir
- Frú Ragnheiður
- Prjónahópar
- Göngum til góðs landssöfnun
- Neyðarvarnir

Skoðaðu nýja vefsíðu!
www.raudikrossinn.is

Stoltur styrktaraðili: Arion banki

Rauði kross Íslands

HÖFUNDAR AÐ 4. BINDI ÍSLENSKRAR LISTASÖGU, þau Halldór Björn Runólfsson safnstjóri og Dagný Heiðdal listfræðingur, kynna í dag valda kafla úr bindinu, Popplist, raunsæi og hugmyndalist. Kynningin fer fram í fræðsluveri Listasafns Íslands, Fríkirkjuvegi 7, á milli 12.10 og 13. Aðgangur er ókeypis.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 19. október

Tónleikar

12.30 Á háskólatónleikum í Hátíðarsal HÍ leikur **Nína Margrét Grímsdóttir** Ljóðræn smáverk óp. 68 og 71 eftir Edvard Grieg. Aðgangur er ókeypis.

20.00 **Björk Guðmundsdóttir** heldur tónleika í Hörpu. Miðaverð er kr. 9.900 í stæði, uppselt er í sæti.

20.00 Styrktartónleikar **Júlíusar og Jóels** 6 ára og fjölskyldu í Gamla bíói. Meðal þeirra sem koma fram eru KK, Bjartmar Guðlaugsson, Svavar Knútur, Valgeir Skagfjörð, Dísa, Mugison og Fjallabræður. Miðaverð er kr. 2.900.

21.00 **Kelly Joe Phelps and Corinne West duo** koma fram á tónleikum á Café Rosenberg. Beggi Smári og Smári Tarfur sjá um upphitun. Miðaverð er kr. 2.000.

Fundir

12.00 **Ásta Jóhannsdóttir** & **Kristín Hjálmarsdóttir** kynna niðurstöður orðræðugreiningar sinnar undir yfirskriftinni Karlmennskuhugmyndir Gillz – Græskulaust grín eða dauðans alvara? Viðburðurinn fer fram í Bratta, Menntavísindasviði við Stakkahlíð og er hluti af Jafnréttisdögum í Háskóla Íslands.

12.10 **Halldór Björn Runólfsson** safnstjóri og **Dagný Heiðdal** listfræðingur kynna valda kafla úr 4. bindi bókarinnar Íslenskrar listasögu í Fræðsluveri Listasafns Íslands, Fríkirkjuvegi 7. Ókeypis aðgangur.

Dans

14.00 Síðdegisdans hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur Guðmundsdóttir og Jón Freyr Þórarinsson.

Tónlist

22.00 **DJ Addi Intro** spilar tónlist á Prikinu.

Samkoma

20.00 **Gunnar Hersveinn**, heimspekingur og rithöfundur, leiðir umræður um samband hamingju og nægjusemi í Heimspekikaffi í Gerðubergi. Gestur kvöldsins er Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur og rithöfundur. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

GÍTARVEISLA Björn Thorodden segir Gítarveisluna ávallt hafa notið vinsælda en þó aldrei viðlíka og nú. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gítarinn sér um röddina

Gítarleikarinn Björn Thoroddsen býður til sinnar árlegu Gítarveislu í áttunda sinn í Salnum í Kópavogi á morgun og föstudag.

„Gítarveislan er orðin að viðburði sem vekur athygli og gengur vel í fólk. Gítarinn er auðvitað vinsælt hljóðfæri og margir tengja við það. Líklega eru fáir sem eiga ekki einhvern vin eða ættingja sem spilar á gítar og alla hefur einhvern tíma dreymt um að vera í hljómsveit," segir Björn Thoroddsen gítarleikari sem býður til sinnar árlegu „Gítarveislu Bjössa Thor" í Salnum í Kópavogi annað kvöld, 20. október og föstudagskvöld, 21. október. Strax og miðar fóru í sölu seldist upp á Gítarveisluna annað kvöld og því var öðru kvöldi bætt við sem enn eru til nokkrir miðar á.

Þetta er í áttunda sinn sem Gítarveislan er haldin og segir Björn vinsældir hennar hafa aukist með árunum, sem og gæði tónleikanna. „Ég gegni í raun hlutverki gestgjafa, kynni hvern gítarleikara til leiks og spila undir hjá þeim. Ég reyni að velja menn sem standa fyrir einhverja sérstaka tegund tónlistar. Núna erum við til dæmis með gest frá Hollandi, Robin Nolan, sem hefur tileinkað sér gítarstíl Django Reinhardt. Hjörtur Stephensen er einn af þessum ungu og tekur á tæknilegu hliðinni og svo er það bárujárns-„klónið" Sigurður Ólafsson frá Neskaupsstað sem er nokkurs konar leynivopn hjá mér," segir Björn. Af öðrum sem koma fram í gítarveislunni má nefna blúsmennina Halldór Bragason og Guðmund Pétursson, Björgvin Gíslason (sem Björn lofar að taki Sprengisandinn), Þórð Árnason, Jón Hilmar Kárason og Hákon Möller.

Björn segir marga áhorfendur búast við löngum gítarsólóum á tónleikunum, en dagskráin byggist í raun að mestu upp á alls kyns lögum sem flestir þekkja, til að mynda er leikin Shadows-syrpa, standardinn Sleepwalk frá sjötta áratuginum, Toto-lagið Georgy Porgy og eitís-slagarinn Tainted Love með Soft Cell. „Við bjóðum upp á allar tegundir tónlistar og látum gítarinn sjá um röddina," útskýrir Björn.

Að auki verður Gullnöglin afhent í þriðja sinn, en hún er veitt gítarleikara sem einhver áhrif hefur haft á íslenskan gítarleik. Ólafur Gaukur Þórhallsson heitinn og Jón Páll Bjarnason hafa áður hlotið viðurkenninguna. „Allir gítarleikarar, ungir sem gamlir, eru í pottinum og ég hef ekki hugmynd hver fær hana núna. Ég vona bara að ég fái nöglina einhvern tíma. Kannski fæ ég hana núna, hver veit," segir Björn og hlær.

kjartan@frettabladid.is

Nóttin á bak við lífið

Bækur ★★★★

Hjarta mannsins

Jón Kalman Stefánsson

Bjartur

Hjarta mannsins er lokabindið í þríleik Jóns Kalmans Stefánssonar sem hófst með Himnaríki og helvíti árið 2007 og hélt áfram með Harmi englanna 2009. Hjarta mannsins er kynnt sem sjálfstætt framhald hinna bókanna en hefst þó þar sem Harmur englanna endar og örugglega er erfitt fyrir þá sem ekki hafa lesið fyrri bindin að ná utan um söguna og átta sig á aðstæðum til að byrja með. Atburðir fyrri bókanna eru ekki rifjaðir upp, en vísað til þeirra í framhjáhlaupi þannig að sá sem ekki þekkir þær er væntanlega dálítið áttavilltur í þessari bók lengi framan af.

Strákurinn er hér enn í aðalhlutverki, alltaf kallaður strákur eða drengur þótt hann sé þegar hér er komið sögu orðinn ungur maður og ástin farin að herja á hann af auknum krafti. Hann heldur áfram að vera örlagavaldur í lífi fólksins í Plássinu og ekki síður í smáplássunum og kotbýlunum sem hann heimsækir á leið sinni að heiman og heim. Persónugalleríið er margslungið og Kalman kann þá list að gæða persónurnar lífi, allt niður í smæstu aukapersónur. Þetta er fólk af holdi og blóði, breyskt og gallað upp til hópa en hér er ekki teiknað í svarthvítu og hver persóna á sína sögu sem gerir hana skiljanlega og elskuverða – þrátt fyrir allt.

Styrkur Kalmans sem höfundar liggur þó fyrst og fremst í stílnum. Textinn brýst fram eins og snjóflóð, hrífur lesandann með sér og þeytir honum á vegg og það er átak að snúa aftur til veruleikans eftir að hafa borist með sterkum og krefjandi orðaflaumnum í þessa horfnu veröld. Á köflum þykir lesanda næstum nóg um og biður í hljóði um færri og færri orð, en þegar upp er staðið reynast öll þessi orð bráðnauðsynleg til að skapa þau sterku hughrif sem bókin veldur. Lýsingarnar eru meistaralega unnar, lesandinn finnur nánast kuldann, rakann, andþrengslin, sorgina og fisklyktina, og í hinum óvænta en magnaða lokakafla stendur hann sig að því að biðja einsog barn í þrjúbíói: Nei, nei, nei! Ekki láta hann fara þangað!

Það er fáum blöðum um það að fletta að þessi þríleikur Jóns Kalmans er eitt mesta stórvirki í íslenskum bókmenntum síðari ára. Þessi saga forfeðranna, sagan af lífskjörum þeirra, þrautseigju og baráttu við hafið og önnur náttúruöfl hefur sjaldan verið betur sögð. Það er rétt sem höfundur lætur hina framliðnu sögumenn hvísla í upphafi bókar: „Þetta eru sögurnar sem við eigum að segja."

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Glæsilegt lokabindi þríleiksins um Strákinn og Plássið. Meistaralega stíluð, sár og hrífandi saga.

Kæli- og frystiskápar sem hafa innbyggða klakavél með mulningi og ísköldu íslensku vatni. Þeir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir.

Tilboð
kr. 369.000 stgr.
Verðlistaverð kr. 461.250

GCE21LGY / **Stærð**: h 177.5 x b 90.9 x d 63 sm
Kælir: 383 ltr. / **Frystir:** 172 ltr. **Stálhurðir** / **Orkuflokkur A**

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

LEIKHÚSPERLA UM ÁSTIR, DRAUMA OG VONIR

ANTON TSJEKHOV

KIRSUBERJAGARÐURINN

Í LEIKSTJÓRN HILMIS SNÆS GUÐNASONAR

Forsala hefst í dag kl. 10!

Pantaðu **ljúffengar veitingar** frá Happi til að njóta **fyrir sýningu eða í hléi**

forsýning	mið. 26/10 kl. 20		
aðalæfing	fim. 27/10 kl. 20	örfá sæti	
frumsýning	fös. 28/10 kl. 20	**UPPSELT**	
	fim. 3/11 kl. 20	**UPPSELT**	
	fös. 4/11 kl. 20	**UPPSELT**	
	mið. 9/11 kl. 20	**UPPSELT**	
	fim. 10/11 kl. 20	örfá sæti	
	fös. 11/11 kl. 20	**UPPSELT**	
	mið. 16/11 kl. 20	**UPPSELT**	
	fös. 18/11 kl. 20	örfá sæti	
	lau. 19/11 kl. 20	**UPPSELT**	
	mið. 23/11 kl. 20	**UPPSELT**	
	sun. 27/11 kl. 20	**UPPSELT**	
	fim. 1/12 kl. 20	örfá sæti	
	sun. 4/12 kl. 20	**UPPSELT**	
	fim. 8/12 kl. 20	örfá sæti	

Miðasala | **568 8000** | **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

FÍTON / SÍA

3 MÁNUÐIR LIÐU frá því að litla Harper Seven Beckham fæddist þar til hún fór á fótboltaleik í fyrsta sinn. Harper Seven drakk af pela í stúkunni með móður sinni Viktoríu á meðan faðir hennar spilaði síðasta leik sinn fyrir lið LA Galaxy.

GÓÐIR DÓMAR Björk Guðmundsdóttir fær góða dóma í Rolling Stone fyrir Biophilia-tónleikana sína.

Rolling Stone hrífst af Biophilia

Fyrstu Biophilia-tónleikar Bjarkar í Hörpu af níu talsins fá mjög góða dóma á heimasíðu bandarísku tímaritsins Rolling Stone.

„Björk sýndi að það er ekki nóg að hlusta á plötuna Biophilia heldur þarf líka að horfa á hana," skrifaði blaðamaðurinn David Fricke. Tónleikarnir voru haldnir í salnum Silfurbergi fyrir viku og tekur Fricke fram að Björk hafi verið svo nálægt áhorfendunum að hægt hafi verið að sjá hvern einasta þráð appelsínugulu hárkollunnar á höfði hennar. Áður hafði Fricke gefið Biophilia-plötunni fjórar stjörnur af fimm mögulegum, eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

Bjarkaraðdáendur geta enn keypt sér miða á Biophilia-tónleika hennar í Hörpunni. Vegna breytinga á uppsetningu tónleikanna eru enn örfáir lausir miðar eftir á tónleikana, 19., 25., 28. og 31. október og einnig á tónleikana 3. nóvember og fer miðasalan fram á Midi.is og Harpa.is. - fb

ENDURKOMA Ian Brown og félagar í The Stone Roses snúa aftur á næsta ári.
NORDICPHOTOS/GETTY

Stone Roses snýr aftur

Breska rokksveitin The Stone Roses ætlar að koma saman á tvennum tónleikum í heimaborg sinni Manchester á næsta ári. Í framhaldinu ætlar hún í tónleikaferð um heiminn. Tónleikarnir í Manchester verða haldnir í Heaton Park fyrir framan 80 þúsund manns.

The Stone Roses hætti störfum árið 1996 eftir að hafa gefið út tvær plötur. Á tónleikunum á næsta ári ætlar sveitin að spila ný lög í bland við eldra efni, sem ætti að gleðja aðdáendur hennar. Á blaðamannafundi sagðist söngvarinn Ian Brown vonast til að ný plata yrði tekin upp á næstunni.

Á LEIÐ Í FERÐALAG Lóa og Árni úr hljómsveitinni FM Belfast taka þátt í Partíþokunni sem hefst á laugardaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Partíþokan fer af stað

FM Belfast, Prinspóló, Sin Fang og Borko eru á leiðinni í tónleikaferðalagið Partíþokuna sem hefst á laugardaginn á Græna hattinum á Akureyri. Af því tilefni eru FM Belfast og Prinspóló búin að endurgera lagið Partíþokan, sem kom út fyrir tveimur árum á safnplötunni Hitaveitunni í flutningi Prinspóló og Skakkamanage. „Við ætlum að fara norður, vestur og austur og halda tónleika og vera með stuð og sprell," segir Svavar Pétur Eysteinsson úr Prinspóló. Lagið Partíþokan er fáanlegt á Gogoyoko.com. - fb

FÉKK EKKI HLUTVERKIÐ Scarlett Johansson þótti of kynþokkafull til að leika Lisbeth Salander. NORDICPHOTOS/GETTY

Scarlett of kynæsandi

Scarlett Johansson var ekki ráðin í hlutverk Lisbeth Salander í bandarískri endurútgáfu Karlar sem hata konur vegna þess að hún þótti of kynþokkafull. Johansson fór í prufur vegna myndarinnar og stóð sig mjög vel að mati leikstjórans Davids Finchers. Engu að síður óttaðist hann að kynþokki hennar myndi draga athyglina frá söguþræðinum. „Málið með Scarlett er að þú getur ekki beðið eftir því að hún fari úr fötunum," sagði Fincher í viðtali við tímaritið Vogue. Það var Rooney Mara sem á endanum hreppti hið eftirsótta hlutverk Salander.

RÉÐ KÆRASTANN Britney Spears vildi ekki leika í ástarsenu með öðrum karlmanni en kærastanum. NORDICPHOTOS/GETTY

Kærastinn í myndbandinu

Söngkonan Britney Spears leitaði ekki langt yfir skammt þegar hún réði í hlutverk í myndbandinu við lag sitt Criminal. Spears réð kærasta sinn Jason Trawick, til að leika með sér í ástarsenum myndbandsins, en þau eru bæði frekar léttklædd í myndbandinu.

Parið byrjaði að draga sig saman árið 2010 þegar Trawick var umboðsmaður söngkonunnar. Slúðurblöðin vestanhafs segja að stutt sé í brúðkaup og börn hjá turtildúfunum.

Fleiri stúlkur í Fyndnasti maður Íslands

„Ég á von á fleiri keppendum í ár en undanfarið," segir Oddur Eysteinn Friðriksson, eigandi keppninnar Fyndnasti maður Íslands sem fer fram í byrjun nóvember.

Þegar hafa um 15 manns skráð sig til keppni og þar af eru tvær stúlkur. „Þetta er 100 prósenta aukning frá því í síðustu keppni árið 2007, svo ég lít á það sem góðan árangur," segir Oddur en þegar er búið að skipa í fjögur dómarasæti af fimm þar sem konur verða í meirihluta.

Dómnefndina skipa þau Helga Braga leikkona, Sigga Lund útvarpskona, leikkonan Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir og Steinn Ármann Magnússon leikari.

Oddur segir að það sé fjölbreytt flóra keppenda í ár en 18 ára aldurstakmark er. „Við urðum að hafa aldurstakmark því það er nauðsynlegt að hafa ákveðinn þroska í húmor ef maður ætlar að vera í þessu," segir Oddur en meðal keppenda sem hafa skráð sig er til dæmis stúlka sem þjáist af Tourette-sjúkdómnum. „Ég býst við að hún ætli að tala um sjúkdóminn í sínu uppistandi en hún hefur eflaust lent í ýmsu gegnum tíðina."

Hægt er að skoða þá keppendur sem hafa skráð sig á Facebook-síðu keppninnar en þar eru myndir og myndbönd með uppistandi frá keppendum. „Þar er hægt að sjá myndböndin og greiða atkvæði en þeir tveir sem fá flest atkvæði komast beint inn í undanúrslitakvöldið og sleppa við áheyrnarprufur."

Áheyrnarprufurnar eru 5. nóvember og komast tíu manns í undanúrslitin sem verða haldin 10. nóvember á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi. Úrslitin sjálf eru svo þann 18. nóvember og verða sýnd á Skjá einum. Hægt er að skrá sig í keppnina til 2. nóvember á vefsíðunni www.fyndnasti.is - áp

DÓMARAR Helga Braga og Sigga Lund eru meðal þeirra sem ætla að skera úr um hver er fyndasti maður Íslands.

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR — 5%

ÞÓR 3D ÍSL. TAL	KL. 3.40 - 5.50	L
ÞÓR 3D LÚXUS ÍSL. TAL	KL. 3.40 - 5.50	L
ÞÓR 3D ENSKT TAL	KL. 8	L
ÞÓR 2D ÍSL. TAL	KL. 3.40 - 5.50	L
BORGRÍKI	KL. 6 - 8 - 10	14
BORGRÍKI LÚXUS	KL. 8 - 10	14
WHAT´S YOUR NUMBER	KL. 8 - 10.20	12
KILLER ELITE	KL. 8 - 10.30	16
RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL	KL. 3.40	L
JOHNNY ENGLISH REBORN	KL. 5.45 - 10.15	7
STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL	KL.3.30	L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

ÞÓR 3D ÍSL.TAL	KL. 5.50	L
BORGRÍKI	KL. 8 - 10.15	14
MIDNIGHT IN PARIS	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L
WHAT´S YOUR NUMBER	KL. 5.40	12
ELDFJALL	KL. 5.45 - 8 - 10.15	L
ABDUCTION	KL. 10.15	12

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

ÞÓR 3D / 2D	KL. 6	L
KILLER ELITE	KL. 10	16
BORGRÍKI	KL. 8 - 10	14
ELDFJALL	KL. 8	L

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075



LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

BORGRÍKI	6, 8 og 10
ÞÓR - 3D	6
KILLER ELITE	8 og 10.15
ABDUCTION	10.15
JOHNNY ENGLISH	6 og 8

SAMBÍÓIN



ÁLFABAKKA

FOOTLOOSE	kl. 5:40 - 8 - 10:30	2D	10
BANGSÍMON M/ísl. Tali	kl. 6	2D	L
REAL STEEL	kl. 8 - 10:30	2D	12
REAL STEEL Luxus VIP	kl. 5:30 - 8 - 10:30	2D	VIP
CONTAGION	kl. 8 - 10:30	2D	12
JOHNNY ENGLISH	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	VIP
DRIVE	kl. 8	2D	L
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	2D	L
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 10:30	2D	L

AKUREYRI

BANGSÍMON	kl. 6	2D	L
FOOTLOOSE	kl. 8 - 10:20	2D	10
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	2D	L
REAL STEAL	kl. 8 - 10:20	2D	12

KEFLAVÍK

FOOTLOOSE	kl. 8 - 10:20	2D	12
BORGRÍKI	kl. 8 - 10:10	2D	14

EGILSHÖLL

ÞÓR: HETJUR VALHALLAR m/ísl tali	kl. 5:40	L
FOOTLOOSE	kl. 8 - 10:30	L
BANGSÍMON m/ísl tali	kl. 5:40	L
REAL STEEL	kl. 8 - 10:40	12
ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali	kl. 5:40	L
DRIVE	kl. 8 - 10:20	16
THE LION KING m/ísl tali	kl. 5:40	L
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 8	7
CONTAGION	kl. 10:30	16

KRINGLUNNI

FOOTLOOSE	kl. 8 - 10:30	2D	
THE SKIN I LIVE IN	kl. 8 - 10:30	2D	10
BANGSÍMON M/ísl. Tali	kl. 6	2D	16
REAL STEEL	kl. 10:30	2D	L
KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali	kl. 6	3D	12
THE LION KING - 3D ótextuðu M/ Ensku. Tali á morgun kl. 8		3D	L

Tíminn er núna

Bíó ★★★★

Midnight in Paris

Leikstjórn: Woody Allen

Aðalhlutverk: Owen Wilson, Rachel McAdams, Marion Cotillard, Kathy Bates, Adrien Brody, Corey Stoll, Michael Sheen, Carla Bruni, Léa Seydoux

WOODY ALLEN Í FÍNU FORMI Midnight in Paris er besta mynd Woody Allen í nokkur ár. Hér eru Owen Wilson og Rachel McAdams í hlutverkum sínum.

Rithöfundurinn Gil Pender er staddur í París ásamt grunnhygginni tilvonandi eiginkonu sinni, íhaldssömum tengdaforeldrum og óþolandi vinapari. Enginn skrifar leiðinlegar persónur jafn skemmtilega og Woody Allen og áhorfandinn deilir stigvaxandi gremjunni með rithöfundinum. Óútskýranleg öfl verða síðan þess valdandi að hann kemst í beina tengingu við alla sína uppáhaldsrithöfunda, sem og aðra listamenn sem ólu manninn í París fyrr á öldum.

Það er ekki nauðsynlegt að vera óforbetranlegur listasnobbari til að hlæja að Midnight in Paris. Yfirborðsþekkingin nægir, en eflaust eykst kátínan í beinu samhengi við það hversu vel áhorfandinn er að sér um Hemingway, Buñuel og Picasso. Midnight in Paris minnir um margt á The Purple Rose of Cairo, mynd Allens frá árinu 1985, en þar blandaði hann saman fyndinni ástarsögu og yfirnáttúru.

Ástarsagan hér er falleg en um leið dapurleg. Öll höfum við hugsað til horfinna tíma með blik í auga og fundist sem nútíminn sé ómerkilegur og óspennandi í samanburðinum. Woody gamli veltir þessum hneigðum okkar fram og til baka og kemst að þeirri niðurstöðu að nútíminn sé ávallt bestur. Þó það nú væri, því hann á sér stað núna. Og einmitt núna er ný mynd eftir Woody Allen í bíó. Drífðu þig!

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: **Besta mynd Woody Allen síðan Match Point kom út.**

Íslensku böndin líkjast öðrum

Fjallað er um tónlistarhátíðina Iceland Airwaves, sem lauk um síðustu helgi, í bandarískra tímaritinu New York Magazine og hinu breska Clash Music.

Hið fyrrnefnda segir hljómsveitina Samaris hafa spilað mun betur en búast hafi mátt við miðað við ungan aldur meðlimanna. Líkir blaðamaðurinn sveitinni við The XX og Tricky. Hann segir Lay Low vera kántríútgáfu af skosku hljómsveitinni Camera Obscura. „Það var of mikið af póst-rokkurum í anda Mogwai og Sigur Rósar að spila á hátíðinni og hin kraftmikla Lára Rúnarsdóttir minnir á Gwen Stefani," skrifar blaðamaðurinn einnig og bætir við að lag Of Monsters and Men, Little Talks, sé ótrúlega grípandi. Hljómsveitin minni á Edward Sharpe and the Magnetic Zeros, Mumford & Sons og Arcade Fire. Hann segist ekki hafa fundið hina nýju Björk á hátíðinni, því íslensku hljómsveitirnar hafi líkst um of öðrum erlendum listamönnum. Tónleikar Bjarkar, Biophilia, hafi aftur á móti verið mjög vel heppnaðir og þar hafi ef til vill verið hin nýja Björk á ferðinni eftir allt saman.

Blaðamaður Clash Music skrifar að þrátt fyrir að flestir evrópskir tónlistaráhugamenn þekki hvorki haus né sporð á Ham, Vicky, Retro Stefson eða Snorra Helgasyni hafi verið augljóst að flest hafi þau staðist samanburð við fræg nöfn á borð við Yoko Ono, Beach House, Tune-Yards og Owen Palette.

LAY LOW Blaðamaður New York Magazine líkir Lay Low við skosku hljómsveitina Camera Obscura.

BÍÓ ★ PARADÍS

MIÐVIKUDAGUR: MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ PARADOX 18:00, 20:00, 22:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00 ■ *SVINALANGORNA* 18:00, 22:00 ■ *CARLOS* 22:00 ■ ARNARHREIÐRIÐ: A ZED AND TWO NOUGHTS 20:00

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



LADDI

EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR

VICTORIA BJÖRK FERRELL

HANNES ÓLI ÁGÚSTSSON

ÍSAK HINRIKSSON

SIGRÍÐUR BJÖRK BALDURSDÓTTIR

PÉTUR EINARSSON

SÝND Í SAMBÍÓUNUM SÝND Í SAMBÍÓUNUM SÝND Í SAMBÍÓUNUM SÝND Í SAMBÍÓUNUM SÝND Í SAMBÍÓUNU

FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

Hrafnar, sóleyjar & myrra

FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI EINSTEFNA EHF / L7 PRODUCTIONS

HELSTU HLUTVERK VICTORIA BJÖRK FERRELL EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON ÍSAK HINRIKSSON SIGRÍÐUR BJÖRK BALDURSDÓTTIR HANNES ÓLI ÁGÚSTSSON JÓHANNA JÓNAS PÉTUR EINARSSON MAGNÚS ÓLAFSSON BJARTMAR ÞÓRÐARSON ANNA KRISTÍN ARNGRÍMSDÓTTIR SJÖFN JÓNSDÓTTIR ERIK HÅKANSSON

KVIKMYNDATAKA GUÐMUNDUR BJARTMARSSON HLJÓÐ ÝMIR EINARSSON & ELÍN BIRNA GUÐJARGAR GYLFADÓTTIR HLJÓÐHÖNNUN RÓBERT STEINGRÍMSSON BÚNINGAR RUT MÁSDÓTTIR PLAKAT ÓLÖF ERLA EINARSDÓTTIR & BIRGIR ÞÓR HARÐARSON BRELLUR SVERRIR JÖRSTAD SVERRISSON BJÖRN GARÐARSSON STEINN HLÍÐAR JÓNSSON

CG SUPERVISOR SANKAR BABU BOMMAGANI BEJOY ARPUTHARAJ NIKHIL MATHUR KLIPPING ÍSAK JÓNSSON FRAMLEIÐENDUR HELGI SVERRISSON & KRISTJÁN HANS ÓSKARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRN JÚLÍUS ANDRI ÞÓRÐARSON HANDRIT EYRÚN ÓSK JÓNSDÓTTIR & HELGI SVERRISSON LEIKSTJÓRN HELGI SVERRISSON & EYRÚN ÓSK JÓNSDÓTTIR

365 Canon SAMFILM

sport

sport@frettabladid.is

SNÆFELL skellti sér á topp Iceland Express-deildar kvenna með fjögurra stiga sigri á sterku liði Hauka í gær, 73-69. Snæfell hefur unnið báða leiki sína til þessa en Haukar, sem unnu Lengjubikarinn fyrr í haust, eru enn án stiga. Kieraah Marlow (24 stig, 7 fráköst) og Hildur Sigurðardóttir (18 stig, 12 fráköst, 7 stoðsendingar) voru atkvæðamestar í liði Snæfells.

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu

A-RIÐILL

Napoli - Bayern München	**1-1**
0-1 Toni Kroos (2.), 1-1 Holger Badstuber, sjálfsmark (39.).	
Manchester City - Villarreal	**2-1**
0-1 Cani (4.), 1-1 Carlos Marchena, sjálfsmark (43.), Sergio Agüero (93.).	

STAÐAN

FC Bayern	**3**	**2**	**1**	**0**	**5-1**	**7**
Napoli	3	1	2	0	4-2	5
Man. City	**3**	**1**	**1**	**1**	**3-4**	**4**
Villarreal	3	0	0	3	6-5	0

B-RIÐILL

CSKA Moskva - Trabzonspor	**3-0**
1-0 Seydou Doumbia (29.), 2-0 Aleksandrs Cauna (76.), 3-0 Seydou Doumbia (86.).	
Lille - Inter Milan	**0-1**
0-1 Giampaolo Pazzini (22.).	

STAÐAN

Inter	**3**	**2**	**0**	**1**	**4-3**	**6**
CSKA Moskva	3	1	1	1	7-5	4
Trabzonspor	**3**	**1**	**1**	**1**	**2-4**	**4**
Lille	3	0	2	1	3-4	2

C-RIÐILL

Basel - Benfica	**0-2**
0-1 Bruno César (20.), 0-2 Oscar Cardozo (75.).	
Otelul Galati - Manchester United	**0-2**
0-1 Wayne Rooney, víti (64.), 0-2 Wayne Rooney, víti (91.)	

STAÐAN

Benfica	**3**	**2**	**1**	**0**	**1-3**	**7**
Man. United	3	1	2	0	6-4	5
Basel	**3**	**1**	**1**	**1**	**5-6**	**4**
Otelul Galati	3	0	0	3	1-5	0

D-RIÐILL

Real Madrid - Lyon	**4-0**
1-0 Karim Benzema (19.), 2-0 Sami Khedira (47.), 3-0 Hugo Lloris, sjálfsmark (55.), 4-0 Sergio Ramos (81.).	
Dinamo Zagreb - Ajax	**0-2**
0-1 Derek Boerrigter (49.), 0-2 Cristian Eriksen (90.).	

STAÐAN

Real Madrid	**3**	**3**	**0**	**0**	**8-0**	**9**
Ajax	3	1	1	1	2-3	4
Lyon	**3**	**1**	**1**	**1**	**2-4**	**4**
Dinamo Zagreb	3	0	0	3	0-5	0

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5606
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is

STUNDUM HLEYP ÉG OF MIKIÐ

Sara Björk Gunnarsdóttir varð sænskur meistari og sjötta markahæst í deildinni á sínu fyrsta tímabili með Malmö. Hún náði metnaðarfullum markmiðum sínum og gott betur. Það féll allt með mér, segir Sara.

FÓTBOLTI Sara Björk Gunnarsdóttir sló í gegn á sínu fyrsta ári í sænsku deildinni og var fljót að eigna sér byrjunarliðssæti í Malmö alveg eins og hún gerði aðeins 17 ára gömul í íslenska landsliðinu. Sænski meistaratitillinn kom í höfn eftir 6-0 sigur á Örebro þar sem hún átti þátt í þremur marka Malmö.

„Ég held að besti leikurinn okkar hafi verið í síðasta leiknum. Það féll eiginlega allt með okkur á laugardaginn," segir Sara Björk. Hún lagði upp tvö fyrstu mörk Malmö í sigrinum á Örebro og skoraði síðan fjórða markið sjálf en eftir það var ekki spurning um að titillinn væri í höfn.

„Við vorum með ágætis forskot eftir fyrri hlutann en við spiluðum ekki nógu vel seinni hluta tímabilsins. Um tíma héldum við jafnvel að við værum búnar að missa af titlinum en svo gerðust bara ákveðnir hlutir og við vorum ennþá með í baráttunni. Þetta er síðan allt í okkar höndum þegar við eigum tvo leiki eftir og við kláruðum þá. Þetta getur ekki verið sætara," segir Sara.

Sara hafði undanfarin tvö og hálft tímabil spilað með Breiðabliki en hún komst fyrst í landsliðið sem leikmaður 1. deildarliðs Hauka.

„Þetta er eini titillinn minn og það er ekki leiðinlegt að byrja á svona titli. Mér fannst vera tímabært að fara út og það féll allt með mér. Ég valdi rosagott lið og sé ekki eftir þessari ákvörðun. Ég fór og æfði með því fyrst og vildi sjá hver standardinn væri. Það gekk vel og þeir voru hrifnir af mér," segir Sara og bætir við:

„Þegar ég fór út setti ég mér þrjú markmið. Ég ætlaði að komast í liðið, vinna titil með því og skora tíu mörk. Ég fór því eiginlega fram úr sjálfri mér og get því ekki verið sáttari. Ég held bara að ég sé þannig leikmaður að ég vil alltaf vera með bestu leikmönnunum. Maður gírar sig þannig upp að maður verður að vera með sjálfstraust því annars spilar maður bara undir getu," segir Sara.

Hún spilaði ýmist sem miðjumaður eða framherji og hélt sæti sínu í byrjunarliðinu allt tímabilið. „Tímabilið byrjaði á því að þjálfarinn setti mig fram og ég spilaði í holunni fyrir aftan framherjann okkar. Það gekk ágætlega í byrjun en uppáhaldsstaðan mín er að spila á miðjunni. Þá er ég meira í návígjum og fæ að hlaupa mikið. Um mitt tímabilið spilaði ég flestalla leiki á miðjunni en svo fengum við rosalega góða leikmenn, heimsklassaleikmenn eins og Caroline Seger og Therese Sjögran. Þegar þær komu færði hann mig aðeins ofar og það gekk líka vel," segir Sara.

Sara hrósar mikið landsliðsmarkverðinum Þóru Björgu Helgadóttur, sem varð meistari með Malmö annað árið í röð. „Hún er búin að spila stórt hlutverk í þessu liði. Hún er með bestu markvörðum í heimi og það gerir mig bara betri að fá að reyna mig á móti svona markverði á æfingum," segir Sara.

Þóra og Sara verða líka saman í eldlínunni með landsliðinu á næstunni og tímabilið er ekki búið hjá þeim. „Það eru tveir landsleikir eftir og svo eigum við tvo leiki í Meistaradeildinni á móti liði frá Austurríki. Það er mjög spennandi og við myndum toppa tímabilið með því að komast í átta liða úrslitin í Meistaradeildinni," segir Sara, en hún segir markalausa jafnteflið við Belga ekki munu sitja í íslensku stelpunum í landsliðinu.

„Við viljum sanna að það sé engin tilviljun að við séum að vinna þessi stóru lið. Við gerðum það á Algarve í vor og við unnum síðan Noreg í haust," segir Sara, en það er ljóst að íslenska landsliðið græðir á því að hafa leikmenn hjá eins sterku liði og Malmö.

„Þetta er rosagott lið og það er rosalega gaman að geta spilað með svona góðum leikmönnum því þá verður maður líka betri sjálfur," segir Sara en hvað þarf hún helst að laga?

„Stundum hleyp ég of mikið. Ég þarf að læra betur að halda í staðinn fyrir að eyða orku í hlaup. Ég vildi líka bæta mig tæknilega. Ég er ekkert södd þó að það hafi gengið svona vel þetta tímabil."

Sara gerði þriggja ára samning við Malmö í vor. „Ég er ennþá ung og tel að ég geti bætt mig og lært heilan helling hérna á næstu tveimur árum. Ég verð 23 ára eftir tvö ár og það er ekki mikið. Þá verð ég vonandi orðin ennþá betri. Ég er alltaf jafn spennt í því að halda áfram að bæta mig. Þetta er orðið að lífsstíl og rútínu og maður er búinn að fórna miklu fyrir þetta."

ooj@frettabladid.is

41 LANDSLEIKUR FYRIR 21 ÁRS AFMÆLIÐ Sara Björk Gunnarsdóttir lék 41. A-landsleikinn sinn átta dögum áður en hún varð 21 árs.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FJÖLSKYLDAN MÆTTI Sara Björk með bikarinn í faðmi fjölskyldunnar. Frá vinstri: Gunnar Svavarsson (pabbi) Hákon Atli Hallfreðsson (kærasti), Sara og Guðrún Valdís Arnardóttir (móðir).

> Þegar ég fór út setti ég mér þrjú markmið. Ég ætlaði að komast í liðið, vinna titil með því og skora tíu mörk. Ég fór því eiginlega fram úr sjálfri mér og get því ekki verið sáttari.
>
> **SARA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR**

Bestu lögin fyrir 0 kr. í dag
Ef þú ert með GSM eða Internetið hjá Símanum færðu aðgang að Bestu lögunum fyrir 0 kr. í dag. Magnaður miðvikudagur!
Síminn
Þú greiðir f. símanr. og aðra notkun skv. verðskrá á siminn.is
bestulogin.is
Skannaðu hérna
til að sækja
Greitt skv. gjaldskrá. Nánar á siminn.is

Þriðja umferðin í riðlum A-D fór fram í Meistaradeild Evrópu í gær:

Loksins unnu Manchester-liðin

FÓTBOLTI Manchester-liðin City og United eru loksins komin á sigurbraut þetta árið í Meistaradeild Evrópu. Liðin hafa leikið við hvern sinn fingur í deildinni heima fyrir en unnu fyrst í gær sína fyrstu sigra á tímabilinu.

United vann 2-0 þolinmæðissigur á rúmenska liðinu Otelul Galati á útivelli en City fagnaði 2-1 dramatískum sigri á Villarreal á heimavelli þar sem varamaðurinn Sergio Agüero skoraði sigurmarkið á þriðju mínútu uppbótartímans.

Liðin munu því bæði mæta með sigurbros á vör þegar þau mætast í ensku úrvalsdeildinni á sunnudaginn.

„Ég er ánægður með úrslitin," sagði Alex Ferguson, stjóri United. „Maður þarf að hafa fyrir hlutunum í svona leikjum og þetta var langt kvöld. Við bættum okkur mikið í seinni hálfleik og Nani var frábær þá," bætti hann við en fyrirliði United, Nemanja Vidic, fékk að líta beint rautt spjald í leiknum og gæti því fengið meira en eins leiks bann. Ferguson sagði dóminn hafa verið harðan en ólíklegt væri að honum yrði áfrýjað.

„Markið hans Agüero var sérstaklega mikilvægt því nú er toppbaráttan í riðlinum galopin," sagði Roberto Mancini, stjóri City. „Við áttum skilið að vinna þennan leik enda höfðum við skapað okkur mörg færi."

Real Madrid er að rúlla upp sínum riðli en liðið vann í gær 4-0 sigur á Lyon á heimavelli. Ajax vann góðan sigur á Dinamo Zagreb á útivelli og jafnaði þar með Lyon að stigum. Kolbeinn Sigþórsson gat vitanlega ekki spilað með Ajax vegna meiðsla en hann er ökklabrotinn og verður frá þar til í janúar.

FC Bayern fékk sitt fyrsta mark á sig síðan í byrjun ágúst er liðið gerði 1-1 jafntefli við Napoli á útivelli en Mario Gomez brenndi af vítaspyrnu í leiknum. Öll úrslit og stöðuna í riðlunum fjórum má sjá hér ofar á síðunni.

- esá

TRYLLTUR FÖGNUÐUR Sergio Agüero fagnar sigurmarki sínu í gærkvöld.

Opið í dag milli kl. 9 og 17

Ford Focus Trend (EFG23)
1,6i bensín beinskiptur 5 dyra
Málmlitur o.fl.
Skrd. 8/2008. Ek. 73.000 km.
Verð 1.760.000 kr.
Afsláttur 180.000 kr.
Kauptu: 1.580.000 kr.

Ford Edge Limited AWD (HTM72)
3,5i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Dráttarbeisli, afturhleri rafdrifinn o.fl.
Skrd. 7/2008. Ek. 58.000 km.
Kauptu: 4.990.000 kr.

Ford Focus Trend (RKP17)
1,6i bensín beinskiptur 5 dyra
Upphitanleg framrúða og framsæti, málmlitur o.fl.
Skrd. 6/2010. Ek. 47.000 km.
Kauptu: 2.330.000 kr.

Ford C-MAX Trend (SHL06)
1,6i bensín beinskiptur 5 dyra
Upphitanleg framsæti, málmlitur o.fl.
Skrd. 1/2008. Ek. 63.000 km.
Verð 1.890.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr.
Kauptu: 1.690.000 kr.

Ford S-MAX Titanium (YY719)
2,0i bensín beinskiptur 5 dyra
Hitanleg framrúða, leðuráklæði o.fl.
Skrd. 9/2007. Ek. 54.000 km.
Verð 2.940.000 kr.
Afsláttur 190.000 kr.
Kauptu: 2.750.000 kr.

Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4 (SI413)
4,6i V8 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Dráttarbeisli, lok á palli, leðuráklæði o.fl.
Skrd. 6/2007. Ek. 50.000 km.
Verð 3.490.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.
Kauptu: 2.890.000 kr.

Ford Galaxy Trend (KUY45)
2,3i bensín sjálfskiptur 7 manna
Upphitanleg framsæti, rafdrifnar rúður o.fl.
Skrd. 6/2008. Ek. 69.000 km.
Verð 3.140.000 kr.
Afsláttur 150.000 kr.
Kauptu: 2.990.000 kr.

Ford Escape XLT AWD (UUD07)
3,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd. 11/2007. Ek. 55.000 mílur.
Verð 3.050.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.
Kauptu: 2.690.000 kr.

Skoðaðu fleiri dæmi
um betri notaða bíla
hjá Brimborg.
Skoðaðu endilega
notadir.brimborg.is

Komdu í kaffi á Bíldshöfða 6

Ford Fusion Trend (HBM62)
1,4i bensín beinskiptur 5 dyra
Upphitanleg framsæti, rafdrifnar rúður o.fl.
Skrd. 6/2008. Ek. 89.000 km.
Verð 1.090.000 kr.
Afsláttur 100.000 kr.
Kauptu: 990.000 kr.

Kauptu Ford

Spyrðu söluráðgjafa Brimborgar
um allt að 90% fjármögnun.

Ford Fiesta Trend (MNX04)
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd. 6/2008. Ek. 65.000 km.
Verð 1.490.000 kr.
Afsláttur 150.000 kr.
Kauptu: 1.340.000 kr.

Nýttu tækifærið og fáðu notaðan Ford á tilboðsverði. Ford er staður ævintýra og tómstunda. Ford er ferðalag - út á land eða bara í búðina, úr og í vinnuna. Komdu til okkar á Bíldshöfða 6 í Reykjavík eða Tryggvabraut 5 á Akureyri í dag. Fáðu upplýsingar um fjármögnun og prófaðu notaðan Ford.

Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar

Ford Explorer Limited 4x4 (ZS255)
4,6i V8 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Dráttarbeisli o.fl.
Skrd. 6/2006. Ek. 100.000 km.
Verð 3.410.000 kr.
Afsláttur 560.000 kr.
Kauptu: 2.850.000 kr.

Ford Focus Trend (TH805)
1,6i bensín beinskiptur station
Skrd. 2/2006. Ek. 81.000 km.
Verð 1.320.000 kr.
Afsláttur 130.000 kr.
Kauptu: 1.190.000 kr.



Ford Mondeo Titanium (OYD19)
2,3i bensín sjálfskiptur station
16“ álfelgur, hitanleg framrúða o.fl.
Skrd. 7/2008. Ek. 42.000 km.
Verð 3.350.000 kr.
Afsláttur 160.000 kr.
Kauptu: 3.190.000 kr.

Ford Expedition Limited 4x4 (JSZ84)
5,4i V8 bensín sjálfskiptur 8 manna
Dráttarbeisli, leðuráklæði o.fl.
Skrd. 6/2008. Ek. 71.000 km.
Verð 6.990.000 kr.
Afsláttur 900.000 kr.
Kauptu: 6.090.000 kr.

Ford Fiesta Trend (TYJ70)
1,25i bensín beinskiptur 5 dyra
Hitanleg framsæti, rafdrifnar rúður o.fl.
Skrd. 6/2010. Ek. 52.000 km.
Kauptu: 1.710.000 kr.

Komdu í Brimborg Bíldshöfða 6 og kauptu Ford

Finndu okkur
á fasbókinni

Brimborg	Max1	Vélaland	Saga bílaleiga	Dollar bílaleiga	Thrifty bílaleiga
komdu í hópinn	Volvo á Íslandi	Ford á Íslandi	Citroën á Íslandi	Mazda á Íslandi	Ford Truck á Íslandi

Skoðaðu ford.is

Komdu í Brimborg í dag
Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla
hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

> Stöð 2 kl. 20.15

The Middle

Hin stórskrítna Heck-fjölskylda snýr aftur. Þetta er önnur þáttaröðin af The Middle, sem fjallar um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á húsmóðurinni. Í fyrsta þættinum lendir Frankie í vandræðum með að koma krökkunum í skólann og nýja kennslukonan er ekki sátt við hana.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR FESTIST YFIR BEE GEES

Með falsettu á heilanum

Síðustu kvöld hafa hauststormarnir heldur betur látið að sér kveða og þar af leiðandi hefur sófinn freistað meira en þvottahúsið á kvöldin. Að minnsta kosti eyddi ég síðasta mánudagskvöldi föst í sófanum, og þá meina ég föst, því ég var alltaf á leiðinni að standa upp og fara að gera eitthvað „af viti" en hreinlega fékk mig ekki til þess.

Það sem hélt mér í sófanum og við sjónvarpskjáinn var heimildarmynd um hljómsveitina Bee Gees á Stöð 2, hljómar spennandi ekki satt? Myndin rakti feril Bee Gees-bræðra, stóra bróðurins Barrys og tvíburanna Robins og Maurice. Ég hef aldrei verið aðdáandi sveitarinnar og falsettan í laginu Staying Alive hefur alltaf farið í taugarnar á mér. En það er eitthvað viðkunnanlegt við þessa bræður, þegar þeir brosa blítt og segjast einfaldlega alltaf hafa viljað slá í gegn. Myndin sagði frá því þegar slettist upp á vinskap þeirra. Robin var öfundsjúkur því að Barry, þessi með beina tannkremsbrosið, var í aðalhlutverki á einhverri plötu og bræðurnir töluðust ekki við í mörg ár.

Sveitin gekk í gegnum hæðir og lægðir á sínum langa ferli sem lauk þegar Maurice dó árið 2003, en þeir Robin og Barry gátu ekki hugsað sér að halda sveitinni starfandi eftir það. Hugur minn til Bee Gees var því ögn mildari í lok kvöldsins og sofnaði ég með falsettuna á heilanum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Heillandi arfleifð **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Rykkorn í óendanlegum geimi **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

16.00 Íslenski boltinn (e)
16.40 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Tóti og Patti (28:52)
17.31 Þakbúarnir (27:52)
17.43 Skúli skelfir (10:52)
17.54 Jimmy Tvískór (20:26)
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Laus og liðugur (9:20)
18.45 Maður og jörð - Á tökustað (1:8) (Human Planet: Behind the Lens)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 360 gráður Íþrótta- og mannlífsþáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik.
20.40 Svona á ekki að lifa (4:6) (How Not to Live Your Life) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan einhleypan mann með fjörugt ímyndunarafl sem á erfitt með að fóta sig í lífinu.
21.15 Djöflaeyjan Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Njósnadeildin (7:8) (Spooks IX) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.15 Anna Pihl (6:10) (e)
00.00 Kastljós (e)
00.30 Fréttir
00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Angus, Thongs and Perfect Snogging
10.00 Old Dogs
12.00 The Nutty Professor
14.00 Angus, Thongs and Perfect Snogging
16.00 Old Dogs
18.00 The Nutty Professor
20.00 Bourne Identity
00.00 Fargo
02.00 School of Life
06.00 Love and Other Disasters

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (53:175)
10.15 Cold Case (17:22)
11.00 Glee (16:22)
11.45 Grey's Anatomy (3:22)
12.35 Nágrannar
13.00 In Treatment (52:78)
13.25 Ally McBeal (3:22)
14.10 Ghost Whisperer (10:22)
14.55 iCarly (35:45)
15.25 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 Simpsons
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Dagvaktin
19.50 The New Adventures of Old Christine (3:21)
20.15 The Middle (1:24) Önnur gamanþáttaröðin í anda Malcholm in the Middle um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni sem leikin er af Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond.
20.40 Cougar Town (14:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courteney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda finnst henni hún engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.
21.05 Grey's Anatomy (3:22)
21.50 Medium (1:13)
22.35 Satisfaction (6:10)
23.25 The Closer (12:15)
00.10 The Good Guys (12:20)
00.55 Sons of Anarchy (12:13)
01.40 Edmond
03.00 Even Money
04.50 Cold Case (17:22)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaradeildin - meistaramörk
07.40 Meistaradeildin - meistaramörk
08.20 Meistaradeildin - meistaramörk
09.00 Meistaradeildin - meistaramörk
15.05 EAS þrekmótaröðin
15.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin (e)
17.20 Meistaradeildin - meistaramörk
18.00 Meistaradeildin - upphitun
18.30 Meistaradeild Evrópu: Marseille - Arsenal BEINT
20.45 Meistaradeildin - meistaramörk
21.25 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Genk
23.15 Meistaradeild Evrópu: Leverkusen - Valencia
01.05 Meistaradeildin - meistaramörk

SPORT 2 *enski boltinn*

16.30 QPR - Blackburn
18.20 Wigan - Bolton
20.10 Premier League Review 2011/12
21.05 Beckenbauer
21.35 Football League Show
22.05 Sunnudagsmessan
23.20 Liverpool - Man. Utd

EXTRA

19.30 The Doctors (137:175)
20.15 Gilmore Girls (12:22)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Mike & Molly (6:24)
22.15 Chuck (5:24)
23.00 Terra Nova
23.45 Community (2:25)
00.10 Louis Theroux: Law & Disorder in Philadelphia
01.10 Dagvaktin
01.35 The New Adventures of Old Christine (3:21)
02.00 Gilmore Girls (12:22)
02.45 The Doctors (137:175)
03.30 Fréttir Stöðvar 2
04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.30 Outsourced (6:22) (e)
16.55 The Marriage Ref (8:10) (e)
17.40 Rachael Ray
18.25 Nýtt útlit (6:12) (e)
18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (44:50)
19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ (7:22)
19.45 Will & Grace - OPIÐ (2:22) (e)
20.10 Friday Night Lights (9:13) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum.
21.00 Life Unexpected (7:13) Bandarísk þáttaröð sem notið hefur mikilla vinsælda. Cate og Ryan hjálpa til í skólaferðalagi sem bekkurinn hennar Lux leggur upp í.
21.45 Tobba (5:12) Í næsta þætti ræðir Tobba um áföll og afleiðingar þeirra. Hún ræðir við sérfræðinginn Patrick DeChello um hvernig taka skal á skjálfskaða og vinna úr áföllum.
22.15 CSI: Miami (3:22) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
23.05 Jimmy Kimmel
23.50 The Borgias (8:9) (e)
00.40 HA? (4:12) (e)
01.30 Nurse Jackie (3:12) (e)
02.00 Everybody Loves Raymond (e)
02.20 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.10** The McGladrey Classic (2:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** The McGladrey Classic (2:4) **15.50** Ryder Cup Official Film 2004 **17.05** The Open Championship Official Film 2010 **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (41:45) **19.20** LPGA Highlights (17:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (21:25) **21.35** Inside the PGA Tour (42:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (37:45) **23.45** ESPN America

N4

18.15 Að norðan

BBC entertainment

10.50 Keeping Up Appearances **11.20** Fawlty Towers **11.55** ‚Allo ‚Allo! **12.20** ‚Allo ‚Allo! **12.50** The Inspector Lynley Mysteries **13.35** The Inspector Lynley Mysteries **14.20** Keeping Up Appearances **14.50** Keeping Up Appearances **15.20** ‚Allo ‚Allo! **15.45** ‚Allo ‚Allo! **16.15** Fawlty Towers **16.45** Fawlty Towers **17.25** New Tricks **18.15** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** The Thick of It **22.15** Skavlan Specials **22.45** The Graham Norton Show **23.30** Top Gear **00.25** Live at the Apollo

DR 1

11.05 Vores Liv: Skattejægerne **11.35** Aftenshowet **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Himmelblå **14.00** Kasper & Lise **14.15** Den travle by **14.30** Shanes verden **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv: Hos Lægen **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Broen **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Damages **20.40** Damages **21.25** Onsdags Lotto **21.30** OBS **21.35** Ved du hvem du er? **04.00** Molly Monster **04.05** Chiro

NRK 1

12.30 Min idrett: Klatring **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Tingenes tilstand **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** FBI **18.15** Valpekullet **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.25** Migrapolis **20.55** TV-innsamlingen 2011: Pengene kommer fram **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nasjonalgalleriet **21.50** Folk i farta **22.20** Jobben er livet

SVT 1

10.00 Tennis: Stockholm Open **14.55** Stenbrottets barn **15.00** Hübinette **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Bron **20.00** True Blood **20.50** Bored to Death **21.15** John Adams **22.20** Rapport **22.25** Skavlan **23.25** Landet Brunsås **23.55** Rapport **00.00** Sons of perdition **01.25** Rapport **01.30** Damages **02.30** Rapport **02.50** Sverige idag **03.15** Go'kväll

INN

20.00 Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

EIGNAMIÐLUN Reykjavík

S: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík

Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali · Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Magnús Geir Pálsson, sölumaður · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
Félag Fasteignasala

www.eignamidlun.is

Línakur 3 - til afhendingar strax

OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:15 - 18:00
Fullbúin, björt og vel skipulögð 134,9 fm útsýnisíbúð við Línakur 3. Íbúðin er með parketi og flísum á gólfum. Íbúðin er til afhendingar strax, nýmáluð og flott.
V. 29,9 m. 7170

Hallakur 2c - til afhendingar strax

OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:15 - 18:00
Glæsileg fullbúin 3ja herbergja 115,8 fm íbúð á 2. hæð í nýlegu álklæddu húsi á mjög góðum stað á Arnarneshæðinni. Rúmgóð herbergi með parketi. Góðar innréttingar. Íbúðin er nýmáluð. Fallegt útsýni. Laus strax.
V. 27,5 m. 7169

Seinakur 5 - til afhendingar strax

OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:15 - 18:00
Stórglæsileg og vel hönnuð 3ja herbergja 107 fm íbúð 2. hæð á frábærum stað á Arnarneshæðinni. Í íbúðinni eru stór og björt rými. Svefnherbergi eru með góðu skápaplássi. Húsið er aðeins tveggja hæða en þó með lyftu. Undir því er vel hönnuð og lokuð bílageymsla. **V. 31,5 m.** 7179

Girnilegasti lagermarkaður landsins!

KORPU OUTLET

Fylgstu með okkur á Facebook!

LANGAR ÞIG Í SKÓ?

GORE-TEX®

GORE-TEX®

ATHUGIÐ • NÝTT • KORTATÍMABIL!

Ráðandi - auglýsingastofa ehf.

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Boardwalk Empire, Entourage og Sons of Anarchy eru í uppáhaldi núna. Ég sakna Sex and the City mjög mikið og óska eftir stelpuþætti með svipuðu sniði á skjáinn aftur.“

Andrea Magnúsdóttir, fatahönnuður og eigandi búðarinnar Andrea Boutique.

Bresk hljómsveit rænd á Bakkusi

„Ránið var svo leiðinlegt þar sem það varpaði skugga á annars frábæra ferð til Íslands,“ segir Rob Yunioshi, forsprakki hljómsveitarinnar Yunioshi.

Yunioshi var stödd hér á landi í síðustu viku þegar Iceland Airwaves-hátíðin fór fram í miðborg Reykjavíkur og var hljómsveitin rænd á meðan hún kom fram á skemmtistaðnum Bakkusi. „Sumir hlutirnir sem voru teknir höfðu tilfinningalegt gildi fyrir okkur. Annað þurftum við að nota til að komast heim daginn eftir,“ segir Yunioshi.

Á meðal þess sem var stolið voru vegabréf, myndavél, peningar, símar og krítarkort. „Töskurnar sem geymdu hlutina voru líka í miklum metum hjá okkur,“ segir Yunioshi, en hópnum tókst að komast heim til Bretlands þrátt fyrir vegabréfaleysið. „Ferðin á lögreglustöðina var afar hjálpleg. En þetta gerðist aðfaranótt sunnudags þannig að breska sendiráðið var lokað. Við þurftum því að treysta á lögregluna á Keflavíkurflugvelli, Iceland Express og bresk yfirvöld til að komast heim.“

Yunioshi segir einn í hópnum hafa munað eftir því að ljósrit hafi verið tekið af vegabréfum þeirra á Kex, þar sem þau gistu. Þau fengu afrit af þeim og gátu notað þau til að komast upp í flugvél og heim. „Það hjálpuðu okkur svo margir að komast heim. Svo hefur ein taskan fundist og eitt vegabréf í Reykjavík, þó að peningarnir, símí og myndavél sem voru í töskunni séu ekki þar lengur. Sá sem fann töskuna bauðst til að senda okkur hana, aftur mikil góðmennska. Við týndum kannski fullt af dóti en við munum ávallt eiga góðar minningar eftir tíu frábæra daga með hljómsveitinni Bloodgroup. Við sáum marga fallega staði á Íslandi og hittum æðislegt fólk í Reykjavík.“

- afb

GÓÐ FERÐ ÞRÁTT FYRIR RÁN Rob Yunioshi og félagar skemmtu sér vel á Íslandi þó að ferðin hafi ekki endað sem best.

VÍÐDIRNAR SJÖ PRUFUKEYRÐAR Eyþór og félagar prófuðu bíóið í gær og skemmtu sér konunglega í hamaganginum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EYÞÓR GUÐJÓNSSON: LOKAHÖND LÖGÐ Á SKEMMTIGARÐ Í SMÁRALIND

Fyrsta sjóvíddarbíó heims

„Sætin hreyfist ekki bara upp og niður, heldur líka til hliðar — allt upp í 200 hreyfingar á sekúndu,“ segir Eyþór Guðjónsson, framkvæmdastjóri Skemmtigarðsins sem rís nú í vetrargarði Smáralindar.

Fyrsta sjóvíddarbíó heims verður á meðal tækja í Skemmtigarðinum, en slík bíó hafa áður aðeins boðið upp á sex víddir. Sýningin er blanda af atriði úr kvikmynd og tölvuleik. Hún fer þannig fram að gestir setja á sig þrívíddargleraugu og spenna á sig belti. Vindur blæs á gesti meðan á sýningu stendur ásamt því að þeir munda byssur og taka þannig þátt í atburðarásinni. „Allir sem eru í bíóinu geta keppt hver við annan og líka saman sem lið. Að berjast við óvini,“ segir Eyþór.

En hvernig stendur á því að fyrsta sjóvíddarbíó heims verði á Íslandi?

„Við vorum bara fyrst til að panta þetta. Núna heyri ég á þeim að þeir anni ekki eftirspurn í framleiðslu. Þetta er greinilega nýja æðið í skemmtigörðum í dag.“ Eyþór bætir við að tvær myndir verði í boði í bíóinu í einu og að þeim verði skipt út reglulega.

Skemmtigarðurinn opnar í Smáralind í byrjun nóvember og er óðum að taka á sig mynd. 20 gámar af leiktækjum hafa verið fluttir til landsins og tugir iðnaðarmanna vinna að uppsetningunni ásamt ráðgjöfum hvaðan af úr heiminum og öðrum sem tengjast opnunni. „Síðustu gámarnir eru að lenda í þessari og næstu viku. Nú er verið að leggja lokahönd á smíðina,“ segir Eyþór.

Framkvæmdir við Skemmtigarðinn í Smáralind hófust í júlí. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í sumar verður meira en 500 milljónum króna varið í verkefnið. Milligólf hefur verið byggt yfir Vetrargarðinn og verður Skemmtigarðurinn því rekinn á rúmlega 2.000 fermetra svæði á tveimur hæðum. Skemmtigarðurinn er hannaður af alþjóðlega hönnunarfyrirtækinu KCC, sem hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir hönnun og uppbyggingu innanhússskemmtigarða. „Við völdum þetta fyrirtæki KCC sem þykir fremst á sínu sviði í dag. Þeir trúðu ekki að þetta húsnæði væri laust,“ sagði Eyþór í samtali við Fréttablaðið í sumar.

atlifannar@frettabladid.is

Samningur í San Francisco

Pönksveitin fornfræga Q4U er í þann mund að skrifa undir plötusamning við útgáfufyrirtæki í San Francisco.

„Það á að gefa okkur út á vínYl, sautján lög, bara gömul,“ segir gítarleikarinn Ingólfur Júlíusson. Einnig er líklegt að lögin verði gefin út í stafrænu formi.

Brasilíumenn eru einnig hrifnir af Q4U og kom safnplata með sveitinni út þar í landi í júlí hjá þarlendu útgáfufyrirtæki. Áður hafði eitt lag með henni komið út á annarri safnplötu. Spurður um söguna á bak við bandaríska útgáfusamninginn segir Ingólfur: „Það var náungi í San Francisco sem eignaðist plötu með okkur fyrir mörgum árum. Hann var lengi búinn að vera að reyna að hafa uppi á okkur og fékk loksins samband í gegnum útgáfufyrirtækið okkar í Brasilíu.“

Q4U er með slatta af nýjum lögum á lager og ætlar von bráðar að hefja upptökur á plötu sem kæmi út á næsta ári.

Sveitin spilaði á Airwaves-hátíðinni í fyrsta sinn á Amsterdam á sunnudaginn og voru viðtökurnar góðar. „Það kom pínulítið á óvart hvað það var rosaleg stemning. Þarna voru aðallega útlendingar.“

ÚTGÁFUSAMNINGUR Pönksveitin Q4U er í þann mund að skrifa undir samning við útgáfufyrirtæki í San Francisco.

MYND/AUÐUR VIÐARSDÓTTIR

Auk Ingólfs eru í Q4U þau Gunnþór Sigurðsson á bassa, söngkonan Ellý, trommarinn Guðjón Guðmundsson og Árni Daníel Júlíusson hljómborðsleikari. Næstu tónleikar þeirra verða á pönkhátíð í Kópavogi um næstu helgi.

- fb

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

VÍSIR

N1 kynnir skemmtilegasta tónlistarviðburð ársins

Jólagestir Björgvins 2011

N1 forsalan hefst í dag kl. 10 á N1.is

N1 korthafar geta í dag tryggt sér miða á undan öllum öðrum og þar að auki með 10% afslætti.
Almenn sala hefst á morgun kl. 10 á Miði.is.

sena

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikil aðsókn í karóki

Það var nóg um að vera í miðborg Reykjavíkur um helgina í tengslum við tónlistarhátíðina Iceland Airwaves. Þannig bauðst gestum og gangandi á Kex hostel að fara í karóki en hægt er að fylgjast með því sem fram fór á vefsíðunni Live Project. Kemur í ljós að fjölmörg þekkt andlit spreyttu sig í karóki með misgóðum árangri. Meðal þeirra sem tóku lagið voru Berndsen og Þórunn Antonía sem sungu lagið Toxic með Britney Spears. Strákarnir í Agent Fresco spreyttu sig á laginu Everybody með Backstreet Boys og rapparinn **Emmsjé Gauti** sýndi áður óþekkta tilburði þegar hann söng lag Celine Dion, My Heart Will Go On. Þá heimsótti fréttastofa Stöðvar 2 og Vísis Kexið og söng einum rómi lagið Don't Stop Believing með Journey.

Anna á forsíðu iTunes

Fjallað var um fyrstu sólóplötu tónskáldsins **Önnu Þorvaldsdóttur**, Rhizoma, á forsíðu tónlistarveitunnar vinsælu iTunes þar sem sígild tónlist er til sölu. Platan kom út stafrænt 4. október en verður gefin út í föstu formi 25. október. Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Daníels Bjarnasonar og Caput-hópurinn undir stjórn Snorra Sigfúsar Birgissonar koma við sögu á plötunni. Bandaríska fyrirtækið Innova Recordings gefur Rhizoma út en klassíska útgáfan Naxos dreifir. Anna hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrr á árinu fyrir besta tónverkið, Hrím, sem er einmitt að finna á plötunni.

- mþl, fb

Mest lesið

1. Vopnað rán á Laugavegi: Þekkir þú manninn á myndinni?
2. Lagði sig í hættu við að stela miklu af klósettpappír
3. Fjögur og hálft tonn af hamborgurum seldust á 24 tímum
4. Veist þú um Ólaf Þóri?
5. 17 ára stúlka framvísaði fölsuðum skilríkjum á veitingastað

Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu.
Meðallestur á tölublað, júlí–sept. 2011.

ENGIN VANDAMÁL - BARA LAUSNIR

TOYOTA

Er ekki tími til kominn að smyrja? Ég bara smyr.

Nú er sértilboð á **smurþjónustu** hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.



Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 56473 10/11

20% afsláttur
Sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota á Íslandi í október, m.a. af olíu, síum, rúðuþurrkum og bílaperum.*

15% afsláttur
af vinnu við smurningu.

Komdu í heimsókn.
Við tökum vel á móti þér.

Toyota Kópavogi	Nýbýlavegi 8	200 Kópavogi	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	800 Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	260 Reykjanesbæ	420 6600
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík	577 7080
Bifreiðaverkstæðið Ásinn	Kalmansvöllum 3	300 Akranesi	431 5050
Bílatangi	Suðurgötu 9	400 Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	550 Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	640 Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	700 Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	230 Reykjanesbæ	421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, ljósaperur, rúðuvökvi og frostlögur.